


# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • ÁGÚST 2016



# Stöðug barátta - ný úrræði

Eitt mikilvægasta verkefni sem skattyfirvöld fást við um allan heim er að afla upplýsinga um tekjur og eignir skattaðila. Það sem öðru fremur einkennir því góða skattframkvæmd er þegar skil á upplýsingum eru rétt og skilvirk. Á það jafnt við um upplýsingar frá innlendum aðilum sem og upplýsingar frá erlendum ríkjum um eignir og tekjur skattaðila. Erlend upplýsingaskipti hafa farið sívaxandi frá ári til árs og sjaldan verið mikilvægari.

Á Íslandi fá skattyfirvöld upplýsingar erlendis frá með ýmsum hætti. Að sama skapi afhendir ríkisskattstjóri öðrum ríkjum upplýsingar um þá sem dvelja hér á landi um lengri eða skemmri tíma en kunna að vera skattskyldir erlendis að hluta eða öllu leyti. Hið sama á við um þá sem fá greiðslur frá íslenskum aðilum án dvalar hér á landi. Virk upplýsingaskipti eru þannig hornsteinn að því að unnt sé að veita þeim skattaðilum aðhald sem leitast við að sneiða hjá íslenskri skattalögsögu með því að halda erlendum eignum og tekjum frá vitund íslenskra skattyfirvalda.

Upplýsingaskipti milli landa eru því mikilvæg í öllum skilningi og skipta sífellt meira máli. Þeim má skipta í þrennt; regluleg, tilfallandi og samkvæmt beiðni. Fara þau fram á grundvelli ákvæða í tvísköttunarsamningum, upplýsingaskiptasamningum þar sem kallað er eftir upplýsingum um tilgreindan skattaðila og loks fara þau fram samkvæmt öðrum aðstoðarsamningum. Þar skipta mestu Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, svo og Evrópusamningurinn um sama efni.

Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í miðlun upplýsinga milli ríkja, hvort heldur reglulegum eða samkvæmt beiðni. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hefur beitt sér fyrir gerð staðla um þessi upplýsingaskipti sem eru nú komnir til framkvæmda. Staðallinn samkvæmt beiðni hefur að geyma ákvæði um það hvaða upplýsingar eiga vera til staðar, hvaða upplýsingaheimildir skattyfirvöld þurfa að hafa og hvernig framkvæmd slíkra upplýsingaskipta skuli vera.

Í kjölfar þess að staðallinn náði alþjóðlegri viðurkenningu hóf OECD eftirfylgni á því hvort og hvernig ríki fylgja staðlinum. Nú hafa 134 ríki skuldbundið sig til að fylgja þessum staðli og er athugunum um eftirfylgni lokið hjá þeim flestum. Ríki sem ekki standast skoðun OECD þurfa að gera úrbætur á framkvæmd eða því lagaumhverfi sem gildir á þessu sviði. Í því samhengi má nefna að skýrsla um íslenska framkvæmd var gerð á árinu 2013 og fékk Ísland fyrstu einkunn sem „fully compliant“.

Það er þó ekki aðeins OECD sem skorið hefur upp herör gegn aflandsvæðingunni í krafti aðildarríkja sinna. Einstök ríki hafa einnig farið að eigin frumkvæði fram á þessum vettvangi og eru Bandaríkin þar einna fremst í flokki. Þar í landi hafa verið lögfest svokölluð FATCA lög sem miða að því að leggja víðtækar skyldur á erlendar fjármálastofnanir um upplýsingagjöf vegna peningalegra eigna bandarískra skattaðila.

Á Íslandi hefur verið innleiddur OECD staðallinn um regluleg upplýsingaskipti (Common Reporting Stand-

## TÍUND

ÁGÚST 2016 - BLAÐ NR. 72

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd:

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er á forsiðu Tíundar að þessu sinni. Nánari umfjöllun er á bls. 26.



ard). Jafnframt hefur verið gerður FATCA samningur við Bandaríkin ásamt breytingum á íslenskri löggjöf hvað varðar upplýsingagjöf til ríkisskattstjóra sem m.a. snertir íslensk fjármálafyrirtæki. Við þau upplýsingaskipti mun fjárhagsupplýsingum miðlað á milli landa í gegnum sérstakt lokað kerfi. Allar þessar ráðstafanir lúta að því að styrkja miðlun á upplýsingum milli landa til að ná fram nauðsynlegum forsendum fyrir réttu skattálagningu. Það er þó ljóst af atburðum fyrir á þessu ári að betur má ef duga skal og þar skal nefna að í undirbúningi er hert íslensk löggjöf sem miklu mun skipta við að stemma stigu við undanskotum sem stafa af notkun aflandsfélaga.

Þá er ótalið eitt stærsta skrefið til betri skattskila sem skipta mun miklu á komandi árum, ekki aðeins hér á Íslandi heldur hjá flestum ríkjum. OECD mun á næstunni hefja sérstaka athugun á því hvernig megi afla upplýsinga um raunverulega eigendur aflandsfélaga, svokallaða „beneficial owner“. Markmiðið er að lyfta þeim gamalkunnuga huliðshjálmi sem aflandsráðgjafar hafa brugðið yfir raunverulega eigendur félaga en leynd um eignarhald gefur óheiðarlegum aðilum tækifæri til skattundanskota. Aflandsiðnaðurinn sem rekinn er á sérstökum landsvæðum þar sem leynd hvílir yfir raunverulegum eigendum, hefur þannig getað leynt réttum upplýsingum, einkum fyrir skattfyrvöldum en ugglaut einnig fyrir öðrum. Panamalekinn snemma í vor fletti ofan af einu umsýslufyrirtæki sem virðist hafa árum saman boðið upp á þá þjónustu að fela eignarhald. Ef áætlanir OECD ganga eftir munu slíkar feluráðstafanir ekki verða sú söluvara sem hún hefur verið hingað til enda munu slík umsýslufyrirtæki ekki geta veitt viðskiptamönnum sínum þá leynd sem þeir hafa sóst eftir. Eftirspurnin mun því væntanlega minnka og



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Guðrún Jenný Jónsdóttir**  
sviðsstjóri alþjóðsamskipta

þar með mun slík starfsemi eiga erfiðara með að halda uppi sömu umsvifum og verið hefur fram til þessa.

Áætlun OECD er metnaðarfull og gríðarlega mikilvæg þar sem nú á að reyna til þrautar að ganga á milli bols og höfuðs á því felukerfi sem aflandsskjólin hafa þróað á undanförunum árum. Aðaláherslan verður lögð á upplýsingar um hina réttu eigendur og að skattfyrvöld um allan heim hafi að þeim nauðsynlegan aðgang.

Ríkisskattstjóri bindur miklar vonir við að með hinum nýju reglum og breytti framkvæmd, ásamt því virka eftirliti sem OECD hefur í hyggju að halda uppi, muni takast að draga upp úr huliðspökunni sem umlykur aflandsbælin, nauðsynlegar upplýsingar til að leggja rétta skatta á hlutaðeigandi eigendur aflandsfélaga. Það er sannarlega eitt af mikilvægustu verkefnum sem OECD hefur beitt sér fyrir og skattfyrvöld um allan heim fagna.

<b>Leiðarinn</b> .....	<b>2</b>
<b>Nýjungar í álagningu</b> .....	<b>4</b>
<b>Skattskylda erlendra þjónustufyrirtækja</b> .....	<b>8</b>
<b>Tímamörk ríkisskattstjóra til endurákvörðunar</b> ....	<b>10</b>
<b>Fjölbreytt fræðsla</b> .....	<b>26</b>
<b>Annáll nútíma skattasögu 1840–1965</b> .....	<b>28</b>
<b>Skipting fyrirtækja eftir rekstri, hagnaði, tekjuskattsstofni og eignastöðu</b> .....	<b>32</b>
<b>Niðurfærsla verðbréfaeignar</b> .....	<b>34</b>

<b>Stofnun ársins 2016</b> .....	<b>36</b>
<b>Álagning einstaklinga 2016</b> .....	<b>38</b>
<b>Hugsað upphátt um skattamál</b> .....	<b>60</b>
<b>Staðgreiðsla</b> .....	<b>62</b>
<b>Sóknarfæri í skattframkvæmd</b> .....	<b>63</b>
<b>Áætlanir einstaklinga</b> .....	<b>66</b>
<b>Bindandi álit</b> .....	<b>68</b>
<b>Dómar Hæstaréttar</b> .....	<b>70</b>
<b>Upplýsingatafla RSK</b> .....	<b>72</b>

# Nýjungar í álagningu

## Álagningin - fastir liðir eins og venjulega

Í fjölmörg ár hefur álagning opinberra gjalda á einstaklinga verið um mánaðamót júlí og ágúst ár hvert. Þegar rýnt er í sögulegar heimildir er ljóst að það tímamark hefur verið við lýði nánast frá því að skatt-

Það var einnig föst venja að álagning einstaklinga og lögaðila fylgdist að en frá árinu 1998 hefur álagning lögaðila verið síðar á ferðinni ár hvert og verður vikið að því atriði síðar í greinarkorni þessu. Nú er svo komið að framvegis verður álagning á einstaklinga með öðrum hætti en hingað

koma því síðan til ríkisskattstjóra. Þótt flestir einstaklingar og lögaðilar sinni lögboðnum skyldum sínum á réttum tíma er þó alltaf nokkur hópur sem ekki stendur skil innan tilskilins frests. Þeir aðilar geta þó skilað kæruframtali og fengið úrlausn sinna mála fljótlega eða að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests. Erfiðastur er þó sá hópur sem aldrei skilar skattframtali og sætir áætlun gjaldastofna án leiðréttingar, sumir hverjir árum saman. Þeim er væntanlega alveg sama um það hvenær álagningin er.

”

Álagningin er ekki aðeins ákvörðun um hversu mikið hver skattaðili skuli greiða í opinber gjöld eða fá endurgreitt af þegar innheimtri staðgreiðslu, heldur er hún einnig uppgjör og úttekt á því hvernig tekjur, eignir og velta þróast í samfélaginu og hvernig hún skiptist á milli atvinnugreina

## Breytt framkvæmd á álagningu einstaklinga

Álagningin hefur verið eins og fastur þáttur í tilverunni fyrir fagaðila í framtalsskilum og að þessu hefur verið gengið ár hvert. Ugglaust finnst einhverjum að þetta sé eitthvað sem alltaf hafi verið og breytingar þar á séu fjarlægjar en álagningin og fyrirkomulag hennar er einn þeirra verkþátta í skattframkvæmdinni sem á verða breytingar eins og á við um annað verklag. Álagningin er ekki aðeins ákvörðun um hversu mikið hver skattaðili skuli greiða í opinber gjöld eða fá endurgreitt af þegar innheimtri staðgreiðslu, heldur er hún einnig uppgjör og úttekt á því hvernig tekjur, eignir og velta þróast í samfélaginu og hvernig hún skiptist á milli atvinnugreina. Með öðrum orðum er álagningin upplýsingabrunnur um hagstærðir og hvernig þjóðfélaginu miðar áfram. Það skiptir alla hagstjórn í landinu miklu máli að þessar upplýsingar liggi fyrir sem fyrst.

Margsinnis hefur komið til tals á undanförunum árum að flýta álagningu einstaklinga svo unnt sé að komast hjá því að tilkynna um niðurstöðu álagningar á helsta sumarleyfistíma landsmanna. Það er því mikið gleðiefni að svo hefur tekist á þessu ári. Sú breyting er að ýmsu leyti rökrett framhald á þeirri byltingu í opinberri stjórnsýslu hér á landi sem ríkisskattstjóri

stjórar hófu störf snemma á síðustu öld. Svo fast hefur það verið í þjóðarsálinni að taka á móti álagningunni í júlílok að fáu er þar saman að jafna. Þegar skattstjórar lögðu fram skattskrár, eins og álagningar-skrárnar voru nefndar á þeim tíma, fóru fjölmargir í biðröð til að fá upplýsingar um niðurstöður álagningarinnar og hversu mikið þeir þyrftu að greiða síðari hluta ársins. Þá voru öll gjöld álögð eftir, þ.e. á árinu eftir að tekjuárinu lauk. Ef tekjurnar höfðu aukist hækkaði greiðsluskyldan síðari hluta ársins. Miklu skipti þá framteljendur að tekjurnar héldust stöðugar á greiðsluárinu, ella skapaðist misræmi og skattgreiðslurnar gátu orðið svo háar að allar ráðstöfunartekjur seinna árið fóru í að greiða álagðan skatt vegna fyrra ársins. Einmitt af þessum ástæðum var drifið í því að koma staðgreiðslu opinberra gjalda á, svo spornað væri við því misvægi sem ella var hætta á að gæti myndast.

til. Birting álagningar hefur farið fram í lok júlí, lengst af 31. þess mánaðar, en álagningu lögaðila hefur verið lokið 31. október síðasta hálfan annan áratuginn eða rúmlega það. Bæði einstaklingar og lögaðilar hafa fengið niðurstöður álagningar í einu lagi og á sama tíma hvor fyrir sig, að því skilyrði uppfylltu að framteljendur hafi staðið skil á skattframtali sínu á viðeigandi tíma. Þeir sem ekki hafa staðið skil á skattframtali innan tímamarka þurfa að sæta áætlun skattstofna við álagninguna.

Allur gangur er raunar á því hvenær framteljendur standa skil á skattframtali eða staðfesta. Langflestir einstaklingar eru tímanlega á ferðinni og í fjölmörgum tilvikum þarf ekki annað en að staðfesta framtalið þar sem allar fjárhagsupplýsingar eru áritaðar inn á það. Þetta hefur verið talinn mikill tímasparnaður fyrir framteljendur enda skiptir miklu að þurfa ekki að annast útfyllingu framtalsins og



Halla G. Jónsdóttir starfar við yfirferð framtala einstaklinga.

hefur staðið fyrir á undanförunum árum með því að rafvæða framtalsskil og búa skattframtöl þannig úr garði að inn á þau sé búið að færa allar þær upplýsingar sem ríkisskattstjóra eru sendar á grundvelli 92. gr. tekjuskattslaga. Handfærðar upplýsingar inn á framtöl og nákvæm yfirferð þeirra til að sporna við villum heyrir nú sögunni til. Því til viðbótar er nú einnig þannig búið um hnútana að framteljendur geta séð útreikning gjalda, reyndar þó með fyrirvara um endanlega niðurstöðu álagningar, auk þess sem stór hluti framtala er þannig að framteljandi þarf ekki að gera annað en að samþykkja framtalið. Þessi mikli árangur hefur kallað á auknar umræður og vangaveltur ár hvert hvort ekki sé unnt að ljúka álagningu einstaklinga fyrir.

Með sjónarmið hagstjórnar í huga og þarfir framteljenda var ráðist í það verkefni að flýta álagningu opinberra gjalda frá því sem áður var og voru tímamörk álagningar einstaklinga færð fram um einn mánuð. Sú vinna gekk ótrúlega vel og ekki er ósennilegt að önnur svipuð skref muni verða stigin að fáum árum liðnum, annað hvort að færa álagninguna enn framar eða hafa alla álagningu eftir hendinni þegar framtöl eru staðfest.

Flýting álagningar var þó flóknara verkefni en við fyrstu sýn virtist. Það er svo að álagning opinberra gjalda er sam-

starfsverkefni margra stofnana og ýmissa annarra aðila og er flókin tæknileg vinnsla þar sem taka þarf tillit til fjölda þátta hjá ýmsum stofnunum. Eitt af því sem þurfti að gera var ákvarða nýtt ferli á skattlagningu bótaþega og taka um leið tillit til þess að endurreikna þarf bætur ár hvert að loknu almanaksári. Ríkisskattstjóri og

áritunarupplýsingar sem grundvöll að endurreikningi bóta. Það hafði í för með sér að áritunarupplýsingar frá TR voru sendar eftir leiðréttingu og þurfti því ekki að endurvinnna þær. Fyrir viðskiptavinum beggja stofnana er þetta ótvírætt mikið hagræði sem var um leið mjög vinnusparandi.

”

Ríkisskattstjóri og Tryggingastofnun ríkisins tóku upp viðræður um hvernig unnt væri að breyta verklagi til að endurreikna ákvarðaðar bætur fyrir og að þær breytingar yrðu komnar inn á skattframtöl áður en þau væru opnuð til samþykktar

Tryggingastofnun ríkisins tóku upp viðræður um hvernig unnt væri að breyta verklagi til að endurreikna ákvarðaðar bætur fyrir og að þær breytingar yrðu komnar inn á skattframtöl áður en þau væru opnuð til samþykktar. Samspil bóta og skattlagningar þeirra er viðkvæmt ferli og kallaði á nýtt og breytt verklag. Niðurstaðan varð sú að afhenda TR svokallaðar

Skattframkvæmdin hefur á undanförunum áratug eða tæplega það gengið í gegnum mikla endurnýjun. Verkerlar hafa verið endurskoðaðir og einfaldaðir og mun meiri áhersla er nú lögð á þjónusta og að liðsinna viðskiptavinum RSK. Flýting álagningar opinberra gjalda er af þessum meiði. Það skiptir stóran hóp landsmanna miklu að fá sem fyrst endurgreiðslu of-



Efri mynd: Haraldur Hansson er starfsmaður álagningarhóps á tæknisviði.

Neðri mynd: Hildur Eysteinsdóttir við yfirferð einstaklingsframtala.



ekki var óalgengt að afgreiðslunnar væri beðið upp undir eitt ár og stundum meira en það. Með „nýju“ skattalögunum nr. 40/1978 jókst erindafjöldinn mjög og afgreiðslutíminn lengdist einnig hlutfallslega. Allri afgreiðslu erinda hefur verið hraðað mjög á síðustu árum og tekist að stytta afgreiðslutíma þeirra umtalsvert.

Stytting vinnslutíma hefur náð fram að ganga með því að breyta verkferlum, taka upp nýja tækni og endurmeta vinnubrögð og þannig hefur smám saman mótast skilningur á því að leggja meiri áherslu á þjónustuhlutverk ríkisskattstjóra í þessu samhengi. Í flestum tilfellum hefur á síðustu árum tekist að halda afgreiðslutíma kæra innan þeirra marka sem skattyfirvöldum er ætlaður til slíkrar embættisfærslu.

### Upplýsingar úr framtölum vegna hagstjórnar - tilefni breytinga

Upplýsingar úr skattframtölum, bæði einstaklinga og lögaðila, eru mikilvæg gögn í almennri hagstjórn. Skattframtöl veita marktækar upplýsingar um það hvernig ástandið er í samfélaginu og hver sé þróun eigna, tekna og gjalda. Upplýsingarnar sem framtölin hafa að geyma eru eftirsóttar og þar til bærir aðilar bíða með óþreyju eftir þeim til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Það verður að játast að í ljósi þess hve efnahagslífið á Íslandi hefur verið kvíkt á undanföllum árum er mun meira horft til þeirra upplýsinga sem fást úr skattframtölum heldur en áður var og jafnframt eru óskir um að upplýsingar séu afhentar fljótt í tilteknu formi en vitaskuld án þess að þær séu persónugreinanlegar.

Það varð úr að færa álagningartíma einstaklinga fram. Eftir stendur álagning lögaðila sem þarf að færast fram en nú er. Það getur ekki gengið lengur að hagstjórnin í landinu þurfi að bíða mánuðum saman eftir að fá niðurstöður álagningar á lögaðila, einkum þegar haft er í huga að mikill fjöldi ársreikninga fyrirtækja er þegar tilbúinn.

Tímamörk álagningar lögaðila þurfa því að breytast og verða fyrir eða a.m.k. hjá hluta þess hóps. Á árinu 1993 hófst vinna við gerð svonefnds staðlaðs rekstrarframtals sem þá hafði staðið til í nokkur ár. Þegar slíku framtali var

tekinnar staðgreiðslu og útborgun bóta. Flýting álagningar hefur einnig haft áhrif hjá endurskoðendum og bókurum og kallaði á breytt verklag af þeirra hálfu.

### Eldra fyrirkomulag

Það er ágætt að hafa hugfast að margt á sér sögulegar skýringar og alltaf eru ástæður fyrir einstökum ákvörðunum sem oft standa og sæta ekki breytingum – stundum af því að enginn veit forsendur þeirra.

Verklag allt við vinnslu álagningar hefur breyst mjög á liðnum árum. Miklar annir voru hjá endurskoðendum og bókurum við að aðstoða einstaklinga við framtalsskilin. Þetta hefur allt breyst mjög á síðustu árum, rafrænu framtölin mörkuðu tímamót og vinnulagið tók

mið af því. Hluti af mikilli breytingu sem gerð var eftir að störf skattstjóra voru felld undir ríkisskattstjóra var að taka vinnubrögð við kærufreiðslu til endurskoðunar. Tók hún oft á tíðum langan tíma, í einstaka tilfellum jafnvel meira en ár, og hún gat verið mismunandi eftir skattumdæmum.

Hið sama á einnig við um afgreiðslu á svokölluðum skatterindum. Með því er m.a. átt við að þeim framteljendum sem misstu af því að senda inn framtöl á réttum tíma eða í kærufresti gafst kostur á að óska eftir breytingum á álagningu opinberra gjalda eða breytingum á einstökum liðum framtals þótt kærufrestur væri liðinn. Afgreiðsla skatterinda gat reyndar á stundum tekið langan tíma og

Nýtt viðmót  
álagningarseðils  
einstaklinga var tekið í  
notkun í ár.

Útskráning

Leiðbeiningar

Almennt Framtal Vefskil Samskipti

Netframtal

- Framtal
- Framtöl fýri ára
- Framtal barns
- Bráðabirgðaútreikningur
- Ársreikningur

Afrit

- Staðfest afrit framtals
- Álagningarseðill
- Útsvar

Leiðréttingar

- Beiðni um leiðréttingu
- Viðbótargögn

Útskráning

### Álagningarseðill

Til að prenta út álagningarseðilinn er best að opna **PDF skjal hér**

Niðurstaða Álagning Innheimta Niðurstaða maka Álagning maka Innheimta maka

Samandregin niðurstaða álagningar

## Skuld að fjárhæð 27.364 kr.

Niðurstaðan sundurliðast þennig:

	Til greiðslu/ Útborgunar	Barnabætur til Útborgunar	Samtals
1. júlí og eldri	16.432		16.432
1. ágúst	5.468		5.468
1. september	5.468		5.468
1. október			
1. nóvember			
1. desember			

Skattgreiðslur þínar í álagningu 2016:

þar af greitt til sveitarfélaga:	962.088
þar af greitt til ríkisins:	1.002.386

Skattar til sveitarfélaga 49.0%  
Skattar til ríkisins 51.0%

Ákvarðaðar bætur til þín frá ríkinu:

Barnabætur:	0
Vaxtabætur:	0

skilað í fyrsta skipti á árinu 1998 var tekin ákvörðun um að seinka framtalsskilunum til haustmánaða það ár á grundvelli bréfs ríkisskattstjóra hinn 26. maí 1998. Meginforsenda seinkunarinnar var að endurskoðendur töldu að byrjunarörðugleikar við innleiðingu staðlaðs rekstrarframtals gerðu að verkum að ekki myndi takast að skila skattframtölum lögaðila á sama tíma og verið hefði. Ári síðar voru enn erfiðleikar og þröng tímamörk gerðu það að verkum að aftur var ákveðið að fresta framtalsskilum lögaðila um sinn sem ríkisskattstjóri gerði með bréfi hinn 17. maí 1999. Smám saman festist þessi frestun í sessi og ríkisskattstjóri hefur ekki fært álagninguna til fyrra horfs þótt því hafi margsinnis verið hreyft við endurskoðendur og aðra fagaðila að til slíks gæti komið, m.a. í ljósi tækniframfara.

### Lokaorð

Á síðustu árum hefur það komið æ skýrar í ljós, svo sem fyrr hefur verið rakið, að brýnt er að ljúka álagningu lögaðila fyrir,

”

Brýnt er að ljúka álagningu lögaðila fyrir, einkum hinna stærri, enda verður að telja að megin niðurstöður í rekstraruppgjöri langflestra stærri lögaðila liggja fyrir löngu áður en álagning fer fram

einkum hinna stærri, enda verður að telja að megin niðurstöður úr rekstraruppgjöri langflestra stærri lögaðila liggja fyrir löngu áður en álagning fer fram. Ríkisskattstjóri hefur því á undanförunum tveimur árum rætt þá möguleika við stjórn og starfsmenn Félags löggiltra endurskoðenda að endurmeta skilafresti á lögaðilaframtölum með það fyrir augum að álagningu þeirra ljúki fyrir en verið hefur og fyrirjafnanlegt er að breytingar séu óhjákvæmilegar á næstu misserum. Við slíkar breytingar mun ríkisskatt-

stjóri kappkosta að eiga gott samstarf við fagaðila til að unnt verði að ná samkomulagi um það með hvaða hætti samstarfsaðilar geta mætt þeim kröfum um að upplýsingar úr skattframtölum verði aðgengilegar í hagstjórnarskyni fyrir en verið hefur. Æskilegast er að breyta vinnufyrirkomulagi við uppgjör á stærstu fyrirtækjunum þannig að unnt verði að ljúka framtalsskilum um leið og ársreikningur er saminn og samþykktur af stjórn og aðalfundi eða með öðrum hætti. ■



# Skattskylda erlendra þjónustufyrirtækja



**Elín Margrét Þráinsdóttir**  
eftirlitssviði

Fréttir af miklum uppgangi í byggingar- iðnaði eru orðnar æ algengari í íslenskum fjölmiðlum. Stjórnámálemenn keppast við að koma fram með yfirlýsingar um að nú sé allt á hraðri uppleið í íslensku samfélagi en sumir hafa þó áhyggjur af því að við séum að stefna í nýtt tímabil sem kennt hefur verið við árið 2007. Við sem búum á höfuðborgarsvæðinu þurfum ekki annað en að líta út um gluggann og hvert sem litid er má sjá háa byggingarkrana sem rísa upp úr byggðinni. Mikið hefur verið fjallað um það undanfarið að hér sé allt að fyllast af erlendu vinnuafli og ekki séu allir endilega að fara eftir bókinni í þeim efnum. Af þessu tilefni þykir við hæfi að rifja upp þær reglur skattlaganna sem gilda þegar íslensk fyrirtæki ráða hingað til lands erlenda verktaka til að taka að sér smærri og/eða jafnvel stærri verkefni. Þó skal hafa í huga að hér verður ekki tekið á þeim reglum sem gilda þegar erlend þjónustufyrirtæki mynda fasta starfsstöð hér á landi eða þegar um starfsmannaleigur er að ræða.

## Erlend þjónustufyrirtæki

Erlendir aðilar sem koma hingað til lands og fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi á Íslandi eru skattskyldir af þeim tekjum hér á landi, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skiptir þar ekki máli hvort um einstakling eða fyrirtæki sé að ræða. Þá eru starfsmenn þessara

fyrirtækja jafnframt skattskyldir hér á landi, sbr. 1. tl. tilvitnaðrar lagagreinar.

Ísland hefur gert 36 tvísköttunarsamninga við 40 ríki og eru öll helstu viðskiptaríki Íslands þar á meðal og flest ríki EES svæðisins. Tilgangur tvísköttunarsamninganna er margs konar en þó eiga þeir fyrst og fremst að koma í veg fyrir alþjóðlega tvísköttun, þ.e. að sömu tekjurnar séu ekki skattlagðar tvisvar sinnum hjá sama aðila. Samningsríki eru búin að skipta með sér skattlagningarrétti hinna ýmsu tekna sem þar eru teknar fyrir. Sumar tekjur eru skattlagðar í heimilisfestisríki móttakanda greiðslunnar á meðan aðrar eru skattlagðar í upprunaríki greiðslunnar. Þá eru einhverjir flokkar tekna sem má skattleggja í báðum ríkjum, en þó gengur annað ríkið framur í skattlagningunni og ber hinu ríkinu þá að taka tillit til þess þegar það skattleggur umræddar tekjur. Hafa verður í huga að engir tveir samningar eru eins og þarf því að líta á hvern og einn þeirra fyrir sig. Allir tvísköttunarsamningarnir sem Ísland hefur gert eiga það þó sammerkt að verktakar sem heimilisfastir eru í öðru samningsríkinu og eru ekki álitnir með fasta starfsstöð í hinu samningsríkinu, skulu einungis greiða skatt af þeim tekjum sem þeir afla á Íslandi í sínu heimilisfestisríki. Undanþága sem þessi er þó ekki sjálfgefin, heldur þurfa aðilar að stíga fram gagnvart íslenskum skattyfirvöldum og sækja um hana. Með-



fylgjandi undanþágubeiðni skal vera vottorð frá þar til bæru erlendu skattfyri- valdi um fulla og ótakmarkaða skattskyldu aðilans í heimilisfestisríkinu auk þess sem leggja þarf fram afrit af undirrituðum verk- samningi sem hinn erlendi aðili hefur gert við íslenskan verkkaupa.

Fái þjónustufyrirtæki ekki undan- þágu hér á landi frá skattgreiðslum þá ber honum að greiða skatt sbr. ákvæði 3. tl. 70. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Er skatthlutfallið frá 20% til 36% og stjórnast það af félagasformi viðkomandi aðila.

## Starfsmenn þjónustufyrirtækjanna

Eins og fram hefur komið hér að framan eru starfsmenn erlendu þjónustufyrir- tækjanna skattskyldir hér á landi. Fer skattskylda þeirra alfarið eftir því hversu lengi umræddir starfsmenn dvelja hér á landi, þ.e. hvort dvöl þeirra er styttri eða lengri en 183 daga á 12 mánaða tímabili:

1. Þeir sem dvelja hér á landi lengur en 183 daga á 12 mánaða tímabili bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og ber þeim því að greiða skatt hér á landi af öllum sínum tekjum og eignum, sama hvaðan þær koma.
2. Þeir einstaklingar sem hins vegar dvelja hér á landi skemur en sem nemur 183 dögum á 12 mánaða tímabili eru skattskyldir hér á landi skv. 1. tl. 3. gr. ofangreindra tekju- skattslaga og greiða þeir því eingöngu skatt hér á landi af þeim tekjum sem þeir afla vegna vinnu sem innt er af hendi á Íslandi.

Ákvæði tvísköttunarsamninga ná einnig yfir skattgreiðslur einstaklinga af tekjum sem þeir afla vegna atvinnu sinnar. Allir tvísköttunarsamningarnir sem Ísland hefur gert eru mjög sambærilegir hvað þetta varðar. Meginreglan er sú að ein- staklingur greiðir einungis skatt í því ríki sem hann er heimilisfastur nema vinnan sé innt af hendi í hinu samningsríkinu. Þá má það samningsríki skattleggja tekjurnar.

Þó er undanþága frá þessu í þremur liðum og þurfa þeir allir að vera uppfylltir;

1. dvelji einstaklingur skemur en 183 daga á 12 mánaða tímabili í vinnurík- inu, og
2. endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í vinnuríkinu og

3. endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð sem vinnuveitand- inn hefur í vinnuríkinu.

Séu öll þessi skilyrði uppfyllt helst skatt- skyldan í heimilisfestisríki starfsmannsins óháð því hvar vinnan er innt af hendi. Nóg er að eitt skilyrðanna sé ekki upp- fyllt til að skattskyldan sé í vinnuríkinu og miðast hún þá frá og með fyrsta vinnudegi.

Fari svo að einstaklingur sem kemur hingað til lands á vegum erlends þjón- ustufyrirtækis, í skemmri tíma en 183 daga á 12 mánaða tímabili, telst hann vera skattskyldur hér á landi og ber honum þá að greiða skatt skv. ákvæðum 1. tl. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekju- skatt, sbr. og eftir ákvæðum 2. mgr. 69. gr. tekjuskattlaganna. Hið sama gildir dvelji hann lengur en 183 daga hér á landi á 12 mánaða tímabili. Sé hann hins vegar skattskyldur hér á landi allt tekjuárið reiknast tekjuskattur hans skv. 1. mgr. 66. gr. laganna og persónuafsláttur skv. A-lið 67. gr. laganna.

”

...ábyrgð íslenskra aðila sem fá erlenda verktaka til starfa er mikil og í raun má segja að hún sé mun meiri en þegar innlendir verktakar eru ráðnir

## Ábyrgð íslensks verkkaupa

Ábyrgð íslenskra verkkaupa sem kaupa þjónustu frá erlendum aðilum sem innt er af hendi hér á landi er mikil. Fái erlendur aðili ekki samþykkt undanþágu skv. tví- sköttunarsamningi eða komi hann frá ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunar- samning við skal hinn íslenski verkkaupi halda eftir staðgreiðslu af þeim reikningi sem hefur verið sendur. Tekjuskattshlutfall erlendra einstaklinga sem inna af hendi þjónustu hér á landi er 20% auk meðal- útsvars eins og það er ár hvert, sbr. IV kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitar- félaganna, fyrirtæki með takmarkaða ábyrgð greiða 20% tekjuskatt og fyrirtæki með ótakmarkaða ábyrgð greiða 36% tekjuskatt, sbr. 3. tl. 70. gr. ofangreindra tekjuskattslaga.

Samkvæmt A-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, fellur tekjuskattur manna og ann- ara aðila sem skattskyldir eru m.a. skv. 3.

tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt undir gildissvið tilvitnaðra laga. Greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og getið er m.a. um í 3. tl. tekjuskattlaganna teljast til launa, sbr. 6. tl. 5. gr. laganna og aðilar sem greiða laun skv. þeirri grein teljast launagreiðendur í skilningi 7. gr. sömu laga.

Launagreiðendur skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega það fé sem þeir hafa haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar skv. ákvæðum 15.-17. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. staðgreiðslulaganna. Eins og í annarri staðgreiðslu er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar, sbr. 3. mgr. ofangreindrar 20. gr. Um álag og dráttarvexti fer eftir 28. gr. laganna. Skila- grein vegna umræddrar staðgreiðslu má finna á þjónustuvef ríkisskattstjóra og er eingöngu hægt að skila henni rafrænt.

Sé umræddum skilagreinum ekki skilað og skattur ekki greiddur getur ríkisskatt- stjóri á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, óskað eftir því að lögregla stöðvi

atvinnurekstur viðkomandi, með því að innsigla starfsstöð, skrifstofur, útibú, tæki og vörur þar til full skil hafa verið gerð.

Hafi erlendur verktaki fengið sam- þykkt undanþágu ber hinum íslenska verkkaupa engu að síður að upplýsa ríkis- skattstjóra um umrædda greiðslu og er það gert á sama eyðublaði og staðgreiðslu er skilað. Munurinn er sá að hinn erlendi aðili hefur verið skilgreindur sem undan- þeginn í kerfum ríkisskattstjóra og þ.a.l. mun staðgreiðsla ekki reiknast á greiðslur til hans.

Með vísan til þess sem að ofan hefur verið ritað er ljóst að ábyrgð íslenskra aðila sem fá erlenda verktaka til starfa er mikil og í raun má segja að hún sé mun meiri en þegar innlendir verktakar eru ráðnir. Mikilvægt er að vera vakandi yfir þeim reglum sem eru í gildi þar sem það er jú okkar allra hagar að réttur skattur skili sér í ríkissjóð. ■

# Tímamörk ríkisskattstjóra til endurákvörðunar

## Dómar um 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt

Sigmundur Stefánsson lögfræðingur hefur starfað í 41 ár við skattframkvæmd, lengst af sem skattstjóri Reykjanesumdæmis, en nú sem sviðsstjóri atvinnurekstrarsviðs ríkisskattstjóra frá sameiningu 1. janúar 2010. Hann hefur tekið saman greinargott yfirlit yfir ágreining um tímamörk endurákvörðana ríkisskattstjóra út frá 2. mgr. 97. gr. tsl. Í því efni er ekki horft til úrskurða yfirskattanefndar heldur einungis litið til dómaframkvæmdar og gerð grein fyrir málsatvikum og þeim upplýsingum í framtalsgögnum sem dómstólarnir þurftu að meta hvort fullnægjandi teldust í skilningi fyrrnefndrar lagagreinar.

### I

#### Inngangur

Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, varð gagnger uppstokkun á uppbyggingu laga um tekjuskatt og eignarskatt sem haldist hafði lítt breytt allt frá árinu 1921. Auk framsetningar og einfaldari skipan málsmeðferðarreglna var efnisreglum breytt töluvert einkum hvað snertir atvinnurekstur (söluhagnaðarreglur, verðbólguþrengingsskil, reiknað endurgjald o.fl.).

Með lögunum voru tímamörk skatt-yfirvalda til endurákvörðunar opinberra gjalda þrengd við tiltekna aðstæður, sbr. 2. mgr. 97. gr. greindra laga, og er hún enn óbreytt í sömu grein laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, (tsl.): „Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvörða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág.“ Meginreglan um 6 ára endurupp-tökuheimild hélt sér hins vegar í 1. mgr. 97. gr. tsl. (áður 1. mgr. 38. gr. laga nr.

68/1971). Í athugasemdum við 2. mgr. 97. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 40/1978 kemur fram að í þessu laganý-mæli felist „að frestur til endurupp-töku er stytur ef ástæðan fyrir henni er ófullnægjandi skoðun skattstjóra á framtali og fylgigögnum þess en ekki ófullnægjandi upplýsingar skattaðila.“ Einnig er tekið fram að málsgreinin eigi aðeins við „ef upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, koma beinlínis fram í framtali eða fylgigögnum þess, en 1. mgr. gildir ef þessi gögn eru ófullnægjandi enda þótt skattstjóra hefði mátt vera ljóst fyrr að eitthvað var athugavert við framtalið“. (Alþt. 1977-1978, A-deild, bls. 2582). Um skýringu á þessu lagaákvæði hafa gengið nokkrir dómar Hæstaréttar Íslands sem verða reifaðir hér á eftir. Þá hafa gengið fjölmargir úrskurðir bæði ríkis- og yfirskattanefndar um túlkun á 2. mgr. 97. gr. tsl. Ekki verður fjallað um þá úrskurði heldur einungis litið til dómaframkvæmdar og gerð grein fyrir málsatvikum og þeim upplýsingum í framtalsgögnum sem meta þurftu hvort fullnægjandi teldust í skilningi 2. mgr. 97. gr. tsl. Ekki skal fullyrt hvort tekist hafi að fanga alla dómara, sem var ætlunin, en tveimur þeirra eru ekki gerð skil þ.e. nr. 607/2013 og 211/2015 enda samkynja dómum nr. 606/2013 og 210/2015.

### II

#### Dómareifanir

Fyrst verður getið þriggja dóma sem skera sig nokkuð úr seinni dómum. Því næst koma dómar vegna eftirlaunaskuldbindinga, skiptingar eða sameiningar félaga, skattasniðgöngumála, arðgreiðslna sem teljast laun, söluréttarsamninga og síðast mála þar sem álagning skv. 95. gr. tsl. fór ekki fram þó að skattframtölum hafi verið skilað.

#### H 1989:230 (Páll B. Jónsson).

Skattstjóri fór þess á leit við P að veita skriflegar upplýsingar um bifreiðaviðskipti hans á árinu 1982 „þ.e. leggja annaðhvort fram efnahags- og rekstrarreikning ásamt lögboðnum fylgigögnum eða greinargerð um tilgang umræddra viðskipta sbr. 15. gr. l. nr. 75/1981.“ Hið sama var gert á næsta framtalsári en samkvæmt framtölunum voru á þessum tveimur árum keyptar og seldar 19 bifreiðar. Málinu lauk skattstjóri með endurákvörðun þann 20. maí 1985 þar sem hagnaður af bifreiðasöluinni var talinn atvinnurekstur. Fógetaréttur Reykjavíkur staðfesti lögtak vegna ógreiddra gjalda sem af endurákvörðuninni leiddi



Höfundur greinarinnar er Sigmundur Stefánsson.

og hafnaði því að 2. mgr. 97. gr. girti fyrir hana. Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi með svofelldum rökstuðningi: „Ekki verður fallist á þann skilning skattfyrivalda að með þeim hafi áfrýjandi stundað atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Með hliðsjón af umfangi þessara viðskipta verður hins vegar ekki talið að áfrýjanda hafi tekist að gera líklegt að þau hafi ekki farið fram í hagnaðarskyni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og máli þessu er háttað hefði verið eðlilegt að fara með söluhagnað áfrýjanda samkvæmt ákvæðum 1. mgr. sömu greinar, en telja verður að í henni felist hin almenna regla um meðferð söluhagnaðar af lausafé, sem eigi er heimilt að fyrna og fellur ekki undir atvinnurekstur.

Með framanritað í huga fá forsendur endurákvörðunar skattstjórans í Reykjavík á gjöldum áfrýjanda vegna tekna árána 1982 og 1983 ekki staðist. Þess er og að geta að fyrrgreind endurákvörðun, sem fram fór 20. maí 1985, braut í bága við 2. mgr. 97. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar gjöld vegna tekna ársins 1982 þar sem liðin voru meira en tvö ár frá lokum þess árs.“

#### **H 1995:2328 (Pharmaco hf.).**

Í dóminum segir: „Ekki er ágreiningur um það, að áfrýjandi hafi í raun gefið út jöfnunarhlutabréf og lagt fram gögn um þau, eins og að framan greinir, til skattfyrivalda án athugasemda af þeirra hálfu fyrr en árið 1990. Verður ekki annað séð en að öll efnisleg skilyrði til útgáfu hlutabréfanna hafi verið fyrir hendi og rétt hafi verið að henni staðið að öðru leyti en því, að á hafi skort tilkynningu til Hlutfélagaskrár. Skattfyrivöld gátu sannreynt þann skort með upplýsingum frá Hlutfélagaskrá, ef tilefni hefði gefist til. Með hliðsjón af því þykir rétt að taka til greina varakröfu áfrýjanda og telja, að skattstjóra Reykjanesumdæmis hafi einungis verið rétt að endurákvörða áfrýjanda skatt fyrir árin 1988 til 1990, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.“

#### **H 1998:2971 (Myllan-Brauð hf.).**

Í héraðsdóminum segir að í ársreikningi félagsins undir heitinu tap vegna veðlana og tapað áhættufé (liður 4 óregluleg gjöld) standi: „a) Afskrifað tapað stofnfé í Sultu og efnagerð bakara kr. 2.856.682. b) Afskrifuð töpuð hlutabréf í Arnarflugi hf.

kr. 200.000. c) Veðlán og ábyrgðir er féllu á Brauð h.f. vegna gjaldþrots Völundar hf. kr. 47.692.050.“ Um lið a og b segir svo: „Sultu- og efnagerð bakara og Arnarflug hf. urðu gjaldþrota á árinu 1990 og eignarhlutur Brauðs hf. í félagunum varð verðlaus og er því gjaldfærður.“ Í dóminum segir og að Brauð hf. hafi keypti fasteignina Skeifuna 19 árið 1987 en seljandinn hafi áður veitt Völundi hf. veðheimildir í eigninni fyrir tilteknum skuldum sem hann átti að aflétta innan ákveðins tíma. Það tókst ekki og þegar Völundur hf. varð gjaldþrota hafi orðið ljóst að Brauð hf. þyrfti að greiða lánin til að missa ekki fasteignina á nauðungaruppboð. Félagið hafi því samið við skuldareigendur um greiðslu á lánunum og gjaldfært þá fjárhæð sem um samdist, auk vaxtagjalda og annars kostnaðar sem það varð fyrir á árinu vegna málsins.

Í dómi Hæstaréttar segir: „Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að stefnda hafi með öllu verið óheimilt að færa framangreinda gjaldaliði til frádráttar í skattframtali sínu. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að skattstjóri hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla við skoðun

á framtalsgögnum stefnda, að frádráttarliðirnir eða einhver hluti þeirra gætu verið frádráttarbærir lögum samkvæmt. Það haggar ekki þessari ályktun, þótt skattstjóri hafi síðar, að fengnum nánari upplýsingum, heimilað eignfærslu veðlánanna og gjaldfærslu 4% afskriftar

héraðsdóms segir síðan: „Með hliðsjón af þeim gögnum, sem fylgdu skattframtölum sóknaraðila nefnd gjaldár, þar sem m.a. kom skýrt fram, að sérstakur sjóður hafði verið myndaður til að mæta skuldbindingum vegna eftirlaunaréttar starfsmanna sóknaraðila, tilgreindar fjár-

færð meðal langtímaskulda, en óráðstafað fé er lækkað um sömu fjárhæð.“ Í 7. tl. skýringanna kemur fram, að félagið muni ekki greiða tekjuskatt árið 1989 þrátt fyrir hagnað samkvæmt rekstrarreikningi, þar sem eftirlaunaskuldbinding í árslok sé dregin frá tekjum. Eftirlaunaskuldbindingarinnar er einnig getið í 11. tl., þar sem fjallað er um hreyfingar ársins á endurmatstreikningi og óráðstöfuðu fé. [...].

Í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, mátti skattstjóra vera það ljóst þegar skoðun skattframtala fór fram fyrir álagningu 1989, að stefnandi var í fyrsta sinn að færa til frádráttar tekjum og eignum tiltölulega háa skuldbindingu vegna áunninna eftirlaunaréttinda starfsmanna, sem af fylgigögnum með framtalinu mátti ráða, að var þess eðlis, að hún gat ekki talist lögmætur frádráttarliður. Eftirlaunaskuldbindingin var færð í ársreikning með svo einföldum og augljósum hætti, að skattstjóra var unnt að leiðrétta skattframtalið einhliða með hliðsjón af fyrirleggjandi gögnum samkvæmt heimild í 3. málsl.

1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 og leggja skatta á stefnanda í samræmi við þær leiðréttingar. Þar sem líta verður svo á, að stefnandi hafi látið í té fullnægjandi upplýsingar með framtali, sem reisa mátti á rétta álagningu, sbr. 2. mgr. 97. gr. laganna, var skattstjóra óheimilt að endurákvæða opinber gjöld stefnanda 1. mars 1993. Í skattframtali 1990 vegna rekstrarársins 1989 var færsla eftirlaunaskuldbindingar með talsvert öðrum hætti en árið áður. Ekki var gerð grein fyrir henni í fylgiskjali um myndun tekna á skattframtali. Undir liðnum langtímaskuldir í efnahagsreikningi var færð eftirlaunaskuldbinding 1989, 35.351.281 kr. Í 9. tl. skýringa með ársreikningi var svohljóðandi athugasemd: „Skuldbinding félagsins vegna áunninna eftirlaunaréttinda starfsmanna félagsins er færð í ársreikninginn. Áunnin réttindi í árslok 1989 nema 35.351.281 kr., en námu 30.167.232 kr. í árslok 1988.“ Í sundurliðun með ársreikningi var liðurinn Eftirlaunaskuldbinding ársins, 605.062 kr. færður sem sölukostnaður. Í ársreikningnum var hins vegar, engin grein gerð fyrir því, hvernig mismunur eftirlaunaskuldbindingar árána 1988 og 1989 var að öðru leyti færður, en samkvæmt skýringum lögmanns stefnanda var hann inn í liðnum vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur.

Eftirlaunaskuldbindingin var færð með svipuðum hætti í ársreikningi sem fylgdi skattframtali ársins 1990 vegna rekstrarársins 1989 [á að vera 1991 vegna

”

## Frestur til endurupptöku er stytur ef ástæðan fyrir henni er ófullnægjandi skoðun skattstjóra á framtali og fylgigögnum þess en ekki ófullnægjandi upplýsingar skattaðila

þeirra. Þeirri ákvörðun skattstjóra hefur áfrýjandi lýst sem rangri, en henni var ekki skotið til æðri stjórnvalda skattsýslunnar. Með þessum athugasemdum verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að skattstjóra hafi við frumathugun framtalsgagna stefnda átt að vera ljóst, að ekki voru lagaskilyrði til að færa hina umræddu gjaldaliði til frádráttar. Hann hafi því ekki þurft að leita frekari skýringa, og gat hann strikað frádráttarliðina út samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981. Ber því að staðfesta héraðsdóm.“

### EFTIRLAUNADÓMARNIR

#### **H 1996:470 (Olúfélagið hf.).**

Málið varðaði endurákvörðun opinberra gjalda gjaldárin 1988-1993. Í héraðsdóminum, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna hans, kemur fram að í skattframtali félagsins 1987 hafi eftirlaunaskuldbindingar verið færðar í fyrsta sinn og þá með svofelldum skýringum í áritun félagsstjórnar: „Félagið hefur látið gera tryggingafræðilega úttekt á skuldbindingum þess vegna áunninna lífeyrisréttinda fyrrverandi og núverandi starfsmanna. Námu skuldbindingar þessar 150 milljónum kr. í árslok 1986 miðað við 2% vexti. Ákveðið hefur verið að mynda sérstakan sjóð til að mæta þessum skuldbindingum, og er nú í fyrsta sinn gjaldfært framlag í sjóðinn, sem nemur 15% af launum ársins til viðbótar því 7% iðgjaldi, sem greitt hefur verið. Sjóðurinn er færður meðal skulda á efnahagsreikningi.“ Sambærilegar skýringar fylgdu og skattframtölum næstu ára. Í rökstuðningi

hæðir væru byggðar á tryggingafræðilegri úttekt og fjárhæðir væru framreiknaðar með hækkun á lánskjaravísitölu, verður að telja, að óyggjandi upplýsingar hafi verið fram komnar til þess, að skattstjóra væri unnt að haga álagningu í samræmi við 95. gr. laganna, hafi hann þá talið, að færsla sóknaraðila bryti í bága við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda. Engar athugasemdir voru þó gerðar af hans hálfu við færslu eftirlaunaskuldbindinga á skattframtölum sóknaraðila fyrr en árið 1993. Verður því að telja með skírskotun til ofangreinds og vísan til 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, að skattstjóra hafi ekki verið heimilt að endurákvæða sóknaraðila skatt nema vegna opinberra gjalda gjaldáranna 1992 og 1993.“

#### **H 1997:3023 (Málning ehf.).**

Niðurstaða héraðsdóms: „Í því máli, sem hér er til umfjöllunar, koma þrjú framtöl stefnanda til skoðunar svo og ársreikningar ásamt skýringum og sundurliðunum, sem fylgdu framtölunum. Í skattframtali stefnanda 1989 eru hreinar tekjur taldar 0. Á fylgiskjali er glöggt yfirlit yfir, hvernig tekjur yfirfærðar á skattframtal myndast, og kemur þar fram, að frá tekjum dragist eftirlaunaskuldbinding, að fjárhæð 30.167.232 kr. Í meðfylgjandi ársreikningi er eftirlaunaskuldbinding sömu fjárhæðar færð sem sérstakur liður meðal langtímaskulda. Við þann lið er vísað til 9. tl. í skýringum með ársreikningnum, en þar segir orðrétt: „Skuldbinding félagsins vegna áunninna eftirlaunaréttinda starfsmanna félagsins er nú færð í ársreikninginn. Áunnin réttindi í árslok 1989 nema 30.167.232 kr., og er sú fjárhæð

1990]. Eftirlaunaskuldbindingin hafði verið hækkuð í 44.423.257 kr., og komu þær upplýsingar fram í efnahagsreikningi undir langtímaskuldum. Grein var gerð fyrir skuldbindingunni með svipuðum hætti og árið áður í 7. tl. skýringa með ársreikningi. Þá var Eftirlaunaskuldbinding ársins, 605.062 kr., færð sem sölukostnaður í sundurliðun með ársreikningi. Í ársreikningnum var ekki frekar en árið áður grein gerð fyrir, hvernig mismunur eftirlaunaskuldbindingar 1989 og 1990 væri færður, en samkvæmt skýringum lögmanns stefnanda var hann inni í liðnum vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur.

Fallast má á þau rök yfirkattanefndar, að eigi hafi komið glögglega fram í rekstrarreikningum stefnanda vegna árána 1989 og 1990, sem fylgdu skattframtölum 1990 og 1991, eða í skýringum með þeim, hver væri gjaldfærð breyting umræddra eftirlaunaskuldbindinga, hvernig hún væri fengin og á hvaða liði rekstrarreikningsins hækkun þeirra væri færð. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi látið í té með framtölum sínum umrædd tvö ár eða fylgigögnum með þeim fullnægjandi upplýsingar um þennan lið, sem skattstjóri gat byggt rétta álagningu á, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981.“

Meirihluti Hæstaréttar (4 af 5): „Gagnáfrýjandi færði eftirlaunaskuldbindingu í fyrsta sinn sem frádráttarlið á skattframtali 1989 vegna rekstrarársins 1988, eins og fyrr segir. Í skattframtalinu og fylgigögnum þess eru engar upplýsingar um samning þann, sem eftirlaunaskuldbindingin byggðist á. Ekki kom fram, hvort sérstakur sjóður hefði verið myndaður til að mæta skuldbindingunni eða hvaða aðilar áttu í hlut. Þá kom ekki heldur fram, hvernig skuldbindingin væri reiknuð út. Það var ljóst, að hér var um háa skuldbindingu að ræða fram í tímann, sem notuð var til frádráttar tekjum ársins. Eins og málið horfði við skattstjóra á þessum tíma, gat hann ekki séð með óyggjandi hætti, hvort þessi frádráttarliður ætti rétt á sér. Verður að hafa í huga, að skattyfirvöld hafa mjög skamman tíma til að fara yfir framtöl og fylgigögn, áður en réttur til endurákvörðunar er liðinn. Þá þykir mega líta til þess, að framtal gagnáfrýjanda var gert af löggiltum endurskoðanda og því eðlilegt, að starfsmenn skattstjóra legðu meira traust á það en ella. Þykir ljóst, að skattstjóri varð að fá nánari upplýsingar, áður en hann gat tekið afstöðu til þess, hvort eftirlaunaskuldbindingin ætti rétt á sér eða ekki. Samkvæmt því verður ekki talið, að ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 hafi

staðið í vegi fyrir endurákvörðun skattstjóra, og ber að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda.“

Minnihluti Hæstaréttar: „Þessa lagagrein [2. mgr. 97. gr.] ber að skýra sjálfstætt eftir efni sínu, og verður hún ekki talin einskorðuð við aðildir skattstjóra samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laganna eða heimildir hans og möguleika til einhliða breytingar á framtölum skattþegna, þótt umfang þeirra heimilda hljóti að ráða miklu um skýringuna. Í framtali gagnáfrýjanda vegna ársins 1988 og fylgiskjölum þess var hin umdeilda skuldbinding færð og tilgreind með einföldum og augljósum hætti, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Átti meginefni hennar ekki að geta dulist við fyrstu athugun. Jafnframt mátti vera ljóst, að þær upplýsingar, sem fram kynnu að koma við skoðun á hinu nánara innihaldi skuldbindingarinnar, myndu engu breyta um þá staðreynd, að frádráttur vegna hennar væri án lagaheimildar, meðal annars þar sem fylgiskjölín báru greinilega með sér, að engin sjóðsmyndun væri henni tengd. Hins vegar verður að fallast á það með héraðsdómara, að færslur í framtalsgögnum vegna árána 1989 og 1990 hafi ekki verið svo ljósar

framtali 1989 hafði slíkur samningur verið gerður við 4 starfsmenn, og stóð skuldin þá í 21.561.264 kr. Samkvæmt framtölum 1990 og 1991 var áfram um að ræða 4 starfsmenn og skuldin orðin 26.866.353 kr. fyrra árið og 32.988.287 kr. seinna árið.

Niðurstaða meirihluta Hæstaréttar (4 af 5) er rökstudd svo: „Í skattframtali stefnda hafði skort upplýsingar um samninga þá, sem nefndar eftirlaunaskuldbindingar byggðust á, og einnig greinargerð um, hvaða aðilar áttu í hlut og hvernig skuldbindingarnar voru út reiknaðar. Þá hafði stefndi talið, að um tímabundna samninga væri að ræða, en ekki hafði verið gerð grein fyrir því, við hvað væri átt. [...] Það getur ekki skorið úr um þetta álitaefni, hvort skattyfirvöld vísa til 96. gr. greindra laga eða til 95. gr. sömu laga, sem gildir um leiðréttingar skattstjóra fyrir álagningu, heldur verður að líta til orðalags 2. mgr. 97. gr. laganna og meta, hvort fyrir lágu nægjanlegar upplýsingar í framtali eða fylgigögnum, sem álagning varð byggð á. Við skýringu á því ákvæði verður að líta til ákvæða 95. gr. laganna og þess, hvað skattyfirvöld hafa skamman tíma til að fara yfir framtöl og fylgigögn og gera sínar leiðréttingar, áður en réttur

”

## Stefnandi var í fyrsta sinn að færa til frádráttar tekjum og eignum tiltölulega háa skuldbindingu vegna áunninna eftirlaunaréttinda starfsmanna

sem skyldi, og þær voru ekki studdar svo skýrri tilvísun í fyrra framtal, að nægilegt væri til úrbóta. Með skírskotun til þess og til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég úrslit málsins eiga að vera þau, að dómurinn verði staðfestur, að því er efniskröfur varðar, og aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“

### **H 1997:3039 (Freyja hf.).**

Fram kom á skattframtali 1988 að gerður hafði verið tímabundinn eftirlaunasamningur við tvo starfsmenn. Skuld vegna samningsins, 12.464.399 kr. miðað við 2% ársvexti, var færð í efnahagsreikning. Gjaldfærsla var sýnd sérstaklega á framtali, en kom ekki fram í ársreikningi. Samkvæmt

til endurákvörðunar er liðinn. Þá þykir mega líta til þess, að framtal stefnda var gert af löggiltum endurskoðanda, og því eðlilegt, að starfsmenn skattstjóra legðu meira traust á það en ella. Að framan er það rakið, að á hafi skort, að upplýsingar í framtölum og fylgigögnum væru fullnægjandi, til þess að unnt hefði verið fyrir skattyfirvöld að glöggva sig til hlítar á eðli eftirlaunaskuldbindinganna. Var þess þannig ekki kostur að taka afstöðu til álitaefnisins án þess fyrst að biðja um frekari upplýsingar eða senda bréf um fyrirætlanir skattyfirvalda, svo sem gert var, og gefa stefnda þannig færi á að koma að viðbótarupplýsingum og andmælum, áður en að endanlegri ákvörðun kom. Að þessu virtu verður ekki talið, að ákvæði 2.



mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 eigi við um mál þetta, og ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.“

**Dómur Hæstaréttar frá 31. maí 2001 í málinu nr. 66/2001 (Sigurður Ágústsson ehf.).**

Samkvæmt málavaxtalýsingu í héraðsdóminum kemur fram að í ársreikningi 1991 sé í skýringu 9 gerð svofelld grein fyrir færslu eftirlaunaskuldbindingarinnar: „Á árinu voru gerðir eftirlaunasamningar við þrjá starfsmenn félagsins sem ekki hafði verið greitt í lífeyrissjóð fyrir á starfstíma þeirra. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu áfallin lífeyrisréttindi hinn 31/12 1991 kr. 66.560.980. - Þessi fjárhæð er færð til lækkunar á hreinni eign félagsins og sem sérstakur liður í efnahagsreikningi.“ Ennfremur segir svo um eftirlaunaskuldbindinguna í þeim kafla ársreikningsins sem fjallar um skattamál (skýring 7 á bls. 12): „Þrátt fyrir hagnað af rekstri á árinu greiðir félagið ekki tekjuskatt vegna yfirfæranlegs taps og vegna leiðréttinga á ógjaldfærðum kostnaði fyrri ára.“ Eftir að hafa vísað til skýringa í H 1998:2971 (Myllan-Brauð hf.) á tilgangi þessa undantekningarákvæðis (2. mgr. 97. gr. tsl.) segir síðan í dóminum: „Því hefur

verið lýst hér að framan, hvernig eftirlaunaskuldbindingarnar voru færðar á skattframtal 1992, auk sérstakra skýringa, sem gefnar voru á færslunni í ársreikningi 1991, sem var fylgigagn með skattframtalinu. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á, að skattstjóri hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, við skoðun á framtalsgögnum stefnda, að liður þessi gæti verið frádráttarþær lögum samkvæmt, eða að þau gögn og/eða upplýsingar um gjaldliðinn, sem skattyfirvöld kölluðu eftir við endurskoðun á skattframtalinu, hefðu getað breytt einhverju um frádráttarbærni gjaldliðarins. Hefði skattstjóra því átt að vera ljóst, við frumathugun framtalsgagna stefnda, að ekki voru lagaskilyrði til að færa umræddan gjaldalið til frádráttar.“

Öndverð niðurstaða varð í Hæstarétti hvar segir: „Áður er getið þeirra skýringa er fylgdu framtali stefnda 1992 vegna frádráttarliðar samkvæmt eftirlaunasamningum. Ekki er þar gerð grein fyrir tildrögum og eðli samninganna, til hverra þeir náðu og hverjar voru forsendur útreiknings skuldbindinga samkvæmt þeim. Hafa ber í huga að skyldubundin framlög atvinnurekenda til eftirlauna- og lífeyrissjóða teljast almennt til rekstrarkostnaðar, sem kemur til frádráttar samkvæmt 1. tl.

31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. dóm Hæstaréttar 19. desember 1996, H.1996.4248. Eins og framtal stefnda og fylgigögn þess lágu fyrir skattstjóra á þessum tíma gat hann ekki séð með óyggjandi hætti, hvort fyrrgreindur frádráttarliður ætti rétt á sér að einhverju leyti eða öllu. Þykir ljóst, að hann varð að fá nánari upplýsingar áður en hann gat tekið afstöðu til þess, hvort eftirlaunaskuldbindingarnar kæmu til frádráttar eða ekki. Verður því ekki talið að ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 hafi staðið í vegi fyrir endurákvörðun gjalda stefnda vegna framtals 1992. Er hér og vísað til tveggja dóma Hæstaréttar 30. október 1997, H.1997.3023 og 3039, en málsatvik voru þar með svipuðum hætti og í þessu máli.“

Í þessum dómum voru tilefni endurákvæðana sú afstaða skattstjóra/ríkisskattstjóra að reiknaðar framtíðarskuldbindingar vegna eftirlauna starfsmanna, þó að á samningum byggji, væri óheimilt að gjaldfæra enda væri slík gjaldfærsla andstæð meginreglu tekjuskattslaga um það hvaða tímabili gjöld tilheyri, sbr. meginreglu 1. tl. 1. mgr. 31. gr. tsl.

## SAMEINING EÐA SKIPTING FÉLAGA

### **Dómur Hæstaréttar frá 20. maí 1999 í málinu nr. 384/1998 (Fiskaness hf.).**

Í rökstuðningi meirihluta Hæstaréttar segir: „Í málinu reynir því á hvort í framtali Fiskaness hf. 1991 eða fylgigögnum þess voru fullnægjandi upplýsingar til að byggja á rétta álagningu skatts. Framtalið og meðfylgjandi ársreikningur og önnur gögn báru með sér að löggiltur endurskoðandi hefði komið að verkinu, sem að öðru jöfnu hefði átt að veita skattfyrvöldum ástæðu til að treysta frekar á að upplýsingarnar væru endanlegar og gætt hefði verið lagareglna um sameiningu fyrirtækjanna. Í framtalinu var millifæranlegt tap Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. talið til frádráttar og ársreikningnum fylgdi áritun endurskoðanda þar sem sagt var að með honum fylgdu tilskilin gögn um sameiningu félaganna. Í ársreikningnum kemur fram að allir fyrnanlegir rekstrarfjármunir, sem voru í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og urðu eign Fiskaness hf. við sameininguna, hefðu síðan verið seldir til Þórkötlustaða hf. og fylgdi kaupsamningur þessa efnis með ársreikningnum. Í honum var vitnað til samkomulags hluthafa Fiskaness hf. og hluthafa Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf., sem rakið er í kafla I., en það fylgdi þó ekki með reikningnum.

Við mat á því, hvort skattstjóri hafi mátt byggja rétta álagningu á fyrirliggjandi gögnum og sjá, að færsla hins millifæranlega taps til frádráttar væri ólögsmæt, er á ýmsa þætti að líta. Telja verður, að fram hafi verið komnar nægilegar upplýsingar um tímasetningar viðskiptanna og þann tilgang þeirra, að aðaláfrýjandi gæti nýtt sér ónotað millifæranlegt tap Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. til frádráttar skattskyldum tekjum í rekstri sínum. Hins vegar skorti fullnægjandi upplýsingar um efni samnings hluthafanna, sem vísað var til í kaupsamningi aðaláfrýjanda og Þórkötlustaða hf. 29. desember 1990 og fylgdi framtalsgögnum, og skýringar á mati hlutabréfanna til fjár, svo að fá mætti heildarmynd af viðskiptum þessum. Var skattfyrvöldum rétt að kalla eftir þessum upplýsingum. Í samkomulagi hluthafa aðaláfrýjanda og Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf., sem fyrst var afhent skattstjóra í mars 1994, sást verðlagning hlutafjárins og allt samningsferlið, þar á meðal það skilyrði samkomulagsins að endurselja átti þegar í stað eignir og skuldir Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. til hlutafélags, sem í raun var í eigu sömu aðila

og seldu þær í upphafi ferilsins. Mat viðskiptanna að skattarétti var komið undir heildarskoðun á þessu ferli öllu. Verður að telja, að skattstjóra hafi ekki verið unnt að gera nauðsynlegar breytingar á skattframtali aðaláfrýjanda án þessara viðbótargagna. Getur 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, sem er undantekningarákvæði frá aðalreglu 1. mgr. sömu greinar, ekki átt við um þá endurákvörðun skattfyrvalda, sem um er deilt í málinu.“

Minnihluti Hæstaréttar: „Á skattframtali aðaláfrýjanda árið 1991 og í ársreikningnum, sem því fylgdi og náði til reksturs beggja hinna sameinuðu féлага á árinu 1990, var grein gerð fyrir sameiningunni og því millifæranlega rekstartapi Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. frá fyrri árum, sem koma skyldi til frádráttar tekjum af rekstri ársins og síðari ára. Í rekstrarreikningi og sundurliðunum með honum var rekstur hvors félags sýndur aðgreint. Í eignahlíð efnahagsreiknings og skýringum við hana var sýnt, að allir fastafjármunir Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. hefðu horfið úr eigu félaganna við sölu fyrir árslok á tilteknu verði, sem borið var saman við bókfært verð eignanna á sameiningardegi með skýrum hætti. Var verðmunurinn, sem var lítilvægur, færður til taps á árinu. Með árs-

andi endurgreiða kaupanda mismuninn með tilteknum hætti. Í niðurlagi samningsins sagði svo, að þessi endurgreiðsla væri háð því skilyrði, að sameiginlegur skilningur aðila á ákvæðum um sameiningu féлага í lögum nr. 75/1981 væri réttur. Þessu fylgdi sú skýring, að um það væri að ræða, að „við sameiningu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h.f. við Fiskaness h.f. þá öðlist Fiskaness h.f. óskertan rétt til að nýta sér ónotað millifæranlegt tap Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h.f. Til frekari áreitingar varðandi þetta atriði vísast í samkomulag á milli hluthafa Fiskaness h.f. og fyrreverandi hluthafa Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h.f. sem gert var í byrjun desember 1990.“

Af þessum upplýsingum í ársreikningnum og kaupsamningnum sjálfum mátti ráða, svo ekki yrði um villst, að sameining Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. við aðaláfrýjanda með framsali á öllum hlutabréfum hins fyrrnefnda fór ekki fram í þeim tilgangi, að fyrirtækin yrðu rekin saman eftir samrunann að öllu eða einhverju leyti, heldur átti annar aðili að taka við rekstri eigna hraðfrystihússins í óbreyttu horfi fyrst um sinn að öðru en því, að rekstartap þess frá fyrri árum yrði ekki nýtt til frádráttar tekjustofnum hjá þeim aðila, heldur hjá aðaláfrýjanda. Jafn-

”

Með skattframtalinu og fylgigögnum þess hafði skattstjóri þannig í höndum upplýsingar, sem gáfu skýrt til kynna, að sameining félaganna hefði ekki átt sér stað á forsendum, er vörðuðu rekstur aðaláfrýjanda...

reikningnum fylgdi síðan kaupsamningur aðaláfrýjanda og Þórkötlustaða hf. frá 29. desember 1990 um þessar eignir, sem skilgreindar voru þannig, að um væri að ræða allar fasteignir og aðra fyrnanlega rekstrarfjármuni, sem verið hefðu í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. á sameiningardegi. Í samningnum var því einnig skilmerkilega lýst, að við kaup eignanna yfirtæki kaupandi alla veltufjármuni og allar skuldir Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. samkvæmt niðurstöðum úr bókhaldi þess. Þar sem heildarfjárhæð skuldanna væri hærri en samanlagt verð yfirtekinna fasta- og veltufjármuna, skyldi aðaláfrýj-

framt mátti sjá, að þessi aðili var tengdur hluthöfum Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og yfirtaka hans á rekstrinum grundvölluð á samkomulagi við þá.

Með skattframtalinu og fylgigögnum þess hafði skattstjóri þannig í höndum upplýsingar, sem gáfu skýrt til kynna, að sameining félaganna hefði ekki átt sér stað á forsendum, er vörðuðu rekstur aðaláfrýjanda með eiginlegum hætti, þótt rekstur þeirra væri skyldur. Átti þetta að nægja honum til að geta slegið því föstu, að hið yfirtæki rekstartap væri ekki frádráttarbært í höndum aðaláfrýjanda, þar sem skilyrðum laga nr. 75/1981 væri ekki

fullnægt. Honum var að sjálfsgöðu heimilt og rétt að kalla eftir frekari gögnum um samrunann, þegar hann tók málið til athugunar, þar á meðal samkomulaginu, sem til var vísað. Hinsvegar þurfti hann ekki á þeim gögnum að halda til að komast að niðurstöðu um meðferð rekstrartapsins. Þannig varpaði samkomulagið ekki nýju ljósi á samrunann, heldur veitti það fyrst og fremst fyllri mynd af honum, eins og samningurinn gaf í skyn. Var gildi þess fyrir aðila einkum í því fólgið, að þar var að finna lýsingu þess, hvernig viðskiptin skyldu ganga til baka, ef rétti aðaláfrýjanda til að nýta sér tapið yrði hafnað af hálfu skattfyrvalda.

Á það verður því að fallast með aðaláfrýjanda, að hann hafi með framtali sínu látið í té fullnægjandi upplýsingar, sem á mátti byggja rétta álagningu. Hefði skattstjóri getið hafnað frádrætti vegna rekstrartapsins á grundvelli 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 án þess að kalla eftir frekari gögnum, og ljóst er, að hann hafði fullt tilefni til að gaumgæfa það, sem að samrunanum laut. Heimild hans til að endurákvæða álagða skatta aðaláfrýjanda hlaut því að takmarkast af 2. mgr. 97. gr. laganna, sem skýra ber eftir markmiðum hennar og ákvæða 95. - 97. gr. í heild, og gat ekki náð lengra aftur en til rekstrarársins 1992.“

#### **H 1997:385 (Vífílfell ehf.).**

Um var að ræða samruna Vífílfells ehf. og tveggja annarra félaga. Til að sjá hvort gagnjaldsskilyrði 1. mgr. 56. gr. laga nr. 75/1981 væri uppfyllt leitaði skattstjóri eftir ýmsum upplýsingum frá gjaldanda; ljósriti af fundargerðum og samþykktum hluthafafundar, þar sem ákvörðun var tekin um sameininguna, ljósriti af samningum þeim sem lágu til grundvallar sameiningunni og ljósriti af endurskoðuðum sameiginlegum reikningsyfirlitum og stofnefnahagsreikningi vegna sameiningarinnar, sbr. 126. gr. hlutafélagalaga. Ennfremur óskaði skattstjóri skýringa á því með hvaða hætti hluthöfum í félögum tveimur hafi verið greitt fyrir hlutafjäreign sína. Niðurstaða skattstjóra, sem staðfest var af yfirséttanefnd, héraðsdómi og Hæstarétti, var sú, að þar sem hluthafar hinna tveggja félaga hefðu ekki fengið nein hlutabréf í Vífílfelli ehf. sem gagnjald fyrir hlutafjäreign þeirra í þeim ætti Vífílfell ehf. ekki rétt á frádrætti uppsafnaðs rekstrartaps í þessum félögum. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem aflað þurfti til að leiða fram rétta niðurstöðu varð það svo niðurstaða bæði héraðsdóms og Hæstaréttar að 1. mgr. 97.

gr. tsl. ætti við í málinu. Ennfremur var deilt um tímamörk vegna niðurfellingar gjaldfærðra eftirlaunaskuldbindinga en í því efni kom ekkert fram umfram það sem segir í dómunum hér að framan.

#### **Dómur Hæstaréttar frá 28. febrúar 2013 í málinu nr. 555/2012 (Toyota á Íslandi ehf.).**

B ehf. keypti allt hlutafé í P hf. og við samruna félaganna var B ehf. skilgreint sem yfirtekið félag en P hf. yfirtökufélag. Með samrunanum, svonefndum öfugum samruna eða skuldsettri yfirtöku, tók P hf. yfir eigið fé B ehf. og skuld þess félags samkvæmt lánasamningum við L hf., og hlaut hið sameinaða félag nafnið T ehf. Málið snerist síðan um hvort T ehf. hefði verið heimilt að færa vexti af nefndri skuld við Landsbankann til frádráttar tekjum í skattframtölum sínum. Með úrskurði (endurákvörðun) hækkaði ríkisskattstjóri tekjuskattstofn T ehf. þar eð gjaldfærsla vaxtanna væri óheimil því lánið hefði verið tekið í þágu eiganda félagsins til að greiða þáverandi eigendum P hf. kaupverð alls hlutafjár í því félagi. Þannig væri lánið ekki tekið í þágu T ehf. og þar með óviðkomandi rekstri þess.

Auk kröfu um viðurkenningu á réttmæti frádráttarins krafðist T ehf. þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ógiltur þar sem frestur til endurákvörðunar samkvæmt 2. mgr. 97. gr. tsl. væri liðinn. Um þá kröfu segir Hæstiréttur: „Í skattframtölum áfrýjanda 2006 og 2007 voru í liðnum „hreinar tekjur“ tilgreindar fjárhæðir, sem lagðar voru óbreyttar til grundvallar álagningu. Í framtali fyrrnefnda árið kom fram í lið um sundurliðun gjalda að gjaldfærðar voru alls 83.184.073 krónur sem vaxtagjöld, en í hinu síðara 508.393.279 krónur sem „vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.“ Í svarbréfi endurskoðanda áfrýjanda 7. júlí 2008 við fyrirspurn ríkisskattstjóra kom fram að við skattskil áfrýjanda 2006 hafi verið gjaldfærðir vextir, gengismunur og verðbætur af lánnum Bergeyjar ehf. hjá Landsbanka Íslands hf., samtals 17.647.006 krónur og árið 2007 samtals 399.129.089 krónur sem vextir, áfallnir vextir í árslok, gengismunur og verðbætur. Framtölin báru þannig með sér að fjármagnsgjöld voru gjaldfærð til frádráttar tekjum, en ekki varð ráðið af þeim hvort vextir af áður nefndum lánnum Bergeyjar ehf. voru innifaldir í uppgefnum heildartölum og þá hverju fjárhæð þeirra nam. Ekki var því unnt að endurákvæða opinber gjöld áfrýjanda á grundvelli þeirra gagna sem

lágu fyrir í skattskilum án undangenginnar fyrirspurnar. Tilvísun áfrýjanda til þess að þetta hefði mátt ráða af gögnum um samruna félaganna og sérstöku skattframtali Bergeyjar ehf. 2006 fær engu um það breytt, enda fylgdu umrædd gögn ekki skattframtölum áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003, auk þess sem umrætt skattframtal Bergeyjar ehf. var háð þeim annmarka að tiltaka vexti af nefndum lánnum hjá Landsbanka Íslands hf. allt árið 2005 þótt félagið hafi runnið inn í annað félag 1. september sama ár. Verður samkvæmt því hafnað málsástæðu áfrýjanda sem á þessu er reist.“

#### **Dómur Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í málinu nr. 529/2013 (Samherji hf.).**

F ehf. var stofnað til að kaupa hlutabréf stærstu hluthafa í S hf. Félögin voru síðan sameinuð þar sem F ehf. rann inn í S hf. Ágreiningur reis síðan um heimild S hf. til að nýta tap úr rekstri F ehf. og áframhaldandi gjaldfærslu fjármagnskostnaðar vegna þeirra lána sem F ehf. tók til að fjármagna nefnd hlutabréfakaup en þau lán runnu til S hf. við sameininguna. Þetta taldi ríkisskattstjóri óheimilt með vísan til skilyrða 1. mgr. 54. gr. tsl. og rekstrar-kostnaðarhugtaks 31. gr. sömu laga og endurákvæðaði gjöld S hf. Í málinu bar S hf. fyrir sig 2. mgr. 97. gr. tsl. og í héraðsdómi segir svo um röksemdir félagsins fyrir því: „Hvað varði endurákvörðun ríkisskattstjóra vegna færslu á yfirfæranlegu rekstrartapi í skattskilum stefnanda gjaldárið 2006 hafi upplýsingar um tapið og tilurð þess komið fram með skýrum og ótvíræðum hætti í skattframtali stefnanda og fylgigögnum þess. Réttta álagningu hafi mátt byggja á þeim upplýsingum þegar árið 2006, enda reisi ríkisskattstjóri endurákvörðun sína að þessu leyti einvörðungu á þeim upplýsingum sem legið hafi fyrir í skattframtali stefnanda og fylgigögnum þess, auk opinberra upplýsinga hlutafélagaskrár, sem ríkisskattstjóri hafi með höndum rekstur á, um starfsemi félaganna og samrunann.“

Um þennan þátt málsins segir síðan í niðurstöðu héraðsdóms: „Ákvörðun ríkisskattstjóra, um að óheimilt hafi verið að færa til frádráttar á skattframtali stefnanda gjaldárið 2006 yfirfært rekstrartap frá Fjárfestingafélaginu Fylki ehf. vegna samruna félaganna, er byggð á því að ekki væru uppfyllt skilyrði 1. mgr. 54. gr. laga um tekjuskatt til þess að það væri heimilt. Skilyrðin eru þau að það félag sem tekur við hafi með höndum skyldan rekstur eða



starfsemi og það félag sem slitið var, tap flytjist ekki ef félagið sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum, sameining verði að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi og loks verður hið yfirfærða tap að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur hefur með höndum. Nauðsynlegt var af hálfu skattyfirvalda að leita skýringa stefnanda á því sem máli skipti við mat á því hvort framangreind skilyrði væru uppfyllt. Ríkisskattstjóri gat því ekki án nánari athugunar tekið ákvörðun um hvort færa mætti rekstrartapið til frádráttar á skattframtali stefnanda umrætt ár á grundvelli skattframtalsins og fylgigagna þess, eins og stefnandi heldur fram að honum hafi borið að gera. Samkvæmt því gildi sex ára frestur til að endurákvæða skattinn samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga um tekjuskatt.“

Hæstiréttur: „Að því er varðar frest ríkisskattstjóra samkvæmt 97. gr. laga nr. 90/2003 til að endurákvæða opinber gjöld áfrýjanda er þess að gæta að eins og hér stóð á var þeim fyrrnefnda ekki heimilt að breyta skattframtölum þess síðarnefnda á grundvelli 1. mgr. 95. gr. laganna án þess að hafa áður leitað skýringa áfrýjanda og gefið honum kost á andmælum. Af því leiðir að regla 2. mgr. 97. gr. laganna um tveggja ára frest til endurákvörðunar opinberra gjalda átti hér ekki við. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um að frestur ríkisskattstjóra hafi ekki verið liðinn til endurákvörðunar opinberra gjalda áfrýjanda.“

Þessi mál snerust um það hvort farið hafi verið eftir ákvæðum tekjuskattlaga við sameiningu hlutafélaga þannig að yfirtökufélagið mætti nýta yfirfæranlegt rekstrartap frá því félagi sem lagt var niður. Athuga ber að reglur um nýtingu slíkra tapa hafa verið breytilegar í löggjöfinni frá einum tíma til annars. Ákvæðin um sameiningu og skiptingu félaga eru nú í 51.-56. gr. tsl.

## SKATTASNIÐGANGA

### **Dómur Hæstaréttar frá 21. janúar 1999 í málinu nr. 237/1998 (Partafélagið sf. o.fl.).**

Málavextir voru þeir að með stofnsamningi, dags. 20. maí 1992, stofnuðu J.H.G. og J.Þ.H. Partafélagið sf., en þeir voru þá

eigendur að stærstum hluta hlutafjár í B hf. og J hf. Tilgangur félagsins var sagður eignausýsla, rekstur fasteigna og skyldur rekstur. Tilkynning um stofnunina var send firmaskrá Kópavogs hinn 17. september 1992 og var félagið skráð þar. Var svo um samið milli eigenda að sameignarfélagið skyldi verða eigandi alls hlutafjár þeirra í B hf. og J hf. og rekið sem sjálfstæður skattaðili, og voru kaupsamningar gerðir um kaup sameignarfélagsins á hlutabréfum eigenda B hf. hinn 20. maí 1992 og eigenda J hf. hinn 27. október 1992. Taldi sameignarfélagið fram sem sjálfstæður skattaðili, fyrst fyrir tekjuárið 1992 og síðan upp frá því. Skattstjóri felldi niður álagningu á félagið á þeirri forsendu að það ræki ekki atvinnustarfsemi og skattlagði tekjurnar hjá eigendum þess. Náði endurákvörðunin til gjaldáranna 1993-1996 og voru úrskurðir skattstjóra dagsettur 3. mars og 16. maí 1997.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir: „Fallast má á með stefnda að skattstjóri hafi þurft nánari gögn um stofnun og framtalsskil stefnanda Partafélagsins sf., til að geta tekið ákvörðun um skattlagningu þess og félagsmanna. Skattstjóra var því ekki unnt, án þess að leita skýringa stefnanda, samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, að leiðrétta framtölin einhliða og leggja samkvæmt því opinber gjöld á stefnendur ...“ Í dómi Hæstaréttar segir: „Með vísan til forsendna héraðsdóms er fallist á, að eini tilgangurinn með stofnun félagsins hafi verið sá að færa persónulegar tekjur eigenda þess inn í sameignarfélagið í því skyni að þeir greiddu lægri tekjuskatt. Ber því að hafna aðalkröfu áfrýjanda. Þá er einnig fallist á það með héraðsdómi, að áfrýjendur hafi ekki látið í té með framtölum sínum eða fylgigögnum fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, þannig að 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 á hér ekki við. Ekki var ljóst til dæmis hvort líta bæri á yfirfærslu hlutabréfanna sem stofnframlag eða kaup, en samningar um kaup á hlutabréfunum fylgdu ekki með framtölunum. Þá fylgdu ekki með upplýsingar um það, hvenær ákvörðun var tekin um arðsúthlutun á árinu 1993. Skattstjóra var því ekki unnt, án þess að leita skýringa félagsins og afla gagna samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, að leiðrétta framtölin einhliða.“

### **Dómur Hæstaréttar frá 3. september 2002 í málinu nr. 316/2002 (G.Á.J.).**

Málavextir voru þeir að G ehf. færði til gjalda um það bil 15 milljónir króna í

rekstrarreikningum sínum árin 1994 og 1995 vegna kaupa á lögfræðipjónustu af H ehf., sem lögmennirnir G og J veittu viðskiptavinum G ehf. en þáðu greiðslur fyrir frá H ehf. Á þessum tíma var G eigandi að 99% hlut í báðum félögnum. Athugun skattstjóra á bókhaldsgögnum H ehf. leiddi í ljós að kostnaður félagsins vegna þjónustu, sem það keypti af G, og launa og launatengdra gjalda, sem það greiddi vegna hans og J, nam samtals 185.000 krónum árið 1994 og 3.799.148 krónum árið 1995. Í dómi Hæstaréttar segir að eins og atvikum sé háttað verði að ganga út frá því, líkt og skattyfirvöld gerðu, að viðskipti félaganna hafi fyrst og fremst komið til vegna þeirra hagsmuna, sem aðaleigandi þeirra hafði af því hjá hvoru félaginu tekjur G ehf. af seldri þjónustu kæmu til skattlagningar. Þá væri ljóst að ákvörðun um að greiða þeim G og J fyrir þjónustu, sem var veitt viðskiptavinum G ehf., af reikningi H ehf., hafi fyrst og fremst haft það markmið að mynda viðskipti á milli félaganna í því skyni að nýta rekstrartap H ehf. á móti tekjum G ehf., enda hafi viðskiptunum að mestu verið lokið þegar ónotaða rekstrartapið var upp urið. Í ljósi alls þessa hafi skipti félaganna verið verulega frábrugðin því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, og engin ástæða til að ætla að til þeirra hefði komið milli óskyldra aðila. Varðandi viðbáru félagsins um að tími til endurupptöku hafi verið liðinn segir svo í dómi Hæstaréttar: „Að því er varðar varakröfu varnaraðila verður að líta til þess að skattstjóri lagði grunn að endurákvörðun sinni með athugun á bókhaldsgögnum Hafrafells ehf., en ekki var um það að ræða að varnaraðili hafi látið í té fullnægjandi upplýsingar með framtali sínu eða fylgigögnum þess, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981. Verður varakröfu varnaraðila því hafnað.“

### **Dómur Hæstaréttar frá 9. febrúar 2006 í málinu nr. 321/2005 (Sundagarðar hf.).**

Málavextir voru þeir að í ársbyrjun 1993 var ákveðið á hluthafafundi í S hf. að hækka og síðan lækka aftur hlutafé í félaginu. Í kjölfarið ákvað stjórn félagsins að lækunarfjárhæðin yrði greidd hluthöfum, sem allir tengdust fjölskylduböndum, með útgáfu skuldabréfa sem voru vaxta- og afborgunarlaus til 12 ára. S hf. gjaldfærði síðan árleg afföll af skuldabréfunum í rekstrarreikningum félagsins auk þess sem þau voru skuld-

færð í ársreikningum félagsins. Með úrskurði skattstjóra frá 18. desember 2001 voru hin gjaldfærðu afföll felld niður gjaldárin 1996 til 2000 og tekjuskattstofnar félagsins hækkaðir í samræmi við það auk 25% álags á hækkunina. Um tímamörk endurákvörðunarinnar segir svo í dómi Hæstaréttar: „Afföll vegna skuldabréfanna voru færð til frádráttar í skattframtölum stefnda þau ár, sem endurákvörðun skattstjóra tekur til, og

### **Dómur Hæstaréttar frá 12. nóvember 2015 í málinu nr. 217/2015 (Ingimundur hf.).**

Þann 30. desember 2011 sætti I hf. endurákvörðun opinberra gjalda gjaldárin 2006 – 2011. Var á því byggt að félagið hefði með tilteknum ráðstöfunum komið sér hjá skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu á Helgu RE-49 ásamt aflaheimildum. Þær ráðstafanir fólust í því að skipta I hf. upp í tvö félög og flytja þessar eignir yfir í nýtt

”

**Við mat á því, hvort skattstjóri hafi mátt byggja rétta álagningu á fyrirliggjandi gögnum og sjá, að færsla hins millifæranlega taps til frádráttar væri ólögumæt, er á ýmsa þætti að líta...**

breytir engu þótt þau séu vegna skuldar, sem stofnað var til mun fyrr eða á tekjuárinu 1993. Aðalreglan um tímamörk endurákvörðunar er sú, sem 1. mgr. 97. gr. hefur að geyma. Gildir hún ef upplýsingar í framtali eða fylgigögnum eru ófullnægjandi, enda þótt skattstjóra hefði mátt vera ljóst fyrr að eitthvað var athugavert við framtalið. Nafnverð skuldabréfanna, 214.126.514 krónur, var hvorki skuldfært í ársreikningi stefnda fyrir árið 1993 né ársreikningum vegna þeirra ára, sem málið tekur til, og ekki var heldur í skýringum gerð grein fyrir skuldabréfaútgáfunni. Afföllin voru færð til gjalda í rekstrarreikningi undir liðnum „vaxtagjöld, verðbætur“ og nam sá gjaldaliður samtals mjög misjafnlega háum fjárhæðum öll umrædd ár. Þá voru skuldfærð afföll meðal langtímaskulda án sérgreiningar í efnahagsreikningi á öllu tímabilinu. Skattframtöl stefnda voru tekin til rannsóknar meðal annars með tilliti til þess hvort 58. gr. laga nr. 75/1981 ætti við. Það eitt hlaut að leiða til þess að ráðast þurfti í umfangsmikla öflun gagna og upplýsinga. Að virtu því, sem að framan er rakið, verður fallist á með áfrýjanda að skattskil stefnda hafi verið þannig úr garði gerð að regla 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 eigi hér við. Rannsókn, sem gerð var á persónulegum skattskilum aðaleigenda stefnda og lauk á árinu 1995 skiptir ekki máli við úrlausn um þetta atriði.“

félag, Fjarðarey ehf., en það félag stofnaði I hf. eftir að hafa fengið tilboð í það, þ.e. áður en til stofnunar þess kom, en einu eignir þess voru umrætt fiskiskip ásamt aflaheimildum. Hlutabréf í Fjarðarey ehf. voru síðan seld Skinney-Þinganesi hf. og Ketillaug ehf. áður en formlegri skiptingu I hf. lauk. Þar sem skiptingunni hafði ekki verið lokið þegar greind sala átti sér stað taldi ríkisskattstjóri gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga, ekki vera uppfyllt. Bæri því að líta á skiptinguna sem óþarfa millileik og var söluandvirði Helgu RE-49, auk aflaheimilda, fært til tekna hjá I hf. sem söluhagnaður atvinnurekstrareigna, sbr. B-lið 7. gr. og 8. tölul. C-liðar laga nr. 90/2003. Fyrir dómstólum var síðan tekist á um þessa niðurstöðu auk þess sem I hf. bar fyrir sig 2. mgr. 97. gr. tsl.

Í héraðsdóminum segir: „Á skattframtali rekstraraðila 2006 sem liggur frammi í málinu kemur fram að stefnanda, Ingimundi hf., hafi verið skipt upp á árinu og félagið Fjarðarey ehf. hafi yfirtekið fiskiskip og veiðiheimildir félagsins á bókfærðu verði. Ekki er að finna upplýsingar um dagsetningu framangreindra gerninga. Þá er skiptingarinnar í engu getið í ársreikningi félagsins 2005, en þar kemur hins vegar fram í skýrslu stjórnar að útgerð félagsins hafi verið seld á miðju ári 2005. Af framangreindu er ljóst að ekki lágu fyrir fullnægjandi upplýsingar í framtali eða fylgigögnum þess.“

Í dómi Hæstaréttar segir: „Þegar metið er hvort ákvæðið í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 eigi við verður að miða við þær upplýsingar er framteljandi hefur látið í té í skattframtali sínu og þeim gögnum sem því fylgdu. Við skýringu á ákvæðinu hefur Hæstiréttur talið að líta beri til heimildar skattstjóra til að leiðrétta augljósar reiknings skekkjur í framtali og einstaka liði þess, sbr. annan og þriðja málslið 1. mgr. 95. gr. laganna, án þess að hafa áður leitað skýringa hjá framteljanda og gefið honum kost á andmælum, sbr. til dæmis dóma réttarins 23. janúar 2014 í máli nr. 529/2013 og 5. nóvember 2015 í máli nr. 210/2015.

Í skattframtali áfrýjanda 2006 kom fram að honum hafi verið skipt upp á árinu 2005 og Fjarðarey ehf. yfirtekið fiskiskip hans og veiðiheimildir á bókfærðu verði. Í ársreikningi áfrýjanda 2005, sem fylgdi framtalinu, var það eitt tekið fram um þetta að útgerð hans hafi verið seld á miðju því ári. Í þessum gögnum var hvorki vísað til kaupsamningsins frá 27. maí 2005 né skýrt frá stofnun Fjarðareyjar ehf. 30. júní sama ár. Þar var heldur ekki greint frá því hvernig staðið var að skiptingu áfrýjanda, en samkvæmt framansögðu verður að taka mið af því, sem fram kom í gögnum, þegar leyst er úr því hvort skattstjóra hafi verið skylt að bregðast við innan þess frests sem kveðið er á um í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003. Framtalsgögn áfrýjanda gáfu því skattstjóra ekki tilefni til þess að endurákvörða opinber gjöld hans nema að undangenginni áskorun um að láta í té skriflegar skýringar og viðeigandi gögn, sbr. 1. mgr. 96. gr. laganna. Af því leiðir að regla 2. mgr. 97. gr. þeirra um tveggja ára frest til endurákvörðunar opinberra gjalda átti ekki við í máli áfrýjanda og verða áðurgreindir úrskurðir skattyfirvalda því ekki felldir úr gildi af þeirri ástæðu.“

Í dómum þessum er um að ræða ýmis tilbrigði skattasniðgöngu en skattasniðganga er t.a.m. þegar skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á þann hátt sem verulega er frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum og þau í raun alfarið gerð í því augnamiði að komast hjá réttu skattlagningu. Einkaréttarlega geta þó slíkir samningar haldið gildi sínu þótt horft sé fram hjá þeim við ákvörðun skattstofna. 57. gr. tsl er talin fela í sér almenna skattasniðgöngureglu.

## ARÐUR/LAUN

Dómur Hæstaréttar frá 5. nóvember 2015 í málinu nr. 210/2015 (Friðjón Þórðarson). F ehf. var stofnað í apríl 2008 og var F einn þriggja stofnenda félagsins og átti í upphafi þriðjung hlutfjár í því. Á hluthafafundum í júlí, ágúst og október sama ár var samþykkt að félagið greiddi hluthöfum arð á grundvelli milliuppgjörs sem miðaðist við júní það ár. Með úrskurði á árinu 2012 endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld F fyrir gjaldárið 2009, vegna ársins 2008, á þeirri forsendu að úthlutun arðs til hans frá F ehf. hafi verið ólögmat og þess vegna bæri að fara með hana sem laun, en úthlutunin fór fram sama ár og félagið var stofnað.

Í héraðsdóminum segir: „Liður 3.5 í skattframtali 2009 ber heitið „Hlutabréf og stofnfjárbréf sparistöð Fært af RSK 3.19“. Þar er í framtali stefnanda gerð grein fyrir arðgreiðslu frá TH Investments ehf. kt. 620408-0690 að fjárhæð 30.500.000 kr. Staðgreiðsla af arði var 3.050.000 kr. og eign í árslok 166.667 kr. Ekki er á annan hátt gerð grein fyrir fjárhæðum þessum, hvorki í skattframtalinu sjálfu né fylgigögnum þess, en fylgiblað RSK 3.19 fylgdi ekki framtalsgögnum. Ekkert gaf skattfyrirvöldum til kynna að hér væri um nýja fjárfestingu að ræða. Dugar hér ekki að vísa til kennitölu einkahlutafélagsins. Á þeirri forsendu einni hefði skattfyrirvöldum ekki verið tækt að strika út arðgreiðsluna án þess að gefa stefnanda kost á andmælum auk þess sem slík útstrikun kallar á skattlagningu greiðslunnar annars staðar. Það skorti því á nánari upplýsingar frá stefnanda um arðgreiðslu þessa. Framtalsgögn stefnanda voru ekki, hvað þetta varðar, fullnægjandi þannig að byggja mátti rétta álagningu á þeim.“

Í dómi Hæstaréttar segir: „Í skattframtali áfrýjanda 2009 var ekki gerð sérstök grein fyrir arðgreiðslu TH Investments ehf. til hans, svo sem ástæða hefði verið til samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 sökum þess að greiðslan fór fram sama ár og félagið var stofnað og það hafði því enn ekki skilað ársreikningi fyrir það ár. Vegna þessa var ríkisskattstjóra rétt að líta svo á að um væri að ræða venjulega arðsúthlutun á grundvelli 74. gr. laga nr. 138/1994, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003. Það eitt að greina kennitölu félagsins í framtalinu var ekki nægilegt til að upplýsingar um greiðsluna teldust fullnægjandi í skilningi 2. mgr. 97. gr. síðargreindu laganna.“

## Dómur Hæstaréttar frá 13. febrúar 2014 í málinu nr. 606/2013 (Kristinn Þór Geirsson).

Í málinu reyndi á það hvort greiðslu úr einkahlutafélagi ætti að tekjufæra hjá móttakanda sem lögmæta arðsúthlutun eða sem laun eins og ríkisskattstjóri gerði. Bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur staðfestu þessa ákvörðun ríkisskattstjóra. Fyrir héraðsdómi taldi stefnandi að 2 ára fyrningarreglan ætti við enda hafi hann gert skýra grein fyrir arðgreiðslunni og skattfyrirvöld hafi því getað leiðrétt framtal hans á grundvelli 95. gr. laga nr. 90/2003. Þeirri viðbáru var hins vegar ekki haldið til streitu fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdóminum segir svo um þennan þátt málsins: „Í skattframtali stefnanda árið 2007, eru færðar í reit 5.5 „Aðrar skuldir“ 8.434.751 króna sem fyrirframgreiddur arður frá KÞG Holding ehf. Í ársreikningi félagsins vegna rekstrarársins 2006, var þessi sama fjárhæð færð sem „aðrar skammtímakröfur“. Í skattframtali stefnanda árið 2009 var gerð grein fyrir arðgreiðslu að fjárhæð 158.434.751 króna frá sama félagi og staðgreiðsla af arði 15.843.475 krónur. Í ársreikningi KÞG Holding ehf. vegna rekstrarársins 2008 var gerð grein fyrir arðgreiðslu að fjárhæð 158.434.750 krónur, en skammtímakröfu að fjárhæð 8.434.751 króna er ekki getið.“

”

Upplýsti stefnandi skattfyrirvöld ekki að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því. Þykir því frestur samkvæmt 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga eiga við í máli þessu

Ekki verður talið að fyrir ríkisskattstjóra hafi legið fullnægjandi upplýsingar um tilurð og forsendur að baki umræddum greiðslum til stefnanda frá KÞG Holding ehf. eða að honum hafi verið unnt að slá því föstu hvernig þær voru til komnar án þess að veita stefnanda færi á að gefa skýringar þar að lútandi. Verður því ekki talið að ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 hafi girt fyrir þær breytingar sem ríkisskattstjóri gerði á skattskilum stefnanda sem um er deilt, en við endurákvörðun var gætt tímamarka 1. mgr. 97. gr. sömu laga.“

Efnislega lutu mál þessi að því að framteljendur töldu fram arð af hlutafé sem fjármagnstekjur. Ríkisskattstjóri taldi greiðslurnar laun þar sem skilyrði hlutafélagalaga til útgreiðslu arðs væru ekki uppfyllt en skattlagning á slíkar tekjur sem laun byggir á 2. mgr. 11. gr. tsl. Þegar um er að ræða hluthafa sem jafnframt er starfsmaður. Ef hann er ekki starfsmaður teljast tekjurnar hins vegar skattskyldar sem gjöf, sbr. 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl.

## SÖLURÉTTARMÁL

### Dómur Hæstaréttar frá 31. mars 2011 í málinu nr. 626/2010 (Bjarki Diego).

Fyrir dómi krafðist B ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra um endurákvörðun opinberra gjalda hans vegna gjaldáranna 2005 og 2006. Tilefni endurákvörðunarinnar voru samningar sem B gerði við þáverandi vinnuveitanda sinn K (Kaupþing banka hf.) árin 2001 og 2003 um kaup á hlutabréfum í K, en B fékk einnig lán hjá K til kaupa á hlutabréfunum. K skuldbatt sig til að kaupa hlutabréfin aftur af B á sama verði og B

keypti þau með álagi, kysi B svo að þremur árum liðnum, og áskildi K sér jafnframt rétt til að kaupa þau aftur á sama verði ef B léti af störfum hjá honum á sama tímabili. Til tryggingar láninu setti B hlutabréfin að handveði. Með endurákvörðuninni skattlagði ríkisskattstjóri ávinning B af samningunum sem laun. Því undi B ekki og skaut málinu til dómstóla þar sem hann bar m.a. fyrir sig 2. mgr. 97. gr. tsl.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur þetta m.a. fram um sjónarmið stefnanda fyrir hinum styttri fyrningartíma: „Stefn-

andi telur að framtöl hans fyrir gjaldárin 2005 og 2006 hafi verið gerð eftir þágildandi lögum og fyrirmælum skattyfirvalda, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga um tekjuskatt. Með framtali stefnanda fyrir gjaldárið 2006 og þeim fylgigögnum sem ríkisskattstjóri hefði fengið afhent frá vinnuveitanda hans á miðju ári 2005 hefði hann því látið í té allar upplýsingar og gögn um skattskil sín, m.a. vegna umræddra söluréttarsamninga. Hafi skattyfirvöldum því verið óheimilt að endurákvörða honum skattskil vegna gjaldáranna 2005 og 2006 hinn 26. maí 2010 ... Samkvæmt dómnum eru mótrök stefnda hins vegar þau að „2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 sé undantekning frá meginreglu um tímamörk endurákvörðunar skattyfirvalda skv. 1. mgr. ákvæðisins og túlka þurfi hana í samræmi við það. Hvorki komi fram fullnægjandi upplýsingar í framtali stefnanda né í fylgigögnum um hina umdeildu kaupréttarútfærslu. Með þessu móti hafi stefnandi ekki upplýst skattyfirvöld að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því. Eigi lagagreinin því ekki við um takmörkun freststíma. [...] Staðhæfingar stefnanda um að söluréttir hans, sem og annarra, hafi verið opinberir í um áratug vegna tilkynningar til Kauphallar Íslands, sem og að þeir hafi komið fram í uppgjöri, framtölum og ársreikningum KB, breyti engu um það að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar í framtali stefnanda eða í fylgigögnum varðandi þá kaupréttarútfærslu sem hér um ræði, sbr. 2. mgr. 97. gr. Hér skipti öllu máli að stefnandi hafi ekki upplýst skattyfirvöld að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því.“

Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna hans segir svo: „Í framtölum stefnanda, eða í fylgigögnum með þeim, upplýsti stefnandi skattyfirvöld ekki að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því. Þykir því frestur samkvæmt 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga, þ.e. heimild til endurákvörðunar skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára, eiga við í máli þessu.“

### **Dómur Hæstaréttar frá 13. október 2011 í málinu nr. 241/2010 (Þórður Már Jóhannesson).**

Mál þetta snerist um skattlagningu (endurákvörðun) söluréttar hlutabréfa sem Hæstiréttur taldi ekki rétt útfærða. Einnig var tekist á um tímamörk endur-

ákvörðunarinnar en í framtali viðkomandi árs var hvorki vikið að ákvæðum samnings um sölurétt né samkomulagi um niðurfellingu réttinda og skyldna þ samkvæmt samningnum. Í héraðsdómnum er gerð svofelld grein fyrir kröfu stefnanda um tímamörkin: „Gögn málsins sýni enn fremur að síðar, eða á árunum 2006 og 2007, hafi það verið niðurstaða skattyfirvalda að söluréttarsamninga almennt eigi að skattleggja eftir sömu reglum og kaupréttarsamninga og ráðist skattlagningartíminn af því hvenær gjaldandi falli frá sölurétti sínum. Stefnandi bendir á að hér sé um að ræða breytingu á skattaframkvæmd en um slíka breytingu gildi að hún megi ekki hafa afturvirk áhrif, sbr. meginreglu stjórnarsýsluréttar og 2. mgr. 77. greinar stjórnarskrárinnar. Stefnandi heldur því fram að ef hann hefði, á árinu 2003, vitað um þessa túlkun skattyfirvalda á söluréttarsamningum, hefði hann hagað ráðstöfunum sínum með allt öðrum hætti á þeim tíma sem hann seldi hlutabréfin í Straumi yfir í eignarhaldsfélag sitt. Stefnandi heldur því fram að hann eigi ekki að gjalda þess að hvorki voru á þessum tíma settar lagareglur um söluréttarsamninga né kynnt sjónarmið skattyfirvalda um skattlagningu þeirra. Stefnandi byggir á því, að af framansögðu leiði enn fremur, að framtal hans gjaldárið 2004 hafi verið gert eftir þágildandi lögum og fyrirmælum skattyfirvalda, sbr. 1. mgr. 95. gr. tekjuskattslaga, og hann hafi með því framtali og fylgigögnum þess látið í té fullnægjandi upplýsingar.“

Um sjónarmið stefnda segir síðan í héraðsdómnum: „Stefndi telur að þetta fái ekki á nokkurn hátt staðist. Vekur hann athygli á því að hvorki í skattframtali 2004 né skattframtali 2005 hafi komið fram upplýsingar um það að umrædd hlutabréfakaup á árinu 2003 hefðu tengst söluréttarsamningi stefnanda við vinnuveitanda sinn Straum hf. né heldur að sala hlutabréfanna á árinu 2004 hefði tengst brottfalli á því samkomulagi með sérstöku samkomulagi hinn 18. júní 2004 milli sömu aðila. Sé þessa í engu getið.“

Eftir að Hæstiréttur hafði fjallað um þann misskilning að sala hinna umdeildu hlutabréfa hafi verið talin fram á nafni eiginkonu stefnanda, sem helgist af því að afrit fylgiskjalanna komi á hennar nafni þar sem hún sé fædd fyrr á árinu en stefnandi, segir í dómnum: „Þetta fær því ekki breytt að áfrýjandi upplýsti eins og að framan er rakið hvorki í framtali sínu fyrir gjaldárið 2004 né gjaldárið 2005 að eigin frumkvæði um sölurétt eða kauprétt sam-

kvæmt samningi við Fjárfestingarfélagið Straum hf. sem hann naut vegna stöðu sinnar hjá félaginu. Heimild til endurákvörðunar skatts fer því eftir 1. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 og nær til síðustu sex ára á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Skiptir engu í þeim efnum að í tilkynningu um viðskiptin til kauphallar hafi verið getið um söluréttinn.“

Mál þessi snerust um það hvort myndast hafi skattskylda vegna svonefnds söluréttar og á hvaða veg hagnaður væri reiknaður við nýtingu hans. Um er að ræða að einstaklingur gerir samning um kaup á hlutabréfum en samhliða kaupsamningnum er gerður annar samningur þar sem einstaklingnum er veittur réttur til að selja hlutabréfin aftur til upphaflegs seljanda á sama verði og hann keypti bréfin á, t.d. ef lækkun verður á markaðsverði hlutabréfanna. Einstaklingurinn er þannig varinn fyrir tapi eða fjárhagstjóni af lækkanði eða lækkuðu hlutabréfaverði. Skattskyldan byggir á 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tsl. Tekjur þessar geta myndast með tvennum hætti. Annars vegar ef einstaklingur nýtir sér sölurétt og telst þá til tekna hagnaður sem svarar til mismunar söluverðs og markaðsverðs hlutabréfanna. Og hins vegar þegar einstaklingur losnar undan kauprétti félags og telst þá til tekna mismunur á markaðsverði hlutabréfanna og því verði sem kaupréttur kvað á um ef hann hefði verið nýttur.

## **HEFÐBUNDIN FRUMÁLAGNING FELLUR NIÐUR**

### **H 1997:3274 (I. Magnússon sf.).**

Málavextir voru þeir að skattstjóri Reykjavíkur endurákværðaði opinber gjöld félagsins gjaldárin 1987-1989 þar sem það taldist ekki vera sjálfstæður skattaðili. Ætti því einungis að leggja á félagið aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald en tekjuskatt og eignarskatt skyldi leggja á eigendur þess. Málið fór fyrir ríkisskattanevnd sem með úrskurði dags. 30. júní 1992 féllst á kærnu félagsins um að uppfyllt væru skilyrði sjálfstæðrar skattaðildar og hagaði álagningunni í samræmi við skattframtöl þess. Meðan málið var til meðferðar hjá ríkisskattanevnd taldi félagið fram með

óbreyttum hætti gjaldárin 1990 og 1991 eins það hefði stöðu sjálfstæðs skattaðila. Skattstjórinn í Reykjavík fór hins vegar með þessi framtöl í samræmi við afstöðu sína hin fyrri gjaldár. Lagði hann því ekki tekjuskatt eða eignarskatt á félagið, en sendi endurrit af framtalsgögnum þess og álagningarseðlum til skattstjórans í Reykjanesumdæmi og benti á að félagið væri ekki sjálfstæður skattaðili. Með bréfi 8. desember 1992 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík svo félaginu, að hann hefði í samræmi við úrskurð ríkisskattanevndar í hyggju að endurávarða opinber gjöld þess gjaldárin 1990 og 1991 samkvæmt „ákvæði 2. ml. 96. gr.“ laga um tekjuskatt og eignarskatt, en Hæstiréttur taldi „auðsætt, að þar [væri] átt við 2. málslið 2. mgr. 96. gr. eins og síðar kom fram af hálfu skattstjóra.“ Þeirri boðun hrinti skattstjóri í framkvæmd með úrskurði sem sætti kæru til yfirsattanevndar á þeirri forsendu að frestur samkvæmt 2. mgr. 97. gr. til endurákvörðunar væri liðinn. Félagið undi ekki úrskurði yfirsattanevndar, sem staðfesti úrskurð skattstjóra, og skaut málinu til dómstóla.

Í héraðsdóminum kemur fram að stefndi (skattkrefjandinn) telji að 2. mgr. 97. gr. verði ekki beitt þar sem stefnandi hafi skilað báðum skattframtölunum eftir að framtalsfrestur var útrunninn. Þá segir stefndi skattákvörðunina gerða með vísan í 2. másl. 2. mgr. 96. gr. og þá gildi eftir „orðan sinni“ regla 1. mgr. 97. gr. Þá mótmælir stefndi þeim skilningi að um eiginlega endurákvörðun hafi verið að ræða enda hafi skattstjóri ekki áður lagt á félagið (stefnanda) umrædd gjaldár, hvorki með áætlun né öðrum hætti. Héraðsdómur féllst á að framtölunum hafi verið skilað eftir að frestir til skilanna voru útrunnir en segir síðan: „Ákvörðun skatts eftir 96. gr. laganna verður ekki beitt samkvæmt orðum lagagreinarinnar í þeim tilvikum, þegar framtali er ekki skilað innan lögboðins framtalsfrests, heldur koma til álita ákvæði 2. mgr. 95. gr., 99. gr. og 106. gr. sömu laga. Einnig verður að líta svo á, að þegar stefnandi skilaði skattstjóra framtölum fyrir umrædd ár, hafi hann látið í té allar þær upplýsingar, sem reisa mátti rétta álagningu á. Verður því að telja, að 2. mgr. 97. gr. eigi við um heimildir skattstjóra til þeirra skattávarðana, sem hér um ræðir.“

Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms með þessum röksemdum: „Við álagningu skatta í Reykjavík gjaldárin 1990 og 1991 tók skattstjóri þá ákvörðun að leggja ekki tekjuskatt eða eignarskatt

á sameignarfélag stefnda. Sú ákvörðun byggðist ekki á skoðun eða mati á framtalsgögnum félagsins, sem eru ekki ágreiningsefni í málinu, heldur varðaði hún stöðu þess sem skattaðila. Studdist hún við úrskurð skattstjórans frá 28. maí 1990 vegna gjaldáranna 1987-1989, sem þá stóð óhaggaður, en hafði verið skotið til ríkisskattanevndar. Var ákvörðunin þannig áfangi á ferli, sem hófst með erindi skattstjóra til félagsins 14. febrúar 1990, og mátti sameigendunum vera ljóst, að hún yrði tekin til endurskoðunar, ef umræddum úrskurði yrði breytt af hálfu ríkisskattanevndar. Var þetta enn ljósara fyrir það, að verkefni skattfirvalda gagnvart félaginu var aðeins hálfunnið, þar sem skattstjórinn í Reykjanesumdæmi hafði ekki gert reka að þeirri skattlagningu á hendur sameigendunum sjálfum, sem fylgja átti í kjölfarið lögum samkvæmt. Það gerðist og án ástæðulausrar tafar, eftir að úrskurður nefndarinnar lá fyrir, að skattstjórinn í Reykjavík tilkynnti félaginu, að álagning gjaldáranna 1990 og

hent. Var skattstjóra rétt að taka afstöðu til framtalanna í samræmi við þann úrskurð, sem fyrir lá, og síðan að breyta henni, ef hinn æðri úrskurður gengi í aðra átt. Varð heimildum hans og skyldum í þessu efni ekki raskað við það eitt, að málsmeðferð hjá ríkisskattanevnd tók lengri tíma en til var ætlast eftir þágildandi 9. mgr. 100. gr. laga nr. 75/1981. Aðgerðir skattstjóra voru þannig lögmætar og í eðlilegu samræmi við afstöðu stefnda sjálfs, eins og henni var lýst í framtölunum. Fóru þær ekki í bága við þá hagsmuni stefnda, sem 2. mgr. 97. gr. laganna var einkum ætlað að vernda. Sú ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts, sem hér er um deilt, verður ekki talin endurákvörðun í þeim skilningi, sem við er átt í þessari lagagrein, eins og málsatvik voru vaxin.“

### **Dómur Hæstaréttar frá 18. júní í málinu nr. 32/1999 (Boðeind sf.).**

Skattstjóri féllst ekki á sjálfstæða skattskyldu B, sem skilað hafði skattframtali í fyrsta sinn á árinu 1988. B mótmælti

”

## Málavextir voru þeir að skattstjóri Reykjavíkur endurávarðaði opinber gjöld félagsins gjaldárin 1987-1989 þar sem það taldist ekki vera sjálfstæður skattaðili

1991 yrði tekin upp og felld að niðurstöðu úrskurðarins. Var því greinilega lýst í bréfi skattstjóra 8. desember 1992, að tilgangur þessa væri ekki annar en sá að ákvarða félaginu tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við þá viðurkenningu á sjálfstæðri skattaðild þess, sem nefndin hafði veitt eftir kröfu þess sjálfs, og þá jafnframt í samræmi við það, sem félagið hafði miðað við í framtölum sínum þessi gjaldár. Yrði ákvörðunin byggð á upphaflegum framtalsgögnum.

[ . . . ]

Í því máli, sem hér er til úrlausnar, skorti hvorki á fullnægjandi upplýsingar í framtölum stefnda né fullnægjandi skoðun þeirra, heldur var það efni til álita, hvort hann hefði stöðu sjálfstæðs skattaðila. Úr því hafði skattstjóri áður leyst með úrskurði, sem stefndi hafði skotið til æðra úrskurðarvaldshafa, og var hann þar enn til úrlausnar, þegar framtölin voru af-

ákvörðuninni og í desember 1994 féllst skattstjóri í kærúrskurði á sjálfstæða skattaðild B og lagði skattframtal félagsins 1988 til grundvallar álagningu fyrir það ár. B kærði þá álagningu til yfirsattanevndar þar sem hann taldi 2. mgr. 97. gr. standa í vegi fyrir álagningunni en yfirsattanevnd staðfesti úrskurð skattstjóra. B skilaði skattframtölum fyrir árin 1989-1994, en ekki voru lögð opinber gjöld á félagið samkvæmt framtölunum fyrr en í desember 1994. B kærði einnig þá ákvörðun til yfirsattanevndar á sömu forsendum og hina fyrri (gjaldárin 1989-1992) en hafði ekki meðbyr. Um fyrrgreindu ákvörðunina, þ.e. varðandi gjaldárið 1988, segir svo í dómi Hæstaréttar: „Til þess verður hins vegar að líta að stefndi átti sjálfur frumkvæði að kærumeðferðinni og leitaði með henni þeirrar niðurstöðu, sem að endingu fékkst. Hann gat ekki vænst annars en þess að gjöld yrðu lögð á hann að feng-

inni þeirri niðurstöðu í samræmi við þær upplýsingar, sem greindi í framtali hans. Sá verulegi dráttur, sem varð á meðferð málsins í höndum skattstjóra, gat ekki gefið stefnda réttmætt tilefni til að álykta að skattstjóri hefði horfið frá því að leggja á gjöld samkvæmt framtali hans. Í þessu ljósi verður ekki fallist á að ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 hafi staðið því í vegi að skattstjóri gæti í desember 1994 lagt gjöld á stefnda á grundvelli skattframtals hans 1988, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 3274.“ Um seinni ákvörðun (úrskurð) skattstjóra segir hins vegar svo í dómnum: „Óumdeilt er að stefndi skilaði skattstjóra skattframtölum árin 1989 til 1992. Þótt stefndi hafi lagt til grundvallar við gerð framtalanna að hann nyti stöðu sjálfstæðs skattaðila, gat ágreiningur um það efni á engan hátt hindrað að skattstjóri legði þessi árin gjöld á stefnda sjálfan að minnsta kosti í sama mæli og gert var við álagningu 1988 og með fyrrgreindri ákvörðun 18. júní 1990. Það gerði skattstjóri hins vegar ekki og tilkynnti heldur ekki stefnda um ástæður þess. Af þessum sökum gat stefndi ekki litið á sinnuleysi skattstjóra um að sýna framtalskilum hans viðbrögð sem ótvírætt merki um að gjöld yrðu lögð á hann í einu lagi þegar leidd hefðu verið til lykta álitafni um sjálfstæða skattaðild hans með úrlausn um kæru vegna gjalda ársins 1988, en að þessu leyti eru atvik málsins mjög á annan veg en í því máli, sem leyst var úr með fyrrnefndum dómi í dómasafni 1997, bls. 3274. Gat skattstjóri því ekki geymt sér á þennan hátt með öllu að leggja á stefnda gjöld árið 1989 og síðar í því skjóli einu að óútkljáð væri deila um hvort hann gæti verið sjálfstæður skattaðili.

Þótt skattstjóri hafi ekki lagt á gjöld jafnóðum eftir skattframtölum stefnda 1989 til 1992 gat hann beitt heimild samkvæmt lokaorðum 2. málsliðar 2. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 til frumálagningar gjalda á síðari stigum. Slíka álagningu verður að telja endurákvörðun skatts í skilningi 97. gr. sömu laga. Þrátt fyrir álitafni um sjálfstæða skattaðild stefnda voru ekki á framtölum hans annmarkar, sem girt gátu fyrir að gjöld yrðu að öllu leyti lögð á samkvæmt þeim, enda var ótvírætt viðurkennt með fyrrgreindum ummælum í bréfi skattstjóra 18. júní 1990 að leggja mætti skattframtal stefnda 1988 til grundvallar álagningu, þótt ágreiningur væri um þetta efni. Eru atvik hér með þeim hætti, sem um ræðir í 2. mgr. 97. gr.

laga nr. 75/1981. Var heimild skattstjóra til að leggja gjöld á stefnda samkvæmt skattframtölum hans 1989 til 1992 því fallin niður 6. desember 1994.“

Í þessum málum fór ekki fram álagning við hefðbundna frumálagningu opinberra gjalda þó framtöl væru fyrirbyggjandi. Álagning síðar byggði því á 2. mgr. 96. gr. tsl. Ástæða þess að frumálagning á venjulegum álagningartíma féll niður voru áhöld um hvort skattaðilarnir (sam-eignarfélög) uppfylltu skilyrði 3. tölul. 2. gr. tsl. til að vera sjálfstæðir skattaðilar.

## III

### Þrjú fyrstnefndu dómarnir

Þess var fyrir getið að þrjú fyrstnefndu dómarnir hefðu vissa sérstöðu. Er þar haft í huga að í einum þeirra, *H 1995:2328 (Pharmaco hf.)*, var farið út fyrir upplýsingar í framtalsgögnum við ákvörðun á því hvort 2. mgr. 97. gr. tsl. ætti við og í tveimur var gengið lengra en tíðkast hafði í skattframtöllum (og tíðkast enn) við mat á því hvað teldust óbyggjandi upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 95. gr. tsl. Um niðurstöðuna í *H 1998:2971 (Myllan-Brauð hf.)* segir Ólafur Jóhannes Einarsson að andmælaregla stjórnýslulaga heimili ekki þá rúmu túlkun á 1. mgr. 95. gr. sem birtist í dómnum og eigi það við alla gjaldaliðina sem til umfjöllunar voru. (Útljótur 1999 (2000 á kápu) 4. tbl. bls. 531-543).<sup>1</sup> Um fyrsta dóminn, *H 1989:230*, er það að segja að í skattframtöllum hefur verið talið að kanna þurfi huglæga afstöðu framteljanda áður en því er slegið föstu að hann hafi aðhafst eitthvað í hagnaðarskyni. Um það hafa gengið allmargir úrskurðir yfirskaðanefndar eins og t.d. um mat á því hvað skuli teljast atvinnurekstrartekjur, sbr. úrskurði hennar nr. 429/2000 og 3/2008. Þrátt fyrir þennan dóm hefur í skattframtöllum ekki verið talinn lagagrundvöllur fyrir því að beita 1. mgr. 16. gr. tsl. nema gefa skattaðila fyrst kost á að færa rök fyrir því að 2. mgr. hennar ætti við í hans tilviki. Í ljósi seinni dómsúrlausna þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um þessa dóma að undanskyldu því sem segir í IV.1 hér á eftir.

## IV

### Aðrir dómur

Eins og segir í inngangi þessara skrifa er tekið fram í athugasemdum við 2. mgr. 97. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, að í þessu laganýmæli felist „að frestur til endurupptöku er stytur ef ástæðan fyrir henni er ófullnægjandi skoðun skattstjóra á framtali og fylgigögnum þess en ekki ófullnægjandi upplýsingar skattaðila.“ Einnig að málsgreinin eigi aðeins við „ef upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, koma beinlínis fram í framtali eða fylgigögnum þess, en 1. mgr. gildir ef þessi gögn eru ófullnægjandi enda þótt skattstjóri hefði mátt vera ljóst fyrir að eitthvað var athugað við framtalið.“ Um er því að ræða upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu á og þær upplýsingar verða að hafa legið fyrir í framtalinu sjálfu eða fylgigögnum þess. Viðfangsefnið er því að skoða hvernig þetta megin skilyrði hefur verið túlkað í dómum Hæstaréttar. Í eftirfarandi umfjöllun verður vísað til 92. - 98. gr. án þess að tilgreina lagaheitið (lög nr. 90/2003 um tekjuskatt) eða notast við skammstöfun.

1. Í *H 1995:2328 (Pharmaco hf.)* voru upplýsingar hjá hlutafélagaskrá lagðar að jöfnu við upplýsingar í skattframtalsgögnum. Ekki verður séð að Hæstiréttur hafi síðar meir horft til upplýsinga utan framtalsgagna framteljandans heldur hefur hann verið nokkuð afdráttarlaus í orðalagi um þetta skilyrði, sbr. t.d. *dóm Hæstaréttar í málinu nr. 217/2015 (Ingimundur hf.)*: „Þegar metið er hvort ákvæðið í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 eigi við verður að miða við þær upplýsingar er framteljandi hefur látið í té í skattframtali sínu og þeim gögnum sem því fylgdu.“ Í *dómi Hæstaréttar í málinu nr. 555/2012 (Toyota)* segir og: „Tilvísun áfrýjanda til þess að þetta hefði mátt ráða af gögnum um samruna félaganna og sérstöku skattframtali Berg-eyjar ehf. 2006 fær engu um það breytt, enda fylgdu umrædd gögn ekki skattframtölum áfrýjanda.“ Ekki dugði heldur að tilskildar upplýsingar mátti nálgast í kauphöllinni, sbr. *dóma Hæstaréttar í málunum nr. 241/2010 og 626/2010* en í þeim fyrrnefnda sagði: „Skiptir engu í þeim efnum að í tilkynningu um viðskiptin til kauphallar hafi verið getið um söluréttinn.“ Þá

1 Hafa ber í huga að ákvarðanir skattstjóra í máli þessu voru teknar fyrir gildistöku stjórnýslulaganna.

virðist ekkert hafa verið gert með þá máls-  
ástæðu Samherja hf. í *dómi Hæstaréttar í  
málinu nr. 529/2013*, að ríkisskattstjóri  
hafi við endurákvörðunina byggt á upp-  
lýsingum í hlutafélagaskrá sem hann sjái  
um rekstur á. En er þá hægt að slá því  
föstu að undir öllum kringumstæðum  
beri einungis að miða við upplýsingar  
í framtali eða fylgigögnum þess eins og  
ætla má af orðum greinargerðarinnar  
og ótvíræðu orðalagi sumra dómanna?  
Ef ekki væri fyrir *dóm Hæstaréttar í mál-  
inu nr. 210/2015* væri freistandi að svara  
þessu óhikað játandi en í þeim dómi segir:  
„Þegar metið er hvort undantekningar-  
ákvæðið eigi við verður að miða við þær  
upplýsingar er framteljandi hefur látið í té  
í skattframtali sínu og þeim gögnum sem  
því fylgdu. Ef ríkisskattstjóri þarf að afla  
upplýsinga annars staðar frá, til dæmis  
úr öðrum skattframtölum, á ákvæðið að  
jafnaði ekki við.“ (Undirstr. höf.). Með  
hliðsjón af orðalagi 2. mgr. 97. gr., fyrr-  
greindum frumvarpsathugasemdum og  
öðrum dómum Hæstaréttar er ljóst að  
þessi fyrirvari hlýtur að takmarkast við  
mjög sérstök tilvik. Sjá þó það sem segir  
í kafla VI. hér á eftir um utanaðkomandi  
upplýsingar sem í skattframtæmd hafa  
verið taldar óyggjandi skv. 1. mgr. 95. gr.,  
en sú framtæmd hefur ekki náð til upp-  
lýsinga úr öðrum skattframtölum.

**2a.** Hitt skilyrðið, hvað séu fullnægjandi  
upplýsingar til að byggja rétta álagningu  
á, er vandmeðfarnara eins og ýmsir  
framangreindra dóma sýna. Við skýr-  
ingu dómstóla á 2. mgr. 97. gr. kemur  
þó snemma fram að leita samjöfnunar  
við breytingaheimildir 2. og 3. málsliðar  
1. mgr. 95. gr. þó þar sé misfast að orði  
kveðið. Þessir málsliðir orðast svo: „Þó skal  
ríkisskattstjóri leiðrétta augljósar reiknings-  
skekkjur. Enn fremur getur ríkisskattstjóri  
leiðréttt fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru  
í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli  
skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals  
ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu  
fyrir hendi, en gera skal skattaðila viðvart  
um slíkar breytingar.“ Þetta kemur fyrst  
fram í *H 1996:470 (Olíufélagsmálinu)* og  
síðan í *H 1997:3023 (Málning ehf.)*, en þar  
segir í héraðsdóminum: „Eftirlaunaskuld-  
bindingin var færð í ársreikning með svo  
einföldum og augljósum hætti, að skatt-  
stjóra var unnt að leiðrétta skattframtalið

einhliða með hliðsjón af fyrirliggjandi  
gögnum samkvæmt heimild í 3. másl.  
1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 og leggja  
skatta á stefnanda í samræmi við þær leið-  
réttingar.“ Meirihluti Hæstaréttar, sbr. kafla  
II. í dómnum, lítur einnig til 95. gr. en  
snýr við niðurstöðu héraðsdóms. Minni-  
hlutinn segir hins vegar: „Þessa lagagrein  
ber að skýra sjálfstætt eftir efni sínu, og

og einstaka liði þess, sbr. annan og þriðja  
máslíð 1. mgr. 95. gr. laganna, án þess að  
hafa áður leitað skýringa hjá framteljanda  
og gefið honum kost á andmælum ...“ Í  
*málinu nr. 529/2013 (Samherji hf.)* er svo  
orðalag Hæstaréttar alveg afdráttarlaust:  
„Að því er varðar frest ríkisskattstjóra  
samkvæmt 97. gr. laga nr. 90/2003 til að  
endurákveða opinber gjöld áfrýjanda er

”

## Enn fremur getur ríkisskattstjóri leiðréttt fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi

verður hún ekki talin einskorðuð við  
aðildir skattstjóra samkvæmt 1. mgr. 95.  
gr. laganna eða heimildir hans og mögu-  
leika til einhliða breytingar á framtölum  
skattþegna, þótt umfang þeirra heimilda  
hljóti að ráða miklu um skýringuna.“ Í  
*H 1997:3039 (Freyja hf.)* segir meirihluti  
réttarins að við skýringu á 2. mgr. 97.  
gr. verði að líta til ákvæða 95. gr., og hjá  
meirihluta réttarins í *málinu nr. 384/1998  
(Fiskaness hf.)* er í fyrsta sinn vísað beint  
til fyrrnefndra athugasemda í frumvarpi  
því sem varð að lögum nr. 40/1978. Í *H  
1998:2971 (Myllan-Brauð hf.)* segir og:  
„Hann [skattstjóri] hafi því ekki þurft að  
leita frekari skýringa, og gat hann strikað  
frádráttarliðina út samkvæmt 1. mgr. 95.  
gr. laga nr. 75/1981.“ Bæði í *H 1997:3023  
(Málning ehf.)* og *málinu nr. 66/2001 (Sig-  
urður Ágústsson ehf.)* vísar svo Hæstiréttur  
til orðnotkunar 95. gr. „óyggjandi upp-  
lýsingar“ en í þeim síðarnefnda stendur:  
„Eins og framtal stefnda og fylgigögn þess  
lágu fyrir skattstjóra á þessum tíma gat  
hann ekki séð með óyggjandi hætti, hvort  
fyrreindur frádráttarliður ætti rétt á sér  
að einhverju leyti eða öllu.“ Í *málinu nr.  
217/2015 (Ingimundur hf.)* segir: „Við skýr-  
ingu á ákvæðinu hefur Hæstiréttur talið að  
líta beri til heimildar skattstjóra til að leið-  
rétta augljósar reikningsskekkjur í framtali

þess að gæta að eins og hér stóð á var þeim  
fyrirnefnda ekki heimilt að breyta skatt-  
framtölum þess síðarnefnda á grundvelli  
1. mgr. 95. gr. laganna án þess að hafa áður  
leitað skýringa áfrýjanda og gefið honum  
kost á andmælum. Af því leiðir að regla 2.  
mgr. 97. gr. laganna um tveggja ára frest til  
endurákvörðunar opinberra gjalda átti hér  
ekki við.“ (Undirstr. höf.) Af framansögðu  
má því fullyrða að beiting 2. mgr. 97. gr.  
veldi á því hvað séu óyggjandi upplýsingar  
í skilningi 1. mgr. 95. gr., a.m.k. þeirra sem  
fram koma í viðkomandi skattframtali eða  
fylgigögnum þess.

**2b.** Þrátt fyrir framangreinda samsvörun  
við breytingaheimild 1. mgr. 95. gr. er  
þjörninn ekki þar með unninn. Því við  
tekur sú spurning hvað séu óyggjandi  
upplýsingar samkvæmt því lagaákvæði.  
Af eftirlaunadómnum sést að mjótt getur  
verið á milli þess hvað séu fullnægjandi  
upplýsingar og hvað ekki og hversu  
auðvelt var að rökstyðja gagnstæðar nið-  
urstöður.<sup>2</sup> Þá sést einnig í *dómi Hæstaréttar  
frá 20. maí 1999 í málinu nr. 384/1998  
(Fiskaness hf.)* hversu misjafnt mat má  
leggja á þýðingu þess sem fyrir liggur, en  
í málinu klofnaði Hæstiréttur í 3-2 þar  
sem meirihlutinn staðfesti héraðsdóminn.  
Niðurstaðan í eftirlaunadómnum er þó

2 Í máli Olíufélagsins hf. voru dómstigin sammála. Í Málningu ehf. og Freyju hf. voru héraðs-  
dómur og einn af fimm dómurum Hæstaréttar sammála. Í Sigurði Ágústssyni ehf. snéri  
Hæstiréttur við dómi héraðsdóms og í Vífilfelli ehf. var einn dómari Hæstaréttar af fimm  
sammála héraðsdómi. Þetta endurspeglar m.a. mismunandi túlkun á því hvort 2. mgr. 97.  
gr. samsami sig alfarið við 1. mgr. 95. gr. eða ekki.

3 Meirihluti Hæstaréttar taldi þó að í framtali 1989 hefðu heldur ekki legið fyrir fullnægjandi  
upplýsingar.

sú að strangar kröfur eru gerðar til þess hvað séu fullnægjandi upplýsingar (sem er í góðu samræmi við skattframtal varðandi beitingu 1. mgr. 95. gr.). Leggja ber mat á hvert framtalsár fyrir sig, sbr. niðurstöðu héraðsdóms og minnihluta Hæstaréttar í H 1997:3023 (*Málning ehf.*), en þar þóttu eftirlaunaskuldbindingarnar skýrðar með fullnægjandi hætti í skatt-

gagna og upplýsinga.“ Í *dómi Hæstaréttar nr. 316/2002 (GÁJ ehf.)* sagði: „Að því er varðar varakröfu varnaraðila verður að líta til þess að skattstjóri lagði grunn að endurákvörðun sinni með athugun á bókhaldsgögnum Hafrafells ehf., en ekki var um það að ræða að varnaraðili hafi látið í té fullnægjandi upplýsingar með framtali sínu eða fylgigögnum þess, sbr.

sendna hans: „Í framtölum stefnanda, eða í fylgigögnum með þeim, upplýsti stefnandi skattyfirvöld ekki að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því. Þykir því frestur samkvæmt 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga, þ.e. heimild til endurákvörðunar skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára, eiga við í máli þessu.“ Og í *dómi Hæstaréttar nr. 241/2010 (Þórður Már)* sagði „að áfrýjandi upplýsti eins og að framan er rakið hvorki í framtali sínu fyrir gjaldárið 2004 né gjaldárið 2005 að eigin frumkvæði um söluátt eða kauprétt samkvæmt samningi við Fjárfestingarfélagið Straum hf. sem hann naut vegna stöðu sinnar hjá félaginu. Heimild til endurákvörðunar skatts fer því eftir 1. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 ...“ Til að skattlagningu söluáttar megi ákvarða einhliða samkvæmt 1. mgr. 95. gr. má þannig ætla að framtalinu verði að fylgja öll þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að sjá megi hvers eðlis samningar eru og að skýrt liggja fyrir hvernig söluáttaruppgjörinu hafi verið hagað. Af *dómi Hæstaréttar nr. 32/1999 (Boðeind sf.)* má sjá að þegar ekki er lagt á skv. 95. gr., sbr. og 98. gr., þó framtölin liggja fyrir, þá gildi 2. mgr. 97. gr. í framhaldinu. Aðstæður geta þó verið með þeim hætti að hin síðbúna álagning sé hluti af ferli sem hafi hafist áður en sú álagning átti sér stað og þá verði niðurstaðan önnur, sbr. H 1997:3274 (*I. Magnússon sf.*) hvar sagði: „Við álagningu skatta í Reykjavík gjaldárin 1990 og 1991 tók skattstjóri þá ákvörðun að leggja ekki tekjuskatt eða eignarskatt á sameignarfélag stefnda. Sú ákvörðun byggðist ekki á skoðun eða mati á framtalsgögnum félagsins, sem eru ekki ágreiningsefni í málinu, heldur varðaði hún stöðu þess sem skattaðila. Studdist hún við úrskurð skattstjórans frá 28. maí 1990 vegna gjaldáranna 1987-1989, sem þá stóð óhaggaður, en hafði verið skotið til ríkisskattanefndar. Var ákvörðunin þannig áfangi á ferli, sem hófst með erindi skattstjóra til félagsins 14. febrúar 1990, og mátti sameigendunum vera ljóst, að hún yrði tekin til endurskoðunar, ef umræddum úrskurði yrði breytt

”

## Í framtölum stefnanda, eða í fylgigögnum með þeim, upplýsti stefnandi skattyfirvöld ekki að eigin frumkvæði um að hann hefði eignast hlutafé í félaginu vegna stöðu sinnar og starfa hjá því

framtali 1989 en ekki í skattframtölum 1990 og 1991. Það er því ekki nægilegt að vísa einungis í framtal fyrra árs nema slík samsvörum sé á milli ára í allri framtalsetningu að engu þurfi við að bæta.<sup>3</sup> Til að sjá heildarmyndina í samruna- og skiptingarmálum þarf oftast að byggja á upplýsingum og gögnum sem liggja í öðrum skattframtölum, t.d. um viðskipti með hlutabréf í samrunaferlinu. Án þeirra upplýsinga verður tæpast gengið úr skugga um hvort gagngjaldsskiyrðið sé uppfyllt. Einnig þarf að leita eftir afstöðu skattaðilans um hinn rekstrarlega tilgang samrunans eða skiptingarinnar. Að öllu jöfnu liggja því mál af þessum toga ekki þannig fyrir að 2. mgr. 97. gr. eigi við. Eðli málsins samkvæmt á hún enn síður við í skattasniðgöngumálum enda kalla þau á sérstaklega vandaðan undirbúning í samræmi við rannsóknarreglu 1. mgr. 96. gr. og 10. gr. stjórnsýslulaga. Í *dómi Hæstaréttar nr. 321/2008 (Sundagarðar hf.)* sagði t.a.m.: „Skattframtöl stefnda voru tekin til rannsóknar meðal annars með tilliti til þess hvort 58. gr. laga nr. 75/1981 ætti við. Það eitt hlaut að leiða til þess að ráðast þurfti í umfangsmikla öflun

2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981.“ Þegar ríkisskattstjóri skattleggur framtaldar arðgreiðslur sem laun (ekki sem arð), þar sem skilyrði hlutafélagalaga til arðsúthlutunar teljast ekki uppfyllt, eru mál yfir höfuð þannig vaxin að ákvörðunin byggir á utanaðkomandi upplýsingum, aðallega úr framtalsgerð þeirra sem greiðslurnar inna af hendi. Í *dómi Hæstaréttar nr. 210/2015 (Friðjón)* sagði, að óumdeilt væri að arðgreiðslan hafi átt sér stað sama ár og félagið var stofnað en „Það eitt að greina kennitölu félagsins í framtalinu [væri] ekki nægilegt til að upplýsingar um greiðsluna teldust fullnægjandi í skilningi 2. mgr. 97. gr. síðargreindu laganna.“ Hefði F hins vegar tekið fram í athugasemdadálki framtals síns eða á annan hátt í framtalsgögnum, að honum hafi verið úthlutað arði frá TH ehf. á stofnári félagsins, hefði málið trúlega fallið undir 2. mgr. 97. gr. Í söluáttarmálunum vantaði að tilgreina í framtalsgögnum að framteljendum hefðu áskotnast hin seldu hlutabréf vegna starfsambandsins við vinnuveitandann. Í *dómi Hæstaréttar nr. 626/2010 (Bjarki Diego)* sagði svo í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til for-

4 Í máli Boðeindar sf. sagði: „Þrátt fyrir álitaeftni um sjálfstæða skattaðild stefnda voru ekki á framtölum hans annmarkar, sem girt gátu fyrir að gjöld yrðu að öllu leyti lögð á samkvæmt þeim, enda var ótvírætt viðurkennt með fyrgreindum ummælum í bréfi skattstjóra 18. júní 1990 að leggja mætti skattframtal stefnda 1988 til grundvallar álagningu, þótt ágreiningur væri um þetta efni. Eru atvik hér með þeim hætti, sem um ræðir í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981.“ Þá sagði í úrskurði yfirséðar nefndar nr. 5/1998: „Fyrir skattstjóra lá skattframtal umrædds sameignarfélags árið 1994 sem borist hafði skattstjóra 24. maí 1994 samkvæmt áritun hans á framtalið um móttöku þess, en út af fyrir sig er ekki um það deilt að byggja mátti rétta álagningu á framtalinu.“ Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga: Þegar skattframtal berst að loknum skilafresti á ríkis-

skattstjóri um tvennt að velja; að leggja framtalið til hliðar og áætla skattstofna (framtalið fer þá í kæruméðferð) eða leggja á framtalið óbreytt eða með breytingum, annaðhvort með heimild í 1. mgr. 95. gr. eða að undangenginni málsmeðferð skv. 1. mgr. 96. gr. Ef framtal berst hins vegar á réttum tíma má aldrei leggja það til hliðar og áætla skattstofna eða fresta álagningunni. Annað hvort ber að leggja á framtalið óbreytt eða eftir atvikum með breytingum skv. 1. mgr. 95. gr. eða 1. mgr. 96. gr. (þ.m.t. áætlun skattstofna). Ef álagningin ferst engu að síður fyrir, hvort heldur viljandi eða fyrir slysi, er ljóst af þeirri réttarstöðu sem hér er lýst, að þegar síðar kemur að því að leggja á (2. málsl. 2. mgr. 96. gr.) skiptir engu máli hvort á framtal mátti upphaflega leggja óbreytt eða með breytingum skv. 1. mgr. 95. gr. eða 1. mgr. 96. gr. Í öllum tilvikum takmarkast endurupptakan við tímamörk 2. mgr. 97. gr.



af hálfu ríkisskattanevndar.“ Meginmunur þessara mála fellst væntanlega í því að í I. Magnússon sf. er skattstjóri að fylgja eftir fyrri ákvörðun en í Boðeind sf. fylgdi hann ekki eftir ákvörðun sinni frá 18. júní 1990 varðandi skattframtal 1988. Í fyrra málinu taldi Hæstiréttur að ekki hafi verið um endurákvörðun að ræða í skilningi 2. mgr. 97. gr. en svo hafi hins vegar verið í seinna málinu.

## V

### Tímaviðmið og rof fyrningar

Í dómunum hefur haldist sú lína sem leiðir af beinni orðskýringu lagaákvæðisins („vegna síðustu tveggja [sex] ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram“) að lok endurákvörðunartímans séu áramót en ekki framlagningardagur álagningarskráa (1. mgr. 98. gr.). „Tveggja ára“ endurákvörðunartími gagnvart álagningu gjaldársins

2014 féll þannig niður 1. janúar 2016. Á árinu 2016 má því samkvæmt styttri fyrningarfrestinum einungis endurákvörðaða skattálagningu gjaldáranna 2015 og 2016, en ekki teygja endurákvörðunartíma vegna framtala 2014 fram að lokum álagningar 2016. Gagnvart lögaðilum sem lagt er á í lok október er það því einungis í tvo mánuði sem framtöl tveggja ára eru undir til endurákvörðunar, annars er það alltaf eitt framtal. Er því hæpið að tala um tveggja ára endurupptökuheimild.<sup>5</sup>

Hafa ber í huga að þau skattalegu atriði sem breytingum sæta með endurákvörðun geta leitt af atvikum (gerningum) sem áttu sér stað á árum sem tímaheimild til endurákvörðunar nær ekki til, hvort heldur um ræðir 1. eða 2. mgr. 97. gr., og gildir þá t.a.m. einu þó sá frádráttur sem fella á niður hafi viðgengist á fyrri árum sem ekki má lengur hrófla við. Sjá hér *dóm Hæstaréttar í málinu nr. 321/2005 (Sundagarðar hf.)*: „Afföll vegna skuldabréfanna voru færð til frádráttar í skattframtölum stefnda þau ár, sem endurákvörðun skattstjóra tekur til, og breytir engu þótt þau séu vegna skuldar, sem stofnað var til mun fyrr eða á tekjuárinu 1993.“ Að lokum er þess að geta að það er úrskurður ríkisskattstjóra um endurákvörðunina (5. mgr. 96. gr.) sem rýfur fyrningarfrestinn nema þegar málið hefur sætt rannsókn hjá

skattannsóknarstjóra ríkisins eða héraðs-saksóknara en þá er miðað við upphafsár málsmeðferðar hjá þessum embættum, sbr. 3. mgr. 97. gr.

## VI

### Lokaorð og ályktanir

Með hliðsjón af rannsóknarreglu og andmælarétti, sbr. 1. mgr. 96. gr. og 10. og 13. gr. stjórnslulaga, hefur verið litið svo á að túlka beri breytingaheimild 1. mgr. 95. gr. þröngt, sbr. og orðalag hennar „óyggiandi upplýsingar.“ Í þessu sambandi má t.d. vísa til úrskurða yfirsattanefndar nr. 135/2004 og 198/2005. Hvort telja eigi 1. mgr. 95. gr. undantekningu frá meginreglum stjórnslu- og skattaréttar um rannsóknarskyldu og andmælarétt eða hvort hún falli að því sem talið er „óþarft“ í skilningi 10. gr. stjórnslulaga skal hins vegar ekki um fullyrt. Ekki er alger samsvörin í texta 1. mgr. 95. gr. og 2. mgr. 97. gr. því samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu þurfa upplýsingarnar að byggja á framtalinu eða fylgigögnum þess en svo er ekki í 1. mgr. 95. gr. Samkvæmt henni hefur verið talið að byggja megi breytingar á vissum utanaðkomandi upplýsingum sem lögskylt er að veita óumbeðið samkvæmt 92. gr., sbr. fjölmarga úrskurði yfirsattanefndar t.d. nr. 196/2002. Hafi breytingaheimild 1. mgr. 95. gr. verið til staðar á grundvelli fyrirliggjandi launamíðaupplýsinga er því trúlegt að 2. mgr. 97. gr. taki einnig til slíkra tilvika þrátt fyrir orðalag hennar. Ekki er þetta þó vafalaust. Þá verður að telja að 2. mgr. 97. gr. taki til allra upplýsinga sem fylgja framtalinu en ekki einungis þeirra sem koma fram í hefðbundnum framtalsgögnum (skattframtali, fylgiblöðum þess og ársreikningi), sbr. *dóm Hæstaréttar í málinu nr. 555/2012 (Toyota)*. Á hinn bóginn getur framteljandi ekki borið fyrir sig 2. mgr. 97. gr. á þeim forsendum að honum hafi verið óskyldt, ókleift eða ekki talið eiga við að upplýsa með framtalinu það sem síðan reyndist nauðsynlegt til þess að 1. mgr. 95. gr. ætti við. T.a.m. hélt ekki sá málflutningur að framtalsgerðin hafi verið í samræmi við þær reglur sem framteljandinn taldi skattyfirvöld hafa byggt á við uppgjör á skattskyldu sölu-réttar, og hann eigi ekki að bera hallann

af því þegar þau síðar beita annarri túlkun með þeim afleiðingum að fullnægjandi upplýsingar reynast ekki vera í framtalsgögnunum, sbr. *dóm Hæstaréttar í málinu nr. 241/2010*. Megin niðurstaðan er sem sagt sú að þegar skylt er að beita 1. mgr. 96. gr. til að löglegt sé að breyta skattframtali fyrir álagningu þá eigi 2. mgr. 97. gr. aldrei við en hún eigi hins vegar alltaf við ef beita mátti 1. mgr. 95. gr. Hvað séu fullnægjandi upplýsingar skv. 2. mgr. 97. gr. byggist þannig á hefðbundinni túlkun á aðgreiningu 1. mgr. 95. gr. frá meginreglum 1. mgr. 96. gr. og 10. og 13. gr. stjórnslulaga um rannsóknarskyldu og andmælarétt. Í samræmi við þessa niðurstöðu er því afar hæpið að 1. mgr. 97. gr. eigi við þegar endurákvörðunarmál má hefja með boðun (fyrirhugun) skv. 4. mgr. 96. gr. Svo háttáði þó til í *H 1997:3039 (Freyja hf.)*: „Að framan er það rakið, að á hafi skort, að upplýsingar í framtölum og fylgigögnum væru fullnægjandi, til þess að unnt hefði verið fyrir skattyfirvöld að glöggva sig til hlítar á eðli eftirlaunaskuldbindinganna. Var þess þannig ekki kostur að taka afstöðu til álitaefnisins án þess fyrst að biðja um frekari upplýsingar eða senda bréf um fyrirætlanir skattyfirvalda, svo sem gert var, og gefa stefnda þannig færi á að koma að viðbótarupplýsingum og andmælum, áður en að endanlegri ákvörðun kom.“ (Undirst. höf.) Með hliðsjón af hertum kröfum um undirbúning og efni boðunar, sem yfirsattanefnd hefur talið leiða af 16. gr. laga nr. 145/1995 um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, má ætla að nú yrði litið öðruvísi á málið. Eftir téða laga-breytingu felur boðun endurákvörðunar samkv. 4. mgr. 96. gr. í sér *ákveðna afstöðu* til máls hverju sinni að undangenginni nauðsynlegri öflun upplýsinga sem á því stigi skal bera undir gjaldandann séu þær utanaðkomandi. Boðunin þjónar þannig ekki nema óbeint því að upplýsa mál; hún er fyrst og fremst lögákveðin framsetning máls í þeim tilgangi að gjaldandinn fái færi á að taka afstöðu til lagatúlkunar ríkisskattstjóra miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar þegar áformað er að endurákvörðaða opinber gjöld á grundvelli 5. mgr. 96. gr. En af sjálfu leiðir að hér hefur gjaldandinn jafnframt tækifæri til að leggja fram öll þau gögn sem hann telur nauðsyn á. ■

5 Í einum dómanna, H 1995:2328 (Pharmaco hf.), slæddist með eitt aukaár sem trúlega skýrist af dómkröfum félagsins. Sá dómur leiddi ekki til breytinga í skattframtal en ríkisskattstjóri sendi skattstjórnum bréf á þá leið þann 9. febrúar 1996.

# Fjölbreytt fræðsla



Sigríður Friðjónsdóttir



Þórarinn Eldjárn




O. Lilja Birgisdóttir



Stefán Eiríksson



Ragna Árnadóttir



Guðbergur Bergsson

Ríkisskattstjóri hefur á síðustu árum lagt áherslu á að reka virka og öfluga mannauðsstefnu. Einkenni þeirrar stefnu er m.a. traust og virðing milli starfsmanna. Þar er meginmarkmið að starfsmönnum líði vel á vinnustaðnum og við dagleg störf. Þær leiðir sem notaðar eru til að ná markmiðum mannauðsstefnunnar eru margvíslegar en hafa þó þann undirtón að hlustað sé á alla starfsmenn og einnig að þeir hlusti á það sem um er rætt. Ein þeirra leiða sem hefur verið vinsæl er að fá fyrirlesara utan stofnunarinnar til að ræða um málefni líðandi stundar eða flytja fróðleik um margvísleg efni.

Fyrirlesarar sem hafa tekist á hendur það verkefni að uppfæða starfsmenn RSK hafa ýmist heimsótt stóra starfsmannafundi þar sem öllum starfsmönnum er gefinn kostur á að hlýða á erindi eða flutt erindi sín fyrir hluta starfsmanna í minni hópum. Tilgangurinn með fyrirlestrunum er m.a. að starfsmönnum gefist kostur á að tileinka sér þekkingu frá öðrum heldur en þeim sem alla jafna annast fræðslu og stjórn málfunda innan RSK, en einnig að vekja athygli starfsmanna á því sem aðrar stofnanir eða fyrirtæki eru að fást við. Með því næst meiri breidd og tilbreyting sem flestir kunna að meta, a.m.k. endrum og sinnum. Fyrirlesarar hafa verið ráðherrar, fyrrverandi og núverandi, ráðuneytisstjórar, aðrir starfsmenn ráðuneyta, saksóknarar, rithöfundar, prestar og ótaldir ýmsir aðrir. Efni fyrirlestra

hefur verið um heilbrigðismál, mannræktun, fíkniefni, orkumál, leiklist, umferð, arkitektúr, byggingarsögu og um einstaka þjóðkunna eða heimsþekkta einstaklinga. Á ljósmyndunum hér á opnunni má sjá nokkra þeirra sem kvatt hafa sér hljóðs hjá starfsmönnum RSK.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er einn þeirra sem hefur tvívegis heimsótt RSK. Í fyrra skiptið minntist hann Kristjáns Eldjárns forseta Íslands 1968 - 1980 á fæðingardegri hans hinn 6. desember og í seinna skiptið John F. Kennedy forseta Bandaríkjanna 1961 - 1963. Forsíðumynd Tíundar er af Guðna þegar hann hélt síðarnefnda fyrirlesturinn 22. nóvember 2013, á 50 ára dánardegi Kennedys. Á myndinni má sjá Guðna halda á bók um forsetann látna. ■

SEP



*Agnes M. Sigurðardóttir*



*Guðrún Ögmundsdóttir*



*Sveinn Einarsson*



*Pétur Ármannsson*



*Ólafur Kr. Guðmundsson*



*Alda Sigurðardóttir*



*Gunnar Kristjánsson*



*Hugrún Ösp Reynisdóttir*



*Stefán Thors*



*Björg Thorarensen*



*Ólafur Örn Haraldsson*



*Guðjón Friðriksson*



*Gunnar Steinn Pálsson*



*Sigurður Guðmundsson*



*Aldís Hilmarsdóttir*

# Annáll nútíma skattasögu 1840–2016

## Fyrsti hluti


Annálaritun er ein elsta aðferð við söguritun og almennt hefur verið litið svo á að hún sé auðveldasti búningur alls sögufróðleiks. En annálsformið er einnig mjög aðgengilegt ef sýna á sögulega framvindu ákveðins tímabils, ekki síst ef hún er flókin. Þá er hægt að rekja atburðina í einfaldri tímaröð frá ári til árs, hvort sem er í stuttu máli eða löngu. Lesandinn á þá auðvelt með að átta sig á framvindunni og hann getur á stuttum tíma öðlast haldgóða yfirsýn atburðarásar sem annars gæti tekið hann miklu lengri tíma. Saga skatta

og skattkerfisbreytinga á Íslandi frá því að tekjuskattkerfið tók við af tíundarkerfinu í tveimur áföngum, 1877 og 1921, er á köflum töluvert flókin. Hún hefur verið sögð í tveggja binda ritverki sem kom út árið 2013. Nú hefur höfundur ritsins sett saman annál um helstu atburði nútíma skattasögu þjóðarinnar og miðar upphafsárið við 1840 með þeim rökum að þá komu fram fyrstu raunhæfu tillögurnar um afnám hins forna tíundarkerfis þótt ný löggjöf hafi ekki náð fram að ganga fyrir en árið 1877.



**1879**  
Nýja skattkerfið kemur til framkvæmda. Framkvæmdin var með þeim hætti að haustið 1878 var lagt á tekjur og eignir manna árið 1877 og skattarnir innheimtir haustið 1879, tveimur árum eftir að teknanna var aflað. Um álagningu landssjóðsskattanna, kallaðir ríkisskattar frá árinu 1918, sá þriggja manna skattanefnd í hverjum hreppi og kaupstað. Álagning byggð á munnlegum skýrslum skattþegna. Yfirkattanefndir fóru yfir skattskrárnar. Niðurfjöfnarnefndir sáu um að leggja sveitarsjóðsgjöld á fólk.

**1881**  
Spítalagjald af sjávaraflla aflagt en í staðinn tekið upp útflutningsgjald af fiski og lýsi.



1840

1850

1860

1870

1880

1890

**1846**  
Millipinganefndin leggur til að tíundin verði afnumin en í staðinn tekinn upp landskattur á lausafé og jarðir, 5% tekjuskattur á tekjur landeigenda og húsaskattur á íbúa verslunarstaða. Fátt gerðist um tíma, kyrrstaða til ársins 1875.

**1845**  
Alþingi endurreist. Fimm manna millipinganefnd skipuð til að rannsaka skattamál landsins og koma fram með tillögur um úrbætur. Hún starfaði á árunum 1845–1847 og hafði einkum gögn frá Grími Jónssyni og embættismannanefndinni til skoðunar.

**1841**  
Embættismannanefndin, nefnd tíu æðstu embættismanna Íslands og undanfari endurreists Alþingis, fær frumvarp Gríms til athugunar og á jafnframt að taka íslenska skattkerfið til skoðunar. Nefndin lagði til að fengnir yrðu menn með sérþekkingu til að semja frumvarp um skattamál sem væntanlegt Alþingi fengi til meðferðar.

**1840**  
Grímur Jónsson, fyrrverandi amtdaður, leggur fram frumvarp um breytt skattkerfi á Íslandi á stéttapönginu í Hróarskeldu. Var upphafið að afnámi hins forna tíundarkerfis næstum 40 árum seinna.



**1872**  
Ný lög um sveitarstjórn. Hreppsnefndir tóku við yfirstjórn fátækramála og jöfnuðu útgjöldum hreppsins, að svo miklu leyti sem fátækrafundin og aðrar tekjur hrukku ekki til, niður á hreppsþúa eftir efnun og ástæðum.

**1875**  
Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir að það fékk löggjafarvald í íslenskum sérmálum ásamt konungi. Samþykkt að skipuð verði millipinganefnd til að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu.

Landshöfðingi skipar þriggja manna millipinganefnd 7. desember. Nefndin samdi þrjú lagafrumvörp um skatta næsta sumar: Frumvarp til laga um skatt á jarðir og lausafé, frumvarp til laga um tekjuskatt og frumvarp til laga um húsaskatt. Þau voru tengd og mynduðu eina heild, nýtt skattkerfi. Þrjár meginreglur voru hafðar að leiðarljósi: 1. Almenn skattskylda yrði lögleidd. 2. Sömu reglur áttu að gilda um allt land. 3. Leggja bar á eftir efnun og ástæðum sem ekki var gert í gamla tíundarkerfinu.



**1878**  
Breytt lög um lausafjártíund, gjöld til sveitarfélaga, taka gildi.

**1877**  
Ný grunnlög um skatta. Alþingi samþykkir frumvörpin og innleiðir nýtt skattkerfi sem markar upphaf stighækkandi tekju- og eignarskatta og afnám tíundarkerfisins að hluta. Skattur á jarðir og lausafé var skattur á þá sem störfuðu við landbúnað, þ.e. meginþorra þjóðarinnar. Tekjuskatturinn náði til launþega sem á þessum tíma voru fyrst og fremst embættismenn, kaupmenn og örfáir atvinnurekendur. Húsaskattur var skattur á stein- og timburhús í kaupstöðum. Ekki var settur skattur á sjávarútveg; gamla spítalagjaldið, skattur af afla, var látið duga. Tekjuskatturinn skiptist í tekjuskatt af atvinnu og tekjuskatt af eign. Sá fyrri var þannig að tekjur undir 1000 krónum voru skattlausar. Af tekjum umfram þá upphæð bar að greiða 1% til 4%. Skattar voru greiddir tveimur árum eftir að teknanna var aflað. Skattfrelsi embættismanna aflagt, einnig allir fornir skattar til ríkisins. Aðeins örfáir landsmenn höfðu meira en 1000 krónur í árstekjur á þessum tíma. Tekjuskattur af eign var 4% og miðaðist við tekjur yfir 50 krónum. Um var að ræða stighækkandi eignarskatt sem aðallega var hugsaður út frá jarðeignun og kúgildaleigum – var skattur á landeigendur. Húsaskattur miðaðist við hús sem virt voru til 500 króna eða meira.

1921

Ný grunnlög um skattamál, byggð á gömlu tekjuskattslögunum, tillögum millipínganefndar frá árinu 1908 og gögnum þriggja manna nefndar sem skipuð var árið 1919 og aðlagði kerfið tekjuskattslögunum Norðurlandanna, einkum Danmerkur. Með lagabreytingunni var gerð ein mesta skattkerfisbreyting í sögu þjóðarinnar og má orða það svo að verkinu sem hófst árið 1877 hafi þá endanlega verið lokið. Nútímalegt tekjuskattskerfi að fullu tekið upp með tekju- og eignarskatti fyrir alla og fasteignaskatti en ábúðar- og lausafjárskattur og húsaskattur afnumdir. Fyrstu lög um hlutafélag sama ár. Gildistaka beggja laganna árið 1922.

1914

Fyrstu lög um erfðafjárskatt. Þá féllu úr gildi tilskipun frá 12. september 1792 og opið bréf konungs 8. febrúar 1810 um erfðafjárgjald.

1911

Fyrstu lög um erfðafjárskatt. Þá féllu úr gildi tilskipun frá 12. september 1792 og opið bréf konungs 8. febrúar 1810 um erfðafjárgjald.

1909

Kirkju- og preststíund afnumdar með launalögum presta. Einnig lausamannatollur.



1921

Fyrstu lög um bifreiðaskatt og stimpilgjald, sem fyrst var sett á árið 1918, lögfest til frambúðar. Ný lög um erfðafjárskatt.

1921

Grunnlögin sem samþykkt voru ári fyrir taka gildi 1. janúar. Tekjum af atvinnu og eign var slegið saman og sami skattur greiddur af þeim. Skattur af almennum tekjum hækkaði, enda hafði hann verið óbreyttur í 40 ár. Af hátekjum var hann lækkaður miðað við gróðaskattinn frá árunum 1917–1918 en hækkaður ef miðað er við skattstigann gamla frá 1877. Tekjuskatturinn var stighækkandi í 25 þrepum, frá 1% til 25%. Tekjur hjóna töldust saman til skatts. Eignarskattur var nýr skattur, viðaukaskattur við tekjuskattinn, sem lagðist á skuldlausu eign, þar á meðal innstæður í bönkum umfram 5000 krónur. Hann var í tíu þrepum, fór stighækkandi frá 1% upp í 7% af milljón króna eign. Fasteignaskattur var þannig að greiða bar 3% af jarðeignum, lóðum, þurrabúðum og grasbýlum en 1,5% af húsum. Persónufrádráttur tekinn upp til að tryggja fólki lágmarksframfærslu. Nú voru skattar greiddir árinu eftir að teknanna var aflað. Nettótekjur skattlagðar. Skattþegnum gert að telja fram á sérstökum framtalseyðublóðum og stofnað embætti skattstjóra í Reykjavík. Greint á milli hlutafélaga, samvinnufélaga og annarra félaga, sjóða og stofnana. Sérstök skattaákvæði voru um hvert form fyrir sig. Tekjuskattur hlutafélaga miðaður við hlutfallið milli innborgaðs hlutafjár og skattskyldra tekna, sex þrepa stigi frá 5% upp í 30%. Samvinnufélag greiddu 6%.

1922



Fyrstu dagana í janúar tók Skattstofan í Reykjavík til starfa á Hverfisgötu 21. Fyrsti skattstjórinn var Einar Arnórsson lagaprófessor og fyrirverandi ráðherra. Um hlutastarf var að ræða.



1923

Skattstiga tekjuskatts breytt, dregið úr álögum á lágur tekjur en hækkaðar á hærri tekjum. Hér eftir leyft að draga greidda skatta síðasta árs frá framtöldum tekjum.

1932

Lög um þriggja manna ríkisskattaneftnd samþykkt. Henni bar að hafa eftirlit með störfum skattaneftnda, skattstjóra og yfirsattaneftnda, yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Samræma álagningu milli skattumdæma.

1936

Skattstofan flyst í Alþýðuhúsið á Hverfisgötu 8 og 10. Var þar til ársins 1971. Samræma álagningu milli skattumdæma.

1900

1910

1920

1930

1940

1950

1917

Eftir áratuga tilraunir náðist loks samstaða um afmarkaðar breytingar á skattkerfinu. Tekjuskattstigin var gerður brattari, einkum efri hluti hans, og tekjuskatt bar að greiða af tekjum í landbúnaði og sjávarútvegi. Samt héldust gömlu lögin um ábúðar- og lausafjárskatt áfram í gildi. Til að efla skatteftirlit var stjórnendum banka og sparisjóða gert skylt að gefa skattaneftndum upplýsingar um inneignir manna og áunna vexti. Það ákvæði varð þó þrætuepli næstu áratuginna og varð ekki virkt fyrr en löngu seinna.

1917

Embætti fjármálaráðherra stofnað. Skattamál hafa frá því ári heyrnt undir fjármálaráðuneytið.

1918

Lög um „dýrtíðar- og gróðaskatt“. Hátekjuskattur til viðbótar við hinn almenna skatt á tekjur sem voru yfir 35 þúsund krónum. Hæstur gat skatturinn orðið 10% af árslaunum yfir 100 þúsund krónum. Lögin komu til framkvæmda árið 1919 og giltu til ársins 1921.



1923

Skattstofan í Reykjavík flyst á Laufásveg 25.

1925

Lögum um skattlagningu hlutafélaga breytt sem ívilnuðu þeim umtalsvert. Tóku meira mið af lögum í nálægum löndum en áður.

1926

Lög um útsvör. Fyrsta sérstaka heildarlöggjöfin um tekjustofna sveitarfélaga. Lagt á eftir efnun og ástæðum en engin útsvarspósentu tilgreind.

1926

Lög samþykkt sem heimila að innheimta megi tekju- og eignarskatt á árunum 1929–1930 með 25% álagi. Ríkisstjórnin nýtti ekki heimildina en á árunum 1932–1934 voru í þriggja samþykkt lög um álag á skatta sem komu til framkvæmda, 25–40% á ári.

1929

Skattstofan í Reykjavík flyst á aðra hæð Edinborgarhússins í Hafnarstræti 10. Skattstjórarstarfið verður fullt starf.

1935

Ný lög um tekju- og eignarskatt taka gildi sem samþykkt voru ári fyrir. Þrepum skattstigans fjölgað í 30, frá 1% upp í 40%. Skattar á miðlungstekjur hækkuðu töluvert og mikið af háum tekjum.

1941

Ný lög um tekju- og eignarskatt og lög um stríðsgróðaskatt. Nýr 23 þrepa skattstigi innleiddur, 1–40%. Hann var því sem næst á milli skattstigans frá árinu 1935 og hátekjuskattstigans frá 1936. Byrjað var að umreikna tekjur framteljenda við ákvörðun tekjuskatts með ákveðinni reikningsformúlu til þess að koma í veg fyrir óeðlilega hækkan hans af völdum dýrtíðar stríðsáranna. Stríðsgróðaskattur var sjö þrepa viðaukaskattur ofan á almennan tekjuskatt, 4–35%. Mest gat tekjuskattur og stríðsgróðaskattur til samans numið 75% tekna framteljenda. Sveitarfélög, þar sem stríðsgróðaskattur var lagður á, fengu allt að 40% skattsins og aðrir staðir 6% í hlutfalli við tekjuskatt á hverjum stað. Loks var heimilað að innheimta mætti á árinu 1941 10% viðauka á tekjuskatt og eignarskatt.

1938

Samþykkt lög sem veita útgerðarfyrirtækjum miklar skattaívilnanir vegna rekstrarerfiðleika undangenginna ára. Afnumin árið 1941.

1936

Lög um hátekjuskatt, sem samþykkt voru í árslok 1935, taka gildi. Eldra 10% álag var fellt inn í skattstigann upp að 6 þúsund króna skattskyldum tekjum en skattur á hærri tekjur hækkaður til mikilla muna, allt upp í 44%. Í þeim sveitarfélögum þar sem hátekjuskattur var lagður á rann helmingurinn til þeirra þar sem talið var að hann yrði möguleika þeirra til tekjuöflunar. Eignarskattstigin óbreyttur en eignarskattur innheimtur með 10% álagi til ársins 1942. Hátekjuskattur var við lýði til 1940.

# Tímabilið 1940–1965

1942

Lögin frá síðasta ári framlengd en skattstigar tekjuskatts lækkaðir, í 1–22% með breyttri umreikningsformúlu. Ekki lengur heimilt að draga greiddan tekjuskatt og útsvar frá tekjum fyrir skattlagningu en eignarskattur var áfram frádráttarbær. Hann var 1–3%. Stríðsgróðaskattur var lagður á einstaklinga til ársins 1954 og fyrirtæki til 1958. Sami skattstigi fyrir fyrirtæki og almenning.

## Skattskrá Reykjavíkur. Stríðsgróðaskattskrá,

220- og óskilgreintagætt. Niðurskipting, og skrá um skattframtönu. Hættuáhrifa.  
Lagja frammi á þingskýringunni í höfuðskránni frá Eftirlögu 27. júní til sunnudaga 8. júlí, að hlutum skilgreintagætt, kl. 10-12 daglega. Komdu fram til þessa dags, er skránnar lagja síðan frammi, og þurfa komur að vera komur til skattstjórnar í höfuðskránni, eða í heildinni komur í síðasta lagi kl. 24 sunnudaginn þann 6. júlí n. s.  
Skattstjórnin í Reykjavík.  
HALDÖR SIGURSSON.

1942

Embætti rannsóknardómara í skattamálum sett á fót. Hann hafði heimild til þess að hefja rannsókn mála og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem var. Minna varð úr starfinu en að var stefnt og embættið var lagt niður árið 1950. Í staðinn var skattalögum breytt með þeim hætti að héraðsdómurum var falið að sinna þeim verkefnum sem rannsóknardómarnir hafði haft með höndum.

1944

Skattstjórum fjölgað um þrjá, á Akureyri, Ísafirði og Hafnarfirði.



1945

Skattstjóraembætti sett á fót í Vestmannaeyjum.

1945

Viðaukatekjuskattur lögfestur, kallaður tekjuskattsviðauki. Hann var 2–12%. Framlengdur á hverju ári til 1954.



1947

Sjötta skattstofan stofnsett í Neskaupstað.

1954

Ný grunnlög um skattamál. Einföldun kerfisins og umtalsverðar skattalækkunir. Einn tekjuskattur kom í stað tekjuskatts, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatts. Frádráttarliðum var fjölgað, persónufrádráttur hækkað og umreikningi tekna hætt. Ekki orðið við háværum kröfum um sérsköttun hjóna. Sú millileið var farin að búinir voru til tveir skattstigar, annar fyrir einhleypa en hinn fyrir hjón. Skattstigi þeirra einhleypu var 12 þrepa en 14 hjá hjónum, 1–40%. Persónufrádrátturinn var ekki í samræmi við framfærslukostnað en á móti kom að skattstigarnir risu mjög hægt af fyrstu 40 þúsund krónum. Sú breyting var gerð að tekið var upp skattfrelsi sparifjár og vaxta af því með vissum reglum. Með sérlegum var eignarskattur innheimtur með 50% álagi til ársloka 1957. Skattstigi fyrirtækja frá árinu 1942 notaður áfram í nýju lögunum. Jafnframt bar þeim að greiða tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt eitt ár í viðbót og eignarskattur þeirra árið 1954 var með 50% álagi. En frá reiknuðum sköttum ársins var þeim veitt 20% lækkun. Skattur samvinnufélaga var 8% og skattur annarra félaga aldrei lægri en 5% af skattskyldum tekjum.

1953

Sjöunda skattstofan stofnsett á Akranesi.



1940

1943

Sérstakur viðaukatekjuskattur settur á í eitt ár, kallaður verðlækkunarskattur. Hann var lagður á tekjur umfram 10 þúsund krónur og gat numið allt að 18%. Ýmsir skattaviðaukar lögleiddir ári seinna, t.d. 50% álag á eignarskatt sem var innheimt til ársins 1951.

1945

Lög um veltuskatt af rekstri. Bara lagður á einu sinni. Hann var 1,5% af heildsölu og umboðssölu, þó aldrei yfir 25% tekna, en 1% af smásöluveltu og veltu annarra gjaldskyldra fyrirtækja.

1946

Lög samþykkt sem heimila að skikka má atvinnurekendur til að innheimta tekju- og eignarskatt fyrirfram á fyrri helmingi ársins upp í væntanlega skatta með því að halda eftir af launum fólks.



1947

Lög um eignakönnun til að kanna hvort þrálátur orðrómur um mikil danskot frá skatti á liðnum árum ætti við rök að styðjast og afla fjár til nýsköpunar. Framtalsdagur var 31. desember og átti fólk, fyrirtæki og stofnanir að telja fram tekjur sínar frá 1. janúar til þess dags og gera nákvæma grein fyrir öllum eignabreytingum. Þetta var gert til þess að stjórnmál gætu síðan borið saman stöðuna á framtalsdegi og eignastöðu fólks og félaga á skattaskýrslum eftir 1. janúar 1940. Eignakönnunarskýrslan var hluti af skattframtali ársins 1948. Skattur af undanskotum eftir upphæð, stighækkandi skattur í peningum en líka var hægt að greiða skattinn með því að kaupa ríkisskuldabréf sem aðeins báru 1% vexti á ári. Samþykkt voru lög um eignaraukaskatt sem miðaðist við niðurstöður eignakönnunarinnar en svo fór að skatturinn var ekki lagður á.

1950

1948

Söluskattur settur á samkvæmt sjöunda kafla dýrtíðarlaga, 2% á innfluttar vörur og 1,5% á sölu vöru og þjónustu innanlands. Lögleiddur til eins árs en síðan margendurnýjaður og ekki afnuminn fyrr en árið 1989. Hækkaði með árunum.

1954

Upphaf vélvinnslu skattframtala.

1954

Áttunda skattstofan sett á fót á Siglufirði.



1954

Ný lög um útsvar til bráðabirgða. Niðurrjöfnunarnefndum gert skylt að birta með skattskrár skýrslu um það hvernig útsvörin væru reiknuð og gjaldendur gátu beðið um skýringar á útreikningi útsvara sinna. Enn var engin samræming á útsvarsstigum milli sveitarfélaga. Sparifé undanþegið útsvargreiðslum.


1954



Ný lög um fasteignaskatt í tengslum við þær breytingar sem verið var að gera á lögunum um tekjuskattinn, einkum þá breytingu að stríðsgróðaskattur var felldur niður af einstaklingum og lækkaður hjá fyrirtækjum, en sveitarfélögin höfðu fengið 45% af honum. Fasteignaskattur skyldi nú renna til sveitarfélaganna í stað ríkissjóðs eins og verið hafði samkvæmt lögum frá árinu 1921. Frá árinu 1945 var til annar fasteignaskattur sem var mun hærrí en sá skattur sem hér var af rétt og bæjar- og sveitarstjórnir innheimta sjálfar. Eftir breytinguna árið 1954 voru því við lýði tveir fasteignaskattar sem voru innheimtir af tveimur aðilum. Þetta tvöfalda innheimtukerfi þótti dragbitur á frekari notkun véla og ómögulegt þótti að starfsmenn ríkisins væru að innheimta skatt fyrir sveitarstjórnir og sagt var að það hefði vérlænt bókhald. Þetta varð til þess að innheimta skattanna beggja var með lagabreytingu árið 1957 færð í hendur sveitarfélaganna sjálfra og gamli ríkisfasteignaskatturinn var gerður að heimildarskatti.

1957

Stóreignaskatturinn seinni lagður á. Skattinn átti að miða við fasteignamatíð frá árinu 1942 að viðbættu verðbólguumati. Við mat skipa og flugvéla átti að byggja á váttryggingarverði en með ákveðnum frádrætti. Hlutabréf skyldu verðlögð eftir markaðsvirði en bréf í fyrirtækjum, sem ekkert þekkt gangverð var á, átti að skattleggja miðað við eigið fé fyrirtækjanna. Sparifé fólks og eignir í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð voru undanþegnar skattinum. Skattstíginn var 15–25% en af fyrstu milljóninni þurfti ekkert að greiða. Gert var ráð fyrir því að eignir yrðu taldar fram á stóreignaskattsframtölum hjá þeim sem raunverulega ættu þær, þ.e.a.s. að eignum félaga væri við útreikning skattsins skipt á eigendurna en félögin borguðu hann. Þeim var svo í sjálfsvald sett hvort þau rúkkðu einstaklingana um endurgreiðslu eða ekki. Langvarandi málaferli fylgdu álagningu skattsins sem lauk ekki fyrir en árið 1969.



1955

Ákvæðin um fyrirtækin í lögnum frá 1954 framlengd út árið 1955 og svo til 1958 að undanskildum tekjuskattsviðauka sem síðast var lagður á þau árið 1955.



1956

Niunda skattstofan sett á fót í Keflavík og sú tíunda í Kópavogi.

1957

Lög um lækkun skatta af lágmarkslaunum. Giltu bara við álagningu 1958 en voru framlengd fyrir árið 1959.

1958

Skattafsláttur sjómanna hækkaður og með því má segja að sjómannafrádrátturinn hafi fest í sessi. Hann kom fyrst til sögunnar með tekjuskattslögnum árið 1954. Nýr eignarskattstigi fyrir einstaklinga lögleiddur, 3–15%.



1958

Breytingar gerðar á skattlagningu hjóna og skattar lágtekjufólks lækkaðir. Um þrjár útfærslur var að ræða: Ef gift kona vann fyrir skattskyldum tekjum utan heimilisins annars staðar en við fyrirtæki sem hjónin eða börn þeirra áttu eða ráku mátti draga 50% frá tekjum konunnar áður en skattur var reiknaður af sameiginlegum tekjum hjónanna. Ef gift kona tók hins vegar þátt í atvinnurekstri með manni sínum áttu þau rétt á því að vinnuframlag konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum þeirra væri metið og síðan dregin 50% frá hlut hennar áður en skattur væri lagður á tekjur hjónanna. Frádráttarstofninn gat þó aldrei orðið hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar og kom þessi liður ekki til framkvæmda fyrr en árið 1959. Loks kom sú regla að ef gift kona aflaði tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis hjónanna eða barna þeirra gætu hjónin krafist þess að verða sérstakir skattgreiðendur hvort um sig. Persónufrádráttur hjóna var hækkaður. Þeim bar báðum að undirrita skattframtalið í öllum tilfellum og var það nýlunda.

1962

Ný grunnlög um tekju- og eignarskatt samþykkt. Skattstíginn frá árinu 1960 fyrir einstaklinga var tekinn óbreyttur upp í nýju lögin. Frádráttarliðum fjölgað. Eignarútsvör voru gerð frádráttarþær líkt og var um eignarskatt frá upphafi. Eignarskattstigi einstaklinga var einfaldaður, gerður þriggja þrepa í stað níu áður, 5%, 9% og 12%. Langmikilvægasta breytingin varðandi skattlagningu fyrirtækja, og jafnframt sú umdeildasta, var lækkun tekjuskatts þeirra úr 25% í 20%. Aðrar breytingar voru þær að þeim var heimilað að greiða 10% skattfrjálstan arð af hlutafé eða stofnfé í stað 8% áður. Þá var öllum fyrirtækjum heimilt að leggja allt að 25% af hreinum tekjum sínum í varasjóð og kom það fé til frádráttar við ákvörðun tekjuskatts. Þar með var horfið frá þeirri tilhögum að hlutafélög sem stunduðu útgerð og samvinnufélög hefðu sérstöðu en þau höfðu frá árinu 1942 mátt draga frá varasjóðstillag sem nam 1/3 af tekjum enda urðu þau að setja helming þess fjár í nýsköpunarsjóð. Önnur fyrirtæki máttu áður draga 20% frá þannig að verið var að auka frádrátt meirihluta fyrirtækja og búa til eina reglu fyrir alla. Með þessari breytingu voru gömlu ákvæðin um nýsköpunarsjóð sjávarútvegsfyrirtækja felld úr lögum með þeim ummælum að þau hefðu nánast aldrei haft neitt að segja. Fyrningarreglur urðu hagstæðari og tap rekstraraðila mátti færa milli fimm ára í stað tveggja áður.

1964

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra stofnuð.



Launaskattur tekinn upp. Skattur á launagreiðendur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Allir launagreiðendur voru skattskyldir, einstaklingar með eigin atvinnurekstur, félög og fyrirtæki, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir og erlendir verktakar.

1960

Ný lög um tekjustofna sveitarfélaga. Helstu nýmæli voru þau að álagning fasteignaskatta var lögboðin en ekki bara heimilud eins og áður var. Veltuútsvör voru afnumin en sveitarfélögum heimilað að leggja aðstöðugjald á fyrirtæki. Nokkrum ríkisfyrirtækjum og olíufélögum var gert að greiða landsútsvar sem rann í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Einn útsvarsstigi fyrir öll sveitarfélög var lögleiddur í stað þriggja. Skattstigi einstaklinga var átta þrepa, frá 14–30%. Útsvör liðins árs voru frádráttarþær og veittur var fjölskyldufrádráttur eins og áður. Tekjuútsvarsstigi fyrirtækja og eignarútsvarsstigi einstaklinga og fyrirtækja voru óbreyttir frá því sem var í lögnum frá árinu 1960. Niðurrjöfnunarnefndir voru lagðar niður en í þeirra stað komu framtalsnefndir. Skattstjórar önnuðust álagningu aðstöðugjalda og útsvara í náinni samvinnu við sveitarstjórnir eða framtalsnefndirnar.

1960

Ný lög um tekjuskatt sem þýddu mikla skattalækkun og að gjaldendum fækkaði mikið milli árána 1959 og 1960. Einn skattstigi fyrir alla í stað tveggja frá árinu 1954. Hann var 5%, 10%, 15% og 30%.

1958

Grundvallarbreyting á skattlagningu fyrirtækja og félaga. Stighækkandi skattar þeirra afnumdir en þau öll látin þess í stað greiða 25% tekjuskatt af skattskyldum tekjum. Stríðsgróðaskattur var felldur niður. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð máttu draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó ekki meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Áður var það 5% af innborguðu hlutfé eða stofnfé og ekki bundið við að arður væri greiddur. Það ákvæði í lögum frá árinu 1948 að ríkisskattanefnd hefði eftirlit með nýbyggingarsjóðum útgerðarfyrirtækja var tekið upp í frumvarpið en á árunum 1941–1948 hafði sérstök þriggja manna nefnd séð um það. Í raun var því ekki um neina breytingu að ræða. Sameignarfélög og samlög sem höfðu það að meginmarkmiði að annast sölu á framleiðsluvörum félagsmanna skyldu alltaf skattlögð sem sjálfstæður skattaðili. Í eldri lögum gátu eigendur slíkra félaga valið milli þess hvort skattur var lagður á félagið eða þá sjálfa ef þeir voru færri en þrjú. Loks var gerð sú breyting á eignarskatti félaga og fyrirtækja að þau skyldu greiða 7 af þúsundi af skattskyldri eign sinni. Með breytingunni átti að auðvelda starfsemi stórra hlutafélaga og stuðla að því að þau gætu myndað öflug sjóði.

1964

Breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Meðal annars var skattstíginn endurskoðaður og skattþrepunum fækkað í þrjú, 10%, 20% og 30%. Var þá svo komið að opinber gjöld á einstaklingi gátu ekki farið fram úr 57% en höfðu hæst komist í 90% á fimmta áratugnum. Á fyrirtækjum gátu þau ekki orðið meiri en 43%. Innstæður barna í bönkum, sparisjóðum og öðrum innlátsforðunum voru gerðar skattfrjálstar án tillits til skulda foreldra.

1964

Tekjustofnum sveitarfélög breytt. Aðstöðugjald af rekstri verslunarskipa og fiskiðnaðarfyrirtækja var lækkað niður í 1% og í 1½% af öðrum iðnrekstri. Skattstjóranum í Reykjavík var þá gert að leggja á landsútsvör en áður greiddust þau beint frá fyrirtækjunum til Jöfnunarsjóðs. Loks var nýr útsvarsstigi settur og gjaldþrepum fækkað úr átta í tvö, 20% og 30%. Í stað afsláttar af útsvari vegna fjölskyldustærðar kom ákveðinn frádráttur frá tekjum til samræmis við þau ákvæði sem giltu um tekjuskattslagningu. Útsvörin voru áfram frádráttarþær. Útsvarsstigi fyrirtækja var líka tveggja þrepa, 20% og 30%. Þessar breytingar höfðu í för með sér töluverða lækkun útsvara. Sveitarstjórnir máttu nú ekki hækka útsvörin í neyð nema um 20% í stað 30% áður.



1962

Með tekjuskattslögnum var gerð kerfisbreyting. Stofnað varu embætti ríkisskattstjóra. Ríkisskattanefnd varð hreinn úrskurðaraðili kærumála. Gömlu skattstjóraembættin í kaupstöðunum voru lögð niður, nema í Reykjavík og Vestmannaeyjum, einnig skattanefndirnar 219 og yfirskattanefndirnar 24. Þess í stað voru stofnuð níu skattumdæmi með einum skattstjóra í hverju þeirra. Ríkisskattstjóri hafði yfirumsjón með tekju- og eignarskatti, söluskatti, aðstöðugjaldi og tryggingagjöldum. Hann og ríkisskattanefnd tóku á móti kærum á úrskurðum skattstjóra. Eitt af hlutverkum ríkisskattstjóra var að hafa eftirlit með störfum skattstjóranna og sjá til þess að sem best samræmi væri á verklagsreglum þeirra. Ef hann taldi ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattgreiðslu gat hann, þótt málið hefði ekki verið kærð, lagt það fyrir ríkisskattanefnd sem hafði vald til að breyta ákvörðuninni og kveða á um nýja skattupphæð. Fyrsti ríkisskattstjóri var Sigurbjörn Þorbjörnsson viðskiptafræðingur. Skrifstofustjóri var Þóroldur Ólafsson en ári seinna var hann skipaður fyrsti vararíkisskattstjóri. Embættið var á Klapparstíg 26. Þar voru líka Skýrsluvélar ríkisins með tímabundna starfsemi sem þróuðu tækni við vélvinnslu gagna, m.a. vinnslu skattgagna. Smám saman tók embætti ríkisskattstjóra við yfirumsjón og framkvæmd allrar tæknivinnslu og úrvinnslu gagna fyrir allt landið.

# Skipting fyrirtækja

## eftir rekstri, hagnaði, tekjuskattsstofni og eignastöðu

Árið 2014 voru 39.189 tekjuskattsskyld félög á skattgrunnskrá. Af þeim hafa 33.299 félög skilað skattframtali. Hátt í sex þúsund félög áttu því eftir að skila. Þegar lengra líður frá lokum skilafrests, sem var í lok maí í fyrra, munu fleiri framtöl berast. Þá verða framtöl yfirfarin og kærur afgreiddar þannig að tölurnar munu vafalaust breytast nokkuð á næstu mánuðum og árum.

Það lítur út fyrir að ekki sé mikil starfsemi í mörgum þeirra félaga sem skila skattframtali. Um 30% eða 9.854 félög sem skiluðu framtali voru ekki með neinar rekstrartekjur. Þá var hagnaður af rekstri 16.215 eða 69,2% þeirra félaga sem voru með rekstrartekjur.

Hagnaður var skv. ársreikningi 15.971 félags eða 98,5% þeirra félaga sem voru með hagnað af rekstri og 68,1% þeirra félaga sem voru með rekstrartekjur. Tæpur helmingur félaga sem skilaði skattframtali, 48%, var með hagnað skv.

ársreikningi. Það er athyglisvert að það eru fleiri félög sem voru með tap skv. ársreikningi, eða 16.093, en hagnað. Allt frá árinu 2007 hefur þetta verið tilfellið en nokkuð hefur dregið saman með þessum hópum á síðustu árum.

Eignir voru hærri en skuldir í 20.805 félögum en það eru 62,5% þeirra félaga sem skiluðu skattframtali. 11.687 félög skulduðu meira en þau áttu, þ.e. rúmur þriðjungur félaganna. Þessi félög skulduðu samanlagt 10.247 milljarða af þeim 16.674 milljörðum sem félög skulduðu en á móti stóðu eignir upp á 3.959 milljarða af 15.783 milljarða heildarskuld. Félög með neikvætt eigið fé áttu fjórðung eigna en skulduðu 61,5% skulda félaga. Þá voru félög með neikvætt eigið fé með 12,1% rekstrartekna félaga en 21,7% hagnaðar skv. ársreikningi. Aðeins 2,2% tekjuskatts voru lögð á þessi félög en þau áttu 7.606 milljarða í yfirfæranlegu tapi sem voru 85% yfirfæranlegs taps félaga.

Rekstur gengur út á að skapa tekjur og ávaxta þannig eignirnar sem eru bundnar í félaginu, ýmist í gegnum reksturinn eða fjárfestingastarfsemi. Þau 16.215 félög sem voru með hagnað af rekstri voru samanlagt með 3.308 milljarða í rekstrartekjur en rekstrargjöld voru 2.651 milljarður. Tap var hins vegar af rekstri 15.057 félaga. Þessi félög voru með 600 milljarða í tekjur en 750 milljarða í rekstrargjöld.

Þá voru 14.329 þeirra félaga sem voru með hagnað af rekstri einnig með hagnað skv. ársreikningi. Þessi félög voru með 610 milljarða í hagnað skv. ársreikningi en á hinn bóginn voru 1.867 félaganna með tap skv. ársreikningi. Þessi félög voru samtals með 15 milljarða rekstrarhagnað, en 56 milljarða tap skv. ársreikningi.

Loks voru 9.358 þeirra 14.329 félaga sem voru með hagnað af rekstri og hagnað skv. ársreikningi einnig með tekjuskattsstofn. Þessi félög voru með 207 milljarða í skattstofn eða hreinar tekjur

Rekstrarár	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
------------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------

### Félög með hagnað af rekstri

Rekstrarhagnaður	8.864	10.340	11.604	12.579	13.461	14.121	13.428	13.223	13.465	13.967	14.666	15.501	16.215
Núll	1.802	2.980	3.560	4.034	4.372	4.980	5.336	4.026	3.484	3.177	2.627	2.352	2.027
Rekstartap	5.876	6.984	7.431	8.029	8.762	9.717	10.462	13.008	13.790	14.173	14.736	14.941	15.057
<b>Samtals</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.595</b>	<b>24.642</b>	<b>26.595</b>	<b>28.818</b>	<b>29.226</b>	<b>30.257</b>	<b>30.739</b>	<b>31.317</b>	<b>32.029</b>	<b>32.794</b>	<b>33.299</b>
Hlutfall með hagnað af rekstri	53,6%	50,9%	51,4%	51,0%	50,6%	49,0%	45,9%	43,7%	43,8%	44,6%	45,8%	47,3%	48,7%

### Félög með hagnað skv. ársreikningi

Hagnaður skv. ársreikningi	7.607	8.992	10.558	11.835	12.147	13.517	10.138	11.691	12.965	13.684	14.058	15.151	15.971
Núll	1.373	2.425	2.895	3.384	3.639	4.045	4.226	3.294	2.695	2.355	1.709	1.496	1.235
Tap skv. ársreikningi	7.562	8.887	9.142	9.423	10.809	11.256	14.862	15.272	15.079	15.278	16.262	16.147	16.093
<b>Samtals</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.595</b>	<b>24.642</b>	<b>26.595</b>	<b>28.818</b>	<b>29.226</b>	<b>30.257</b>	<b>30.739</b>	<b>31.317</b>	<b>32.029</b>	<b>32.794</b>	<b>33.299</b>
Hlutfall með hagnað skv. ársreikningi	46,0%	44,3%	46,7%	48,0%	45,7%	46,9%	34,7%	38,6%	42,2%	43,7%	43,9%	46,2%	48,0%

### Félög með eigið fé

Jákvætt	10.647	12.380	13.787	15.499	16.674	18.288	16.324	17.145	17.702	18.381	18.956	19.861	20.805
Núll	497	1.192	1.510	1.492	1.381	1.492	1.415	1.239	1.063	1.050	1.036	907	807
Neikvætt	5.398	6.732	7.298	7.651	8.540	9.038	11.487	11.873	11.974	11.886	12.037	12.026	11.687
<b>Samtals</b>	<b>16.542</b>	<b>20.304</b>	<b>22.595</b>	<b>24.642</b>	<b>26.595</b>	<b>28.818</b>	<b>29.226</b>	<b>30.257</b>	<b>30.739</b>	<b>31.317</b>	<b>32.029</b>	<b>32.794</b>	<b>33.299</b>
Hlutfall með jákvætt eigið fé	64,4%	61,0%	61,0%	62,9%	62,7%	63,5%	55,9%	56,7%	57,6%	58,7%	59,2%	60,6%	62,5%



en 8.442 félöganna voru einnig með eigið fé. Samanlagt eigið fé þessara félaga var 1.352 milljarðar. Það lítur út fyrir að aðeins um fjórðungur félaga, 25,4%, sé í ábatasömum rekstri og greiði tekjuskatt af hagnaði. Þessi 8.442 félög voru með 41,6% hagnaðar af rekstri, þau voru með 25,8% hagnaðar skv. ársreikningi en greiddu 69,1% tekju-skatts. Samanlagt eigið fé félöganna var 1.352 milljarðar.

Það er athyglisvert að 4.971 félag var með hagnað skv. ársreikningi en greiddi engan tekjuskatt. Þessi félög áttu 5.715 milljarða í yfirfæranlegu tapi. Það eru þrír fjórðu hlutar yfirfæranlegs taps félaga. 14,9% þeirra félaga sem voru búin

#### Öll félög

Fjöldi framtala	33.299
Rekstrartekjur	3.910
Rekstrargjöld	3.373
Hagnaður	789
Hreinar tekjur	289
Yfirfæranlegt tap	7.606
Eignir	15.783
Skuldir	16.674

að skila framtali voru með 40,3% rekstrartekna, þau áttu 35,1% eigna en 56,8% skulda félaga voru í þessum félögum.

Þá var 6.601 félag, eða 19,8% félaga með tap af rekstri og skv. ársreikningi, greiddi ekki tekjuskatt og var með skuldir umfram eignir.

Þessi félög áttu 10,4% yfirfæranlegs taps félaga, 795 milljarða og skulduðu samtals 1.555 milljarða eða 9,3% skulda.

Á undanförunum árum hefur atvinnulífið verið að rétta úr kútnum og þessar tölur allar verið að færast í betra horf. Fleiri félög eru rekin með hagnaði, hagnaður er af fleiri félögum eftir að tekið hefur veið tillit til fjármagnsliða og fleiri félög eiga eignir umfram skuldir. ■

#### Félög með rekstrarhagnað

Fjöldi framtala	16.215
Rekstrartekjur	3.308
Rekstrargjöld	2.651
Hagnaður	555
Hreinar tekjur	209
Yfirfæranlegt tap	5.899
Eignir	10.014
Skuldir	12.497

#### Núll félög

Fjöldi framtala	2.027
Rekstrartekjur	2
Rekstrargjöld	2
Hagnaður	1
Hreinar tekjur	0
Yfirfæranlegt tap	8
Eignir	37
Skuldir	24

#### Félög með rekstrartap

Fjöldi framtala	15.057
Rekstrartekjur	600
Rekstrargjöld	720
Hagnaður	233
Hreinar tekjur	80
Yfirfæranlegt tap	1.699
Eignir	5.732
Skuldir	4.153

#### Félög með hagnað skv. ársreikningi

Fjöldi framtala	14.329
Rekstrartekjur	3.098
Rekstrargjöld	2.456
Hagnaður	610
Hreinar tekjur	207
Yfirfæranlegt tap	5.715
Eignir	8.691
Skuldir	11.274

#### Félög með tap skv. ársreikningi

Fjöldi framtala	1.867
Rekstrartekjur	210
Rekstrargjöld	195
Hagnaður	-56
Hreinar tekjur	2
Yfirfæranlegt tap	184
Eignir	1.315
Skuldir	1.214

#### Félög með hagnað skv. ársreikningi

Fjöldi framtala	1.503
Rekstrartekjur	224
Rekstrargjöld	270
Hagnaður	366
Hreinar tekjur	78
Yfirfæranlegt tap	716
Eignir	4.392
Skuldir	2.218

#### Félög með tap skv. ársreikningi

Fjöldi framtala	13.524
Rekstrartekjur	375
Rekstrargjöld	449
Hagnaður	-134
Hreinar tekjur	2
Yfirfæranlegt tap	983
Eignir	1.330
Skuldir	1.927

#### Eigið fé

Hreinar tekjur	Jákvætt	Núll	Neikvætt	Alls
Fjöldi framtala	8.442	60	856	9.358
Rekstrartekjur	1.492	3	24	1.520
Rekstrargjöld	1.269	2	18	1.289
Hagnaður	203	1	5	209
Hreinar tekjur	200	1	6	207
Yfirfæranlegt tap	0	0	0	0
Eignir	3.140	0	12	3.152
Skuldir	1.788	0	16	1.804

Tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	2.671	19	2.281	4.971
Rekstrartekjur	1.298	1	278	1.578
Rekstrargjöld	1.115	1	52	1.168
Hagnaður	140	0	261	401
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfæranlegt tap	373	0	5.342	5.715
Eignir	3.136	0	2.403	5.539
Skuldir	2.157	0	7.313	9.470

Enginn tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	113		22	135
Rekstrartekjur	15		1	15
Rekstrargjöld	13		1	14
Hagnaður	-3		0	-3
Hreinar tekjur	2		0	2
Yfirfæranlegt tap	0		0	0
Eignir	45		1	46
Skuldir	29		1	30

Tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	708	4	1.020	1.732
Rekstrartekjur	153	0	42	195
Rekstrargjöld	144	0	36	181
Hagnaður	-10	0	-43	-53
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfæranlegt tap	61	0	123	184
Eignir	350	0	919	1.269
Skuldir	211	0	973	1.184

Enginn tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	493	1	18	512
Rekstrartekjur	78	0	0	78
Rekstrargjöld	87	0	0	87
Hagnaður	107	0	1	108
Hreinar tekjur	78	0	0	78
Yfirfæranlegt tap	0	0	0	0
Eignir	1.873	0	1	1.874
Skuldir	1.091	0	2	1.093

Tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	730	9	252	991
Rekstrartekjur	143	0	2	146
Rekstrargjöld	178	0	4	183
Hagnaður	232	0	26	259
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfæranlegt tap	488	29	199	716
Eignir	2.440	1	77	2.518
Skuldir	755	1	369	1.125

Enginn tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	257	7	46	310
Rekstrartekjur	7	0	1	8
Rekstrargjöld	8	0	1	9
Hagnaður	-2	0	0	-2
Hreinar tekjur	2	0	0	2
Yfirfæranlegt tap	0	0	0	0
Eignir	41	0	1	42
Skuldir	12	0	3	14

Tekjuskattsstofn

Fjöldi framtala	6.439	174	6.601	13.214
Rekstrartekjur	240	1	126	367
Rekstrargjöld	271	5	164	440
Hagnaður	-48	-4	-78	-131
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Yfirfæranlegt tap	187	2	795	983
Eignir	746	0	541	1.288
Skuldir	357	0	1.555	1.913

Enginn tekjuskattsstofn

# Niðurfærsla verðbréfaeignar

Árið 2008 varð efnahagslíf landsins fyrir áfalli. Í svo að segja einni svipan gerbreyttust aðstæður atvinnulífsins og af stað fór keðjuverkun þar sem samofið net viðskiptatengsla raknaði upp. Fyrirtæki áttu erfitt með að fá greitt fyrir verk eða vörur sem aftur þýddi að þau áttu sjálf erfitt með að standa við eigin skuldbindingar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Kröfur sem ekki fengust innheimtar voru afskrifaðar og verðbréfaeign færð niður þegar virði eignarinnar rýrnaði í samræmi við breyttar væntingar.

Árið 2007 afskrifuðu fyrirtæki viðskiptakröfur upp á 34 milljarða. Á næstu tveimur árum voru afskrifaðar 5,2 billjónir. Þá var tap vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага um 3,2 billjónir á þessum árum. Árið 2006 hafði niðurfærsla verðbréfaeignar verið um fjórir milljarðar, ári síðar var hún 90 milljarðar en árið 2008 færðu lögaðilar niður verðbréfaeign upp á 688 milljarða. Árið 2008 töpuðu fyrirtæki í landinu 13,7 billjónum og yfirfæranlegt tap í lok ársins var hátt í níu billjónir. Veruleg hætta skapaðist á algeru hruni efnahagslífs landsins.

## Heimildir í lögum

Samkvæmt skattalögum er fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum kostnað sem fellur til við að afla þeirra og halda þeim við. Í 1. tölulíð 31. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 segir:

*„Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna í lífeyrissjóðum sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, vexti af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærsla og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.“*

Í 3. t. 31. gr. segir: *„Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.“*

Þá segir í 5. t. 31 gr. um frádrátt vegna tapaðra hlutabréfa: *„Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991.“*

Samkvæmt orðanna hljóðan er 31. gr. heimildar-ákvæði og er það því undantekning frá meginreglunni sem er sú að lögaðilum beri að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, sbr. 2. gr. laganna. Þetta þýðir að fyrirtækjum ber að sýna fram á að þeim sé heimilt að draga kostnað frá tekjum og að skilyrðum fyrir frádrætti sé fullnægt. Það er t.d. algerlega óheimilt að gjaldfæra persónuleg útgjöld eigenda eða aðstandenda í rekstrinum og draga hann þannig frá skattskyldum tekjum.

Í 3. og 5. t. hér að framan er tekið fram að aðeins megi draga viðskiptakröfur og tapað hlutfé í félögum frá tekjuskattsstofni að því tilskildu að það sé sannanlega tapað, t.d. vegna gjaldþrots eða vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga. Skattalögin stangast hér á við reglur um bókhald og reikningsskil sem kveða á um að eignir sem taldar eru verðlausar skuli færðar niður til gangvirðis eða af bókum fyrirtækisins. Reikningsskilin eiga að gefa raunsanna mynd af rekstri og efnahag fyrirtækisins á hverjum tíma og því skulu eignir sem eru taldar verðlausar færðar niður til raunvirðis í bókum fyrirtækisins. Skattskilin eru hins vegar mun strangari að þessu leyti og leyfa ekki frádrátt frá stofni nema eignirnar séu sannanlega tapaðar. Í skattskilum þarf því að leiðrétta þennan mun með sérstökum leiðréttingarfærslum.



Sé leiðréttingarfærsla vegna niðurfærslu verðbréfaeignar ekki færð á skattframtal eins og ber að gera er hætt við að eign sem er færð niður í reikningsskilum hverfi úr auglýsn skattýfirvalda. Eignin verður að vera sannanlega töpuð til að hægt sé að draga hana frá skattstofni og sé leiðréttingarfærsla ekki færð á skattframtal skapast hætta á að eign sem er færð niður í reikningsskilum sé, þegar allt kemur til alls, ekki verðlaus og að verðmæti séu tekin út úr fyrirtækinu án þess að réttur skattur sé greiddur.

### Eftirlit með niðurfærslu

Á hverju ári tekur ríkisskattstjóri fjölda atriða í skattskilum einstaklinga og fyrirtækja til sérstakrar skoðunar. Þegar skattskilum er ábótavant endurákvæðar ríkisskattstjóri skatta í samræmi við skattalög.

Sem hluti af verkefnaáætlun eftirlitssvið árið 2011 var tekið til almennrar skoðunar hvort rétt hafi verið staðið að niðurfærslu verðbréfaeignar í skattframtölum árána 2009 til 2010 og hvort viðeigandi leiðrétting hafi verið færð í skattskilum lögaðila þegar verðbréfaeign var færð niður í reikningsskilunum þessi ár. Skoðunin leiddi í ljós að verðbréfaeign hafði verið færð niður á hátt í 1.500 framtölum þau fimm ár sem voru skoðuð og að nokkur vanhöld væru á að leiðréttingarfærsla vegna skattskila fylgdi niðurfærslunni. Þótti því full ástæða til að skoða málið frekar. Í framhaldinu voru 272 framtöl valin með lagskiptu úrtaki og yfirfarin.

Árin 2011 til 2015 var farið yfir skattskil þeirra sem höfðu fært niður verðbréfaeign og leiddi sú vinna í ljós að 36 lögaðilar höfðu ekki leiðrétt skattskilin með tilliti til ársreiknings eins og bar að gera og hafði niðurfærsla verðbréfaeignar iðulega leitt til yfirfæranlegs tap hjá fyrirtækjunum sem átti ekki rétt á sér. Yfirfæranlegt tap

þessara fyrirtækja var lækkað um tæpa 25,4 milljarða en sé gengið út frá því að tekjuskattur lögaðila verði áfram 20% munu skatttekjur ríkisins að öllum líkindum aukast um fimm milljarða á næstu árum vegna eftirlitsverkefnisins. Þá voru skattar fjögurra lögaðila hækkaðir um tæpar 178 milljónir vegna niðurfærslu verðbréfaeignar sem ekki átti rétt á sér. Þegar fram líða stundir kann þó að koma í ljós að niðurfærðar kröfur séu í sumum tilfellum sannanlega tapaðar og því verði tekjuauki ríkisins vegna þessa eftirlitsverkefnis eitthvað lægri.

### Þegar upp er staðið

Þetta eftirlitsátak skilaði hátt á annað hundrað milljónum í álögð gjöld vegna endurákvæðana. Þá var tap fellt niður sem mun, ef að líkum lætur, skila um fimm milljörðum í tekjuskatt til ríkis á komandi árum. Eins og gefur að skilja var stærstur hluti endurákvæðana vegna hrunarána 2008 og 2009 en þessi ár var tap á verðbréfaeign einnig mest. Það var til að mynda fremur fátítt að leiðréttingarfærsla vantaði fyrir árin 2011 og 2012. Það er þó engu að síður ljóst að skattskil flestra þeirra fyrirtækja sem færðu niður verðbréfaeign árin 2008 til 2012 voru rétt að þessu leyti

Ýmsar skýringar kunna að vera á því að skattskil voru athugaverð með tilliti til niðurfærslu á þessum tíma. Flestir báru við vankunnáttu en margir töldu heimilt að færa niður verðbréfaeign í kjölfar þeirrar lækkunar sem varð á verðbréfum í kjölfar hrunsins og væntanlegs taps vegna þess. Þá voru einhverjir sem virtust ekki átta sig á þeim mun sem er á reglum reikningshaldsins og skattlögunum. ■

GB/PK



## Stofnun ársins 2016 - Ríkisskattstjóri

Það var með mikilli eftirvæntingu sem hópur starfsmanna ríkisskattstjóra mætti á samkomu SFR hinn 12. maí sl. þar sem tilkynnt var um niðurstöður á vali fyrirmyndarstofnana. Hefur SFR árlega sent starfsmönnum stofnana hins opinbera spurningalista um ýmsa þætti er tengjast vinnu þeirra og starfsumhverfi og eru niðurstöður valsins byggðar á svörum starfsmannanna sjálfra.

Ríkisskattstjóri hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2016 í hópi stofnana sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri og var það með miklu

stolti sem starfsmenn veittu staðfestingu frá SFR móttöku um að annað árið í röð hlotnaðist ríkisskattstjóra þessi heiður. Auk þess að vera dýrmæt viðurkenning á viðhorfi starfsmanna til vinnustaðarins er það stjórnendum vísending um að mannauðsmál embættisins og ýmis önnur starfsmannatengd rekstrarmál séu í betra horfi en hjá flestum öðrum stofnunum.

Könnun á viðhorfi ríkisstarfsmanna til vinnustaða sinna var nú gerð í 11. skipti og hefur ríkisskattstjóri verið með í könnuninni frá upphafi. Stofnunum er skipt í þrjá



Framlína frá vinstri: Jóhannes Jónsson, Stefán Skjaldarson, Rósa H. Ingólfssdóttir, Hanna Björnsdóttir, Gerður Ólafsdóttir og Jón Ásgeir Tryggvason. Aftari hópur, frá vinstri: Ragnhildur Reynisdóttir, Magnea Bjarnadóttir, Sigmundur Stefánsson, Björn K. Björnsson, Hrafnhildur Hauksdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Guðbjörg Alda Jónsdóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Sigríður L. Lúðvíksdóttir, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Skúli Jónsson, Inga Hanna Guðmundsdóttir, Elín Alma Arthursdóttir, Ingvar J. Rögnvaldsson, Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Jónína B. Jónasdóttir, Jónas Magnússon og Margrét Högnadóttir.



hópa út frá fjölda starfsmanna þeirra og varð ríkisskattstjóri í fyrsta sæti af 76 stofnunum í flokki stofnana með fleiri en 50 starfsmenn. Í níu síðustu könnunum hefur embættið náð góðum árangri og verið í hópi fimm efstu í sínum flokki og þar með í hópi fyrirmyndarstofnana.

Hluti starfsmanna, þar á meðal nokkrir trúnaðarmenn SFR hjá ríkisskattstjóra, var viðstaddur er Árni Stefán Jónsson formaður SFR afhenti viðurkenninguna og var meðfylgjandi mynd tekin í lok athafnar.

Í könnun SFR felast víðtækar spurningar sem hafa breyst nokkuð á milli ára þrátt fyrir að vera sambærilegar í grunninn. Fer

könnunin fram með þeim hætti að í annarri viku febrúar er hún send rafrænt til ríkisstarfsmanna í samvinnu SFR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Gallup annast svo úrvinnslu hennar og framsetningu niðurstaðna.

Með svo viðamikilli könnun fæst góð mynd af starfsumhverfi stofnana og starfsánægju. Hún gefur starfsmönnum færi á að nýta niðurstöðurnar til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðra. Slíkt er ekki síður mikilvægt fyrir þá sem bera ábyrgð á rekstri stofnana og getur veitt mikilvægar upplýsingar um að hverju þurfi að huga betur á vinnustaðnum. ■

# Álagning einstaklinga 2016



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur

## Skattgrunnskrá

Ísland er eitt af fámennustu ríkjum veraldar. Um áramótin síðustu var íbúafjöldi í landinu 332.529 sem er álíka fjöldi og fæðist á hverjum degi í heiminum.

”

Árið 2015 voru 28.309 erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá en þeir voru þá 10,2% framteljenda á grunnskrá

Tæplega fimm af hverjum 100 þúsund jarðarbum eru Íslendingar en það er ekki langt síðan Íslendingar voru ekki nema 100 þúsund.

Skattgrunnskrá byggir að miklu leyti á þjóðskrá Hagstofunnar. Þar eru allir sem náð hafa 16 ára aldri þegar lagt er á, þeir sem höfðu lögheimili hér á landi í árslok, þeir sem hafa fengið greidd laun auk þeirra sem óska eftir því að vera settir á skattgrunnskrá. Þetta þýðir að allir sem fæddir voru árið 1999 eða fyrr greiða skatt

Í byrjun júní lauk ríkisskattstjóri álagningu opinberra gjalda á einstaklinga en nú var lagt á þá mánuði fyrr en undanfarin ár. Skattframtöl einstaklinga bera þess órækt vitni að efnahagur landsmanna hafi vænkast á undanförunum árum eftir að hafa orðið fyrir verulegu áfalli í kjölfar hrunsins. Landsmönnum fjölgar, atvinnuleysi hefur minnkað, tekjur og eignir aukast á sama tíma og skuldir hafa lækkað.

af tekjum sem aflað var árið 2015, óháð því hvort að þeir voru fæddir snemma í janúar eða seint í desember.

Nú voru 277.606 einstaklingar á skattgrunnskrá sem var 5.800 fleiri en í fyrra. Þetta er talsvert meiri fjölgun en í fyrra en þá fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 3.355. Árið 2013 fjölgaði hinsvegar um 4.258. Árin 2009 og 2010 fækkaði framteljendum á skattgrunnskrá um 6.730. Framteljendum hefur hinsvegar fjölgað aftur um 16.842 eða 6,5% frá árinu 2010 og hafa þeir aldrei verið fleiri en nú. Ef frá eru talin árin 2009 og 2010 þá hefur framteljendum fjölgað stöðugt ár frá ári allt frá árinu 1992. Árið 1992 voru 198.611 framteljendur á skattgrunnskrá eða 78.995 færri en voru nú

staklinga á grunnskrá. Um aldamótin voru þeir orðnir 6.674 eða um 3% framteljenda á skattgrunnskrá.

Á uppgangsrárunum fyrir hrun fjölgaði erlendum ríkisborgurum mjög mikið en árið 2007 voru þeir orðnir 30.435 eða um 11,5% framteljenda á skattgrunnskrá. Í hruninu fækkaði þeim svo aftur en fram til ársins 2011 fækkaði erlendum ríkisborgurum um 10.919 eða 35,9%. Þeir voru þá um 7,5% framteljenda á skattgrunnskrá. Síðan hefur erlendum ríkisborgurum aftur fjölgað um 8.793 eða um 45,1%. Árið 2015 voru 28.309 erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá en þeir voru þá 10,2% framteljenda á grunnskrá.

Það er athyglisvert að frá árinu 2011 hefur framteljendum á skattgrunnskrá fjölgað um 15.836 og því var ríflega helmingur eða 55,5% fjölgunar á grunnskrá vegna erlendra ríkisborgara. Það er reyndar merkilegt að nokkuð hefur dregið úr fjölgun Íslendinga frá árinu 2013 þegar þeim fjölgaði þeim um 2.185, ári síðar fjölgaði Íslendingum um 1.594 og nú síðast fjölgaði um 1.482. Um 26,5% fjölgunarinnar árið 2012 voru erlendir ríkisborgarar, 48,7% árið 2013, 52,5% árið 2014 og 74,4% árið 2015. Fjölgun á grunnskrá í fyrra var því að mestu vegna aðflutnings erlendra ríkisborgara. Það er rétt að taka fram að margir erlendir ríkisborgarar koma hingað til tímabundinnar dvalar og eru því ekki með fasta búsetu hér á landi. Þá er fjölgun íslenskra ríkisborgara að nokkru leyti vegna þeirra sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt árið 2015. Engu að síður er athyglisvert að Íslendingar eru nú innan við 90% framteljenda á skattgrunnskrá.

Árið 2015 fjölgaði Pólverjum mest allra á skattgrunnskrá, um 1.709 eða 17,5%.

Þá fjölgaði íslenskum ríkisborgurum um 1.482 eða 0,6%. Litháum fjölgaði um 231, sem var fjölgun um 15% og Rúmenum um 170 eða 54,8%. Spánverjum og Tékkum fjölgaði um 161 og 153 sem er fjölgun um 29,9% og 44,2%. Þá er athyglivert að Bretum, Frökkum og Þjóðverjum fjölgaði einnig mikið á grunnskrá árið 2015, Bretum um 139, eða 17,8%, Frökkum um 137, eða 30,9% og Þjóðverjum um 132 eða 11,5%. Lettum og Portúgölum fjölgaði um 120, eða 18,5%. Ungverjum fjölgaði um 81, eða 38%. Búlgörum og Króötum fjölgaði um 54 og 52, Búlgörum um 30,7% og Króötum um 162,5%. Þá er mjög merkileg mikil fjölgun Belga og Hollendinga en þeim fjölgaði hér á landi um 40 og 33 eða um 69% og 17,3% árið 2015.


## Nefskattar

Eins og nafnið gefur til kynna eru nefskattar lagðir á óháð tekjum. Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra eru dæmi um slíka skatta. Skattarnir eru reyndar aðeins lagðir á þá sem voru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem voru kr. 1.637.600 árið 2015 og þá sem voru fæddir 1946 og síðar, þ.e. þeir sem voru komnir á áttæðisaldur voru undanþegnir gjaldinu. Hér er því ekki um hreina nefskatta að ræða.


Rúmir 3,2 milljarðar voru nú lagðir á landsmenn í útvarpsgjald. Útvarpsgjaldið er lagt á til að standa straum af rekstri ríkisútvarps. Tekjur af útvarpsgjaldi lækkuðu um rúmar 233 milljónir á milli ára. Gjaldið sjálf var 16.400 kr. en var 17.800 í fyrra svo það hefur lækkað um 1.758 kr. að raunvirði. Þetta er lækking um 9,7% sem er ívið meiri lækking en árið 2015 þá lækkaði gjaldið um 9%. Á móti vegur að 6.079 fleiri greiddu gjaldið eða 195.316 saman borið við 189.237 í fyrra. Gjaldendum fjölgaði um 3,2%.

Nú voru lagðir rúmir tveir milljarðar á í gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem var um 83 milljónum meira en í fyrra. Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um landið, byggingu stofnana fyrir aldræða, þjónustumiðstöðva og dagvista, auk annarra verkefna sem stuðla að eflingu öldrunarþjónustu. Gjaldið var 10.464 kr. og hækkaði um 305 kr. að raungildi. Það var lagt á 195.490 einstaklinga, 5.105 fleiri en í fyrra. Þeir sem falla frá á árinu þurfa að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en þeir sleppa hins vegar við að greiða útvarpsgjald og er það ástæða þess að aðeins fleiri greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjaldið.

## Fjöldi framteljenda á skattgrunnskrá



## Breyting á fjölda




Á skattgrunnskrá eru allir sem náð hafa 16 ára aldri á árinu, þeir sem höfðu lögheimili hér á landi í árslok, þeir sem hafa fengið greidd laun auk þeirra sem óska eftir því að vera settir á skattgrunnskrá. Skattskyldum einstaklingum fjölgaði að jafnaði um 1,3% á 10. áratugi síðustu aldar og í upphafi þessarar. Frá árinu 1992 til ársins 2002 fjölgaði um 27.864. Á uppgangstímunum fyrir hrun 2002 til 2007 fjölgaði aftur um 38.292, en þar af var 23.391 erlendir ríkisborgari eða 61,1% fjölgunarinnar. Fram til ársins 2010 fækkaði aftur um 4.003 á skrá en erlendum ríkisborgurum fækkaði um 10.475 á þessum tíma. Síðan hefur aftur fjölgað á skattgrunnskrá um 16.842 en þar af er rétt helmingur erlendir ríkisborgarar eða 8.349. Í álagningu nú voru 28.309 erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá sem voru um 10,2% framteljenda á skrá. Nú fjölgaði framteljendum um 5.800 eða 2,1% á milli ára en það hefur ekki fjölgað þetta mikið frá hruni.

## Tekjur og frádráttur

Það eru ekki ýkja mörg ár síðan tekjur landsmanna lækkuðu mikið í kjölfar hrunsins. Botninum var náð árið 2010 en síðan hafa tekjur aukist ár frá ári. Bróðurpartur tekna í landinu er laun sem greidd eru fyrir vinnu launamanna. Aðrar tekjur eru reiknað endurgjald sem einstaklingar


sem reka fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð og á eigin nafni og kennitölu þurfa að reikna sér, leigutekjur, vextir og arður. Þá geta einstaklingar einnig haft miklar tekjur af sölu eigna. Fyrirtæki eru flest í eigu einstaklinga. Hagnaður sem er endurfjárfestur í rekstri í stað þess að vera greiddur út til eigenda sem arður skapar tekjur í rekstrinum og eykur þannig virði fyrirtækisins. Þegar fyrirtækið er síðan selt

## Tekjuskatts- og útsvarsstofn



Allt frá miðjum 10. áratugnum og fram til ársins 2007 jókst raungildi tekna einstaklinga samfellt. Vöxturinn var sérlega mikill á árunum 2002 til 2007 en þá jókst raungildi tekjuskatts- og útsvarsstofns um 28,8%. Fram til ársins 2010 lækkaði skattstofninn um 189 milljarða eða 16,5%. Síðan þá hefur tekjuskatts- og útsvarsstofn vaxið aftur um 183 milljarða eða 19,2%. Árið 2015 var hann 57,6 milljörðum eða 5,3% hærrí en árið áður. Það vantar ekki nema tæpa sex milljarða að stofninn sé nú jafnhár og hann var árið 2007.

## Fjármagnstekjur



Fjármagnstekjur jukust mikið eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á árunum 1996 og 1997. Einstaklingur var gert auðveldara að stofna fyrirtæki, skattar á löggaðila voru lækkaðir og fjármálastofnanir sem verið höfðu í eigu ríkisins voru seldar. Tekjur einstaklinga af vöxtum, leigu, arði og söluhagnaði jukust stöðugt frá ári til árs. Frá árinu 1997 til ársins 2007 11-földuðust fjármagnstekjur. Þær voru þá orðnar 374 milljarðar eða um fjórðungur skattskyldra tekna í landinu. Fjármagnstekjur minnkuðu um 308,4 milljarða fram til ársins 2011 eða um 82,4%. Síðan þá hafa þær hækkað ár frá ári um samtals 29,3 milljarða eða 44,4%. Einstaklingar voru með 95,3 milljarða í fjármagnstekjur árið 2015, þremur milljörðum eða 3,2% meira en árið áður.

myndast söluhagnaður, oft vegna arðs eða tekna sem orðið hafa til í fyrirtækinu á mörgum árum. Þá fá margir greiddan lífeyri úr lífeyristryggingasjóðum, séreignarsjóðum, atvinnuleysistryggingasjóðum eða félagslegar tryggingabætur úr samtryggingarkerfinu.

## Laun og starfstengdar greiðslur

Landsmenn töldu fram 922,8 milljarða í laun og starfstengd hlunnindi, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi árið 2016. Þessar greiðslur voru 68 milljörðum, eða 8% hærrí að raunvirði árið 2015 en árið 2014. Nær þrjú fjórðu hlutar tekna einstaklinga eru laun og hlunnindi og því er hér um mikilvægasta tekjupóstinn að ræða. Þá er jafnframt athyglisvert að vægi þessara tekna hefur aukist á síðustu árum. Árið 2007 voru laun og hlunnindi um 931,5 milljarðar, þau lækkuðu um 184,6 milljarða fram til ársins 2010, eða um 19,8% á þremur árum. Síðan hafa laun hækkað með auknum hraða ár frá ári, fyrst um 1,4% á milli árunum 2010 og 2011, þá um 3,2% og síðan um 3,1%. Þau jukust um 6,1% á milli árunum 2013 og 2014 og nú síðast um 8%. Frá árinu 2010 hafa laun og hlunnindi aukist um 175,9 milljarða sem er hátt í fjórðungur eða 23,5%. Það má heita að launin séu nú búin að ná fyrri hæðum en ekki vantar nema 8,7 milljarða upp á að laun og hlunnindi skv. skattframtölum séu jafn há nú og árið 2007.

Nú er sérlega athyglisvert hvað önnur hlunnindi hækka mikið á milli ára. Önnur hlunnindi eru t.d. fæði, ökutæki önnur en bifreiðir, húsnæði, fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, sími, tölvur, svo og framlög og gjafir. Önnur hlunnindi voru 1,3 milljarðar árið 2014 en nú voru þessi hlunnindi metin á 2,2 milljarða. Þetta er hækkan um 67,3% á milli ára. Nú töldu 11.636 einstaklingar fram önnur hlunnindi, sem var 175 færri en á framtali í fyrra. Skýringin á þessari miklu aukningu á milli ára kann að vera sú að þarna hafi komið inn valréttur hjá nokkrum fyrirtækjum.

Nú töldu 185.325 manns fram laun og hlunnindi á árinu 2015 en það er 2.497 fleiri en í álagningu í fyrra. Á skattgrunnskrá voru 277.606 þannig að hér er um að ræða ríflega tvo þriðju hluta framteljenda eða um 66,8% framteljenda á skattgrunnskrá. Þetta hlutfall hefur verið nær óbreytt á undanförunum árum. Það er hins vegar athyglisvert að á sama tíma og fjölgar um 5.800 á skattgrunnskrá skuli launamönnum fjölga um 2.497 eða um 43,1% af heildarfjölguninni. Þá er þetta



minni fjölgun en í fyrra en þá fjölgaði um 3.508 á sama tíma og fjölgaði um 3.355 á skattgrunnskrá.

## Dagpeningar


Vinnuveitendur geta ýmist greitt kostnað af ferðum starfsmanna gegn framvísun reiknings eða greitt þeim dagpeninga til að standa straum af ferðakostnaði á vegum vinnuveitanda. Tryggingagjald er ekki greitt af dagpeningum og því er ákveðið hagræði í því fyrir launagreiðendur að greiða dagpeninga frekar en laun. Dagpeningar hafa aukist nokkuð á undanförunum árum allt frá árinu 2009 en árið 2014 minnkuðu þeir lítillega. Þeir jukust aftur árið 2015 en þá greiddu vinnuveitendur launamönnum 12,1 milljarð í dagpeninga sem var einum milljarði meira en árið áður. Dagpeningar jukust um 8,7% á milli ára og nú, samkvæmt framtölum 2016, fengu 26.346 framteljendur greidda dagpeninga, þ.e. 788 fleiri en fyrir ári.

Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádráttur fyrir hvern ferðadag getur þó ekki orðið hærri en leyft er skv. skattmati. Þá þurfa að liggja fyrir í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferða, fjölda dvalardaga og fjárhæðir dagpeninga.

Frádráttur er færður á móti bróðurparti greiddra dagpeninga og því er aðeins hluti dagpeninganna skattlagður sem hverjar aðrar launatekjur. Á framtali 2016 færðu 26.227 framteljendur samtals rúma 11,8 milljarða í frádrátt á móti dagpeningum og því voru 303 milljónir skattlagðar sem laun sem var svipað og fyrir ári. Einhverjir 119 ferðalangar hafa því ekki dregið kostnað vegna ferðar frá dagpeningunum sem þeir fengu greidda. Í fyrra fengu 89 einstaklingar greidda dagpeninga án þess að draga frá kostnað. Aðeins lítið brot greiddra dagpeninga er þó skattlagt.


Undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á að dagpeningar hafa verið áritaðir á skattskýrsluna. Ef dagpeningar sem greiddir eru á árinu eru jafnir dagpeningum undanþegnum staðgreiðslu, þ.e. dagpeningum sem eru lægri en viðmiðunarreglur um greiðslu dagpeninga kveða á um og upphæðin er ekki yfir einni milljón, sbr. reglur um skattmat, er sjálfkrafa dreginn frá kostnaður á móti dagpeningagreiðslunni og því er engin tekjuskattur greiddur af henni. Þetta verklag hefur án efa sparað skattgreiðendum

## Laun



Vinna og verðmætasköpun halda í hendur. Raunvirði launa jókst mikið á 10. áratugnum. Launagreiðslur jukust um 270 milljarða eða um 61,2% á 10 ára tímabili frá 1992 til 2002. Þær jukust svo aftur um 203 milljarða fram til ársins 2007 eða um 28,5%. Þá voru greiddir rúmir 915 milljarðar í laun í landinu. Á 10 ára tímabili frá árinu 1997 til 2007 höfðu greidd laun aukist um tæp 76,3%. Eftir hrunið urðu alger umskipti, atvinnuleysi jókst, laun lækkuðu og verðbólga jókst þannig að launagreiðslur töpuðu verðgildi sínu. Árið 2010 var botninum náð en þá voru laun 741 milljarður, 174 milljörðum eða 19% lægri en þau höfðu verið árið 2007. Síðan þá hafa laun og hlunnindi þokast upp á við, samtals um 176 milljarða eða 23,7% en þar af er hækkun á síðustu tveimur árum 117 milljarðar sem eru rúmir tveir þriðju hlutar hækkunarinnar. Laun jukust um 67 milljarða árið 2015 eða 8%.

## Reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri



Einstaklingum sem reka fyrirtæki í eigin nafni ber að reikna sér endurgjald vegna vinnu við reksturinn. Þá er hagnaður af rekstrinum einnig skattlagður eins og um launatekjur sé að ræða. Árið 1996 reiknuðu 27.057 einstaklingar sér endurgjald. Árið 2007 reiknuðu 16.527 einstaklingar sér endurgjald. Þarna hafði fækkað um 10.530. Eftir hrunið voru skattar á félög hækkaðir aftur og fjölgaði þeim sem reikna sér endurgjald. Árið 2010 reiknuðu 15.815 manns sér endurgjald en árið 2014 voru þeir orðnir 1.385 fleiri eða 17.200. Árið 2015 fækkaði hins vegar aftur um 212. Reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri einstaklinga hafa fylgt fjöldapröuninni. Árið 1997 voru reiknað endurgjald og hreinn hagnaður samtals 57,7 milljarðar. Arður eigenda af rekstri lækkaði um tæpa 32,7 milljarða eða 56,6% fram til ársins 2010. Þá voru reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri einstaklinga 25,1 milljarður. Síðan hafa þessar tekjur hækkað um 7,3 milljarða eða um 29%. Um 34,5% arðs af einstaklingsrekstri eru hreinar tekjur eða hagnaður af rekstrinum en þetta hlutfall hefur þokast upp á síðustu árum.

umtalsverða skatta en árið 2006 voru dagpeningar upp á tæpa 1,2 milljarða skattlagðir sem hverjar aðrar launatekjur.

## Ökutækjastyrkur

Ökutækjastyrkur er greiðsla frá vinnuveitanda til starfsmanna sem nota sína eigin bifreið í þágu vinnuveitandans. Hér er ýmist um að ræða fasta greiðslu eða greiðslu fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursbók eða akstursskýrslu. Starfsmenn mega draga kostnað frá ökutækjastyrk ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð í þágu vinnuveitanda. Ferðir til og frá vinnu teljast hins vegar ekki til slíkra nota. Ef kostnaðurinn er lægri en styrkurinn er mismunurinn skattlagður.

Vinnuveitendur greiddu 10,6 milljarða í ökutækjastyrk árið 2015 sem var 97 milljónum minna en árið áður. Frá ökutækjastyrk voru dregnir rúmir 7,4 milljarðar, sem var 113 milljónum meira en árið áður. Skattskyldur ökutækjastyrkur minnkaði því um 209 milljónir.

Alls töldu 38.558 einstaklingar fram ökutækjastyrk, sem var 743 fleiri en í fyrra en 33.532 drógu frá kostnað á móti styrknum sem var 1.185 fleiri en á framtali í fyrra. Í fyrra fjölgaði þeim sem fengu styrk á sama tíma og þeim sem drógu frá kostnað fækkaði. Sem fyrr segir er akstur til og frá vinnu ekki frádráttarbær og þá var gerð breyting á skattframtalinu þannig að menn þurftu að telja fram akstur fyrir vinnuveitanda. Þetta kann að hafa haft áhrif á það hvort að menn töldu fram frádrátt. Nú hins vegar hefur dæmið snúist við. Þeim sem telja fram frádrátt fjölgað hraðar en þeim sem fengu styrk.

## Reiknað endurgjald

Allir sem starfa við eigin atvinnurekstur eiga að reikna sér endurgjald eða laun fyrir vinnu sína. Þetta gildir jafnt um þá sem taka að sér hlutastörf eins og kennslu, greinaskrif eða smá viðvik í íhlaupum, sem og þá sem hafa meira umleikis. Reiknað endurgjald á ekki að vera lægra en launatekjur sem hefðu verið greiddar ef sama starf hefði verið unnið fyrir óskyldan aðila. Með þessi laun er farið á sama hátt og almennar launagreiðslur til launþega, þ.e. skila þarf af þeim staðgreiðslu, tryggingagjaldi og iðgjaldi í lífeyrissjóð. Reglan á bæði við um mann sem stundar atvinnustarfsemi í eigin nafni og mann sem starfar við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum, eða við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnumunaraðildar.

Lengst af ráku flestir einyrkjar fyrirtæki sín í eigin nafni og báru þannig persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á fjárhag fyrirtækisins. Þeir sem vildu setja á laggirnar hlutafélag þar sem tjón eigenda takmarkaðist við eigið fé fyrirtækisins þurftu að uppfylla skilyrði um fjölda hluthafa og hlutafé sem voru talsvert strangari en síðar varð. Á 10. áratugi síðustu aldar og fram yfir aldamótin var skattalögum breytt þannig að margir sáu sér hag í því að flytja rekstur sem áður hafði verið rekinn í nafni eiganda yfir í einkahlutafélög. Einstaklingum var gert kleift að flytja eignir fyrirtækisins yfir í einkahlutafélag sem var sjálfstæður lögaðili án þess að greiða skatt af söluhagnaði. Skattur á hagnað lögaðila var lækkaður og tekinn var upp fjármagnstekjuskattur.

Einkahlutafélögum fjölgaði mjög hratt á þessum tíma á sama tíma og þeim sem reiknuðu sér endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði. Tekjur sem áður höfðu verið skattlagðar hjá einstaklingum voru þá skattlagðar sem hagnaður í álagningu lögaðila.

Eftir að skattar á lögaðila voru hækkaðir í áföngum úr 15% í 20% og skattur af arði úr 10% í 20% minnkaði eða hvarf ábatinn af því að stofna einkahlutafélag. Allt frá árinu 2010 hafa sífellt fleiri reiknað sér endurgjald en að sama skapi hefur dregið úr mikilli fjölgun einkahlutafélaga. Árið 2015 reiknuðu 16.988 einstaklingar sér samanlagt 21,2 milljarða í endurgjald. Nú fækkar þeim sem reiknuðu sér endurgjald um 212 á milli ára en endurgjaldið var 893 milljónum hærra.

## Hreinn hagnaður einstaklinga með rekstur

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila rekstraryfirliti með skattframtalinu ef rekstrartekjur eru minni en ein milljón. Ef tekjurnar eru ein til 20 milljónir skila þeir rekstrarskýrslu en annars skila þeir skattframtali rekstraraðila eins og lögaðilar. Bændur skila landbúnaðarskýrslu með sínu skattframtali. Hagnaður af rekstrinum er síðan fluttur af rekstrartamtali yfir á skattframtal einstaklings og skattlagður eins og um hverjar aðrar launatekjur væri að ræða.

Árið 2015 var 11,2 milljarða hagnaður af rekstri einstaklinga með rekstur. Hagnaður jókst um 845 milljónir á milli ára eða um 8,2%. Þetta er aðeins minni aukning en í fyrra en þá jókst hagnaður einstaklinga með rekstur um 892 milljónir frá árinu á undan. Hreinar tekjur, eða hagnaður af einstaklingsrekstri, hafa

aukist frá ári til árs allt frá árinu 2010. Þá er það til marks um batnandi árfærni að fleiri fyrirtæki eru rekin með hagnaði. Nú var hagnaður af 87,2% þeirra einstaklingsfyrirtækja sem skiluðu rekstraruppgjöri en þetta hlutfall var 77,2% árið 2009.

## Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur eða eru með menn í vinnu þurfa að skila tryggingagjaldi af launum og skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð. Tryggingagjald í staðgreiðslu árið 2015 var 7,49%. Auk tryggingagjalds var greidd 0,64% slysatrygging af launum sjómanna.

Nú voru lagðir tæpir 2,4 milljarðar á einstaklinga í tryggingagjald, sem var um 66 milljónum eða 2,8% meira en fyrir ári. Tryggingagjald var lækkað úr 7,59% af launum ársins 2014 í 7,49% af launum ársins 2015 eða um 1,3%. Það má því ætla að laun og aðrar starfstengdar greiðslur sem greiddar voru af einstaklingum með atvinnurekstur hafi aukist um 4,2% á milli ára. Tryggingagjald var lagt á 19.393 einstaklinga, 84 færri en fyrir ári. Tryggingagjald er handreiknað á þá sem ekki hafa skilað framtali eða eru áætlaðir sem er skýringin á því af hverju tryggingagjald er lagt á fleiri en þá sem reiknuðu sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur.

## Greiðslur frá Tryggingastofnun

Tryggingastarfsemi gengur út að dreifa tjóninu sem verður þegar ógæfan knýr dyra á herðar fleiri en þess sem verður fyrir áfallinu. Hér er því um samtryggingarkerfi að ræða. Þeir sem kaupa sér tryggingu greiða iðgjald af tryggingunni sem rennur í bótasjóð. Iðgjaldið veltur á líkum á því að tjón verði og þeim hagsmunum sem eru í húfi eða tjóninu sem má búast við. Það fer eftir atvikum hversu háar og hvers eðlis bætur eru. Sly og sjúkdómar gera sjaldnast boð á undan sér. Margir hafa þurft að endurmeta framtíðina í ljósi breyttra aðstæðna. Heilbrigðis- og félagsþjónusta er dýr en það myndi ríða fjárhag langflestra landsmanna að fullu ef þeir þyrftu sjálfir að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu.

Víðast hvar er sá háttur hafður á að menn tryggja sig sjálfir. Sjúkratryggingar eru þá mikilvægur hluti af starfskjörum og tekjufærðar sem slíkar. Hér á landi sinna opinberar stofnanir því hlutverki að tryggja alla landsmenn fyrir heilsutjóni. Allir landsmenn eiga aðild að almannatryggingum sem eru opinbert samtryggingakerfi sem er kostað af skattfé.

Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkra-tryggingar Íslands eru kostaðar af almannatryggingum. Sjúkratryggingar sjá um að greiða kostnað af heilbrigðisþjónustu sem landsmenn njóta. Kostnaður Sjúkratrygginga vegna heilbrigðisþjónustu, lyfja og lækniþjónustu einstaklings getur hlaupið á milljónum og jafnvel tugum milljóna á ári. Þessi kostnaður er hins vegar ekki tekjufærður hjá einstaklingum sem njóta heilbrigðisþjónustu. Lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins eru hins vegar yfirleitt skattskyldar á sama hátt og lífeyrir sem greiddur eru úr lífeyrissjóðum.

Tryggingastofnun ríkisins greiddi rúma 77,2 milljarða í dagpeninga, dánarbætur, ellilífeyri, endurhæfingarlífeyri, foreldragreiðslur, heimilisuppbót, maka- og umönnunarbætur, mæðra- og feðralaun, örorkulífeyri og örorkustyrki og ýmsar aðrar greiðslur árið 2015. Greiðslur frá Tryggingastofnun voru tveimur milljörðum eða 2,7% hærri en árið áður. Nú er starfsævi fjölmennra árganga sem fæddir eru upp úr seinna stríði að ljúka en bótaþegum á sjötugs- og áttaræðisaldri hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Greiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað um 30,7% að raunvirði frá árinu 2010 á sama tíma og laun hafa hækkað um tæp 23,5%. Árið 2015 hækkuðu laun og hlunnindi þó mun meira en tryggingabæturnar.


Til viðbótar þeim 77,2 milljörðum sem Tryggingastofnun greiddi í skattskyldar bætur greidd hún rúma 9,5 milljarða í barnalífeyri, meðlagsgreiðslur, bifreiðakaupastyrki, dánarbætur vegna slysa, styrki til kaupa á sérfaði, umönnunargreiðslur og skattfrjálsar sjúklingatryggingar sem eru undanþegnar skatti. Þessar greiðslur sem voru 98,7 milljónum lægri árið 2015 en 2014 eru engu að síður færðar viðtakandanum til tekna. Eins og gefur að skilja eru skattfrjálsar greiðslur í flestum tilvikum meira virði fyrir þá sem fá þær en sambærilegar tekjur sem eru skattlagðar. Stundum getur verið um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.

Tryggingastofnun greiddi 54.965 manns skattskyldar greiðslur en bótaþegar voru 1.346 fleiri en árið áður. Þá fengu 17.595 einstaklingar skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun árið 2015 en það er 537 færri en árið áður.

## Atvinnuleysisbætur


Vinnuálastofnun, líkt og Tryggingastofnun, er hluti af félagslegu samtryggingakerfi landsmanna. Trygg-

## Greiðslur frá Tryggingastofnun



Ólíkt ýmsum öðrum skattskyldum tekjum hafa bætur frá Tryggingastofnun aukist talsvert frá góðæristímanum árið 2007. Tryggingastofnun greiddi 69 milljarða í bætur árið 2007. Árið 2015 greiddi Tryggingastofnun tæpa 87 milljarða í bætur, sem var 17,3 milljörðum meira en árið 2007. Bótageiðslur voru þá 24,9% hærri en þær voru árið 2007. Tryggingabætur voru um 7,6% af tekjuskatts- og útsvarstofni saman borið við 7,9% í fyrra.

## Atvinnuleysisbætur



Um áratugaskeið var atvinnuleysi að mestu óþekkt hér á landi en haustið 2008 urðu alger straumhvörf í íslensku efnahagslífi. Árið 2007 fengu 4.560 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur voru þá 2,7 milljarðar. Ári síðar fengu 10.370 manns greiddar 4,8 milljarða í atvinnuleysisbætur og árið 2009 fengu 27.638 manns greidda 24,7 milljarða í bætur. Bætur höfðu aukist um 22 milljarða á tveimur árum. Síðan þá hafa atvinnuleysisbætur lækkað stöðugt og færri fá greiddar bætur. Árið 2015 fengu 10.864 manns greidda 8,8 milljarða í bætur sem var 2,2 milljörðum minna en árið áður. Þá fengu 2.595 færri bætur en árið áður. Þótt atvinnuleysisbætur séu enn háar þegar árin fyrir hrun eru höfð til hlíðsjónar þá voru þær þó 15,9 milljörðum eða 64,5% lægri árið 2015 en árið 2009.

ingagjald er lagt á laun og aðrar starfstengdar greiðslur en hluti gjaldsins, atvinnuþryggingagjald, rennur til Atvinnuleysisþryggingasjóðs. Almenn tryggingagjald rennur hinsvegar til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem ráðherra setur með reglugerð. Vinnuálastofnun sér hins vegar um að greiða atvinnuleysisbætur úr Atvinnuleysisþryggingasjóði.

Í hruninu urðu alger straumhvörf í atvinnumálum þjóðarinnar. Vinnuálastofnun greiddi 2,7 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2007 en þá fengu 4.560 manns greiddar bætur. Tveimur árum síðar var staðan gerbreytt. Þá voru greiddir 24,7 milljarðar í atvinnuleysisbætur en bótaþegar voru þá 27.638. Síðan hefur bótaþegum fækkað og bætur lækkað ár frá ári. Vinnuálastofnun greiddi rúma 8,8 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2015 sem var um 2,2 milljörðum minna en árið á undan. Bætur eru enn fremur háar og bótaþegar margir samanborið við það sem var fyrir hrun. Frá hrúni 2008 hafa samanlagt verið greiddir tæpir 123 milljarðar í atvinnuleysisbætur. Árið 2015 fengu 10.864 manns greiddar bætur úr Atvinnuleisistryggingasjóði vegna atvinnuleysis einhvern tíma eða hluta árs, það er 16.774 færri en fengu bætur árið 2009, þegar ástandið var verst.

## Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Það eru ekki aðeins þeir sem hafa orðið fyrir örorku eða vinnumissi sem eru ófærir um að framfleyta sér. Það sama má segja um börn og aldraða.

Fyrir á tímum hvíldi sú skylda á fjölskyldu og ættingjum að sjá sínu fólki farborða eftir að starfsævinni lauk en á síðustu öld tóku ríkisvaldið og opinberar stofnanir að sér verk sem höfðu í aldanna rás verið unnin inni á heimilum.

Lífslíkur og langlífi eykst og geta Íslendingar gert sér vonir um að lifa fram á nírhæðisaldur, eða lengur en flestar aðrar þjóðir. Þegar starfsþrek þverr og fólk hættir að vinna þarf það engu að síður að framfleyta sér með einhverjum hætti. Lífeyristryggingasjóðir eru hluti af hinu félagslega samtryggingarkerfi landsmanna. Menn greiða hluta launa í lífeyrissjóð en öðlast í staðinn lífeyrisréttindi, líkt og ef um tryggingu væri að ræða.

Almennir lífeyristryggingasjóðir eru samtryggingasjóðir. Margir greiða því í sjóðina árum og áratugum saman

án þess að þeir eða erfingjar þeirra fái nokkuð greitt úr þeim. Greiðslan er ekki eign félaga í sjóðnum heldur lífeyrisréttindin sem menn afla sér. Því fá einhverjir meira greitt en þeir hafa lagt til sjóðanna á meðan aðrir fá lítið eða jafnvel ekkert. Lífeyrisréttindi eru hvorki eign né tekjufærð og ekki skattlögð hjá einstaklingum. Hér getur hins vegar verið um verulegar fjárhæðir að ræða.

Landsmenn fengu 103,3 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2015 sem var 4,3 milljörðum minna en árið áður. Hér munar mestu að sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar var nú 11,1 milljarði eða 86,4% lægri en árið 2014 og hafa reglur um úttekt séreignarsparnaðar haft hér nokkuð um þetta að segja. Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar var 12,9 milljarðar árið 2014 en fór niður í 1,8 milljarða árið 2015. Lífeyrir úr almennum lífeyrissjóðum var hins vegar um 93,9 milljarðar, 6,8 milljörðum hærra en árið 2014 og lífeyrir úr séreignarsjóðum var 7,7 milljarðar og hefur hann minnkað um 52 milljónir á milli ára.

Á sínum tíma brugðust stjórnvöld við atvinnuleysi og afkomubresti í kjölfar bankahrunsins með því að leyfa þeim sem voru búnir að ná lífeyrisaldri að taka út þann lífeyri sem þeir áttu í séreignarsjóðum. Þá var þeim sem ekki höfðu náð aldri leyft að taka út ákveðna upphæð í hverjum mánuði. Lífeyrisgreiðslur jukust um 41,1 milljarð eða 59,2% á milli árána 2008 og 2009 en þá tóku landsmenn 110,5 milljarða í lífeyri. Þar af voru 25,2 milljarðar í sérstakri útborgun séreignarlífeyris sem þeir sem ekki höfðu náð aldri tóku út til að drýgja tekjurnar eða til að mæta fjárhagslegum áföllum og 18 milljarðar greiðslur úr séreignarsjóðum. Nú er þessi sérstaka útgreiðsla lífeyris að renna sitt skeið en 1.467 einstaklingar sem ekki höfðu náð aldri tóku út séreignarsparnað árið 2015 samanborið við 15.222 árið 2014.

Vinnandi fólki ber að greiða 4% af launum í lífeyristryggingasjóð. Mótframlag í lífeyrissjóð getur verið mismunandi á milli starfstétta en iðulega eru 8% af greiddum launum greidd í lífeyrissjóð. Launamenn greiddu um 37,1 milljarð í almennan lífeyrissjóð árið 2015 og var tekjuskatts- og útsvarsstofn lækkaður um sem því nam. Þá greiddu 103.825 launamenn í séreignarsjóð og var skattstofninn lækkaður um 20,9 milljarða af þeim sökum. Árið 2014 var frádráttur vegna greiðslu í séreignarsjóð 14,9 milljarðar og hefur hann því aukist um sex

milljarða, eða 40,4% á milli ára. Á sínum tíma var leyfilegur frádráttur vegna greiðslu í séreignarlífeyrissjóð lækkaður úr 4% í 2%. Á miðju ári 2014 var hins vegar leyfilegt hámark lækkað aftur úr 2% í 4% og leyfilegur frádráttur var því 4% allt árið 2015. Það er athyglisvert að þeim fækkar um 16.719 á milli ára sem greiða í séreignarsjóði.

Til viðbótar þessum útgreiðslum úr séreignarsjóðum greiddu landsmenn nú um 11 milljarða inn á höfuðstól fasteignalána en hér er um að ræða úrræði í skuldamállum landsmanna sem var hrint af stað á síðasta ári. Þetta er í fyrsta skipti sem skattfrjáls útborgun séreignarsparnaðar vegna íbúðarkaupa er reiknuð í álagningunni en 31.614 einstaklingar nýttu sér þetta úrræði.

## Styrkir til náms, rannsókn- og vísindastarfa

Árið 2015 fengu 25.468 manns rúma 2,5 milljarða í styrki vegna náms, rannsókna- og vísindastarfa. Hér er um að ræða ýmis konar endurmenntunar- og starfsmenntunarstyrki sem voru nú 150 milljónum hærra en árið 2014. Á móti styrkjunum var dreginn frá kostnaður upp á tæpa 1,6 milljarða þannig að 955 milljónir voru skattlagðar, sem var um 47 milljónum meira en fyrir ári.

Þessir styrkir hafa aukist nokkuð á undanförunum árum. Árið 2010 fengu 16.414 manns rúma 1,6 milljarða í styrki til náms, rannsókna- og vísindastarfa en þá höfðu slíkir styrkir minnkað nokkuð í kjölfar hrunsins. Síðan þá hafa styrkirnir aukist um 57,7%. Styrkir að teknu tilliti til frádráttar sem má færa á móti þeim hafa lækkað um 64,7% frá árinu 2010.

## Aðrar tekjur og styrkir

Aðrar greiðslur eru t.d. barnsmeðlög, dagvistunargreiðslur, dvalar- og ferðastyrkir, vinna við eigið íbúðarhúsnæði, framfærslulífeyrir, greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna, greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, höfundarlaun, skattskyld heiðursverðlaun, skattfrjáls laun frá alþjóðastofnunum, styrkir úr sjúkrasjóðum sveitarfélaga og ýmsir aðrir styrkir, t.d. vegna íþróttaiðkunar og vegna ættleiðingar barna.

Landsmenn fengu 10,1 milljarð í aðrar tekjur og styrki árið 2015 sem var um 814 milljónum meira en árið 2014. Ef ekki er um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða er heimilt að draga frá kostnað á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða öðrum starfstengdum greiðslum.

## Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrki

Sveitarfélög greiddu 3,4 milljarða í húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki árið 2015, sem var 365 milljónum eða 9,6% minna en árið áður. Þetta hlýtur að teljast til marks um batnandi árferði í þjóðfélaginu.

Þótt ekki sé hér um háar fjárhæðir að ræða er þróunin um margt áhugaverð. Árið 2007 greiddu sveitarfélög tæpa 1,5 milljarða í húsaleigubætur og félagslega aðstoð. Þessi liður hækkaði um 87,2% fram til ársins 2010 og hann hefur haldið áfram að hækka þangað til nú að hann lækkar í fyrsta skipti í átta ár. Þá fjölgaði þeim sem fengu þessar greiðslur mikið á árunum eftir hrun þeir voru 3.090 árið 2007, 5.158 árið 2010 og 5.742 árið 2013. Þeim hefur síðan fækkað en 4.862 manns fengu húsaleigubætur, félagslega aðstoð eða styrki frá sveitarfélögum árið 2015.

## Aðrar skattfrjálsar greiðslur

Lengi hafa verið uppi sjónarmið um að mismunandi tekjur skuli skattleggja með mismunandi hætti. Stundum er erfitt að koma því við að skattleggja tekjur og þá eru ýmis hagkvæmni- og sanngirnissjónarmið fyrir skattlagningu tekna. Hafa menn bent á að réttlætlanlegt sé að skattleggja peninga sem hafa fallið mönnum í skaut án fyrirhafnar eins og fenginn arf, gjafir og happdrættisvinninga, eða tekjur sem mikið hefur verið fyrir haft með sérstökum hætti. Þá hafa sérstakar reglur gilt um skattlagningu ýmissa félagslegra greiðslna, tekna erlendra embættismanna hér á landi og íslenskra erlendis, farmanna og fiskimanna sem og tekjur erlendra verkamanna og listamanna sem koma hingað til tímabundinnar dvalar eða dvelja í landinu í nokkra daga.

Ákveðnar bætur úr almannatryggingum eru undanþegnar skatti. Ýmsar aðrar greiðslur, s.s. dánarbætur tryggingafélaga og sjúkrasjóða stéttarfélaganna sem eru greiddar í einu lagi eru einnig skattfrjálsar. Sama gildir um dvalar- og ferðastyrki til jöfnunar á námskostnaði, heiðurslaun Norðurlandaráðs, húsleigubætur, miska- og skaðabætur sem greiddar eru vegna eignatjóns eða varanlegrar örorku, styrki til fatlaðra, styrki sveitarfélaganna til foreldra, samskot og ýmsa aðra styrki, t.d. vegna langveikra barna.

Árið 2015 fengu 23.235 framteljendur samtals 17,9 milljarða í skattfrjálsar greiðslur sem var 166 milljónum minna en árið áður en þá töldu 23.939 framteljendur þessar greiðslur fram. Það er

athyglisvert að á árunum 2006 til 2010 varð mun algengara að menn fengju greiðslur sem þessar. Árið 2006 fengu 13.718 einstaklingar skattfrjálsar greiðslur en fjórum árum síðar voru þeir sem fengu þessar greiðslur orðnir 28.447. Þeim hafði fjölgað um 14.729 eða 107,4%. Greiðslurnar jukust um tæpa 5,5 milljarða á þessum tíma eða 47,3%. Á þessum árum var hætt að skattleggja samgöngugreiðslur og heilsuræktarstyrki. Síðan hefur þeim fækkað um 5.212 sem eru með þessar tekjur eða 18,3% á sama tíma og greiðslurnar hafa hækkað um tæpar 884 milljónir eða 5,2%.

## Ívilnun

Í eina tíð sáu niðurlögregluverndir um að leggja á útsvar og var útsvarsálagningu þannig hagað að lagt var á eftir efni og ástæðum. Sá siður er nú aflagður en þau sjónarmið eru þó enn ríkjandi meðal nytjastefnumanna að skattar skuli taka mið af gjaldþoli hvers og eins. Af þessum rökum leiðir svo stighækkandi tekjuskattur sem komið hefur verið á víðast hvar í hinum vestræna heimi. Skattar eigi þannig ekki aðeins að afla ríkinu tekna til að kosta t.d. landvarnir, lögreglu og dómstóla heldur eigi þeir að jafna ráðstöfunartekjur og auka þannig almenna velsæld eins og hún er mæld í hagvísun. Þessi sjónarmið eru þó ekki óumdeild.

Auk skattsins sjálfs, afsláttar, frádráttar og bóta þjóna ívilnanir einnig ákveðnu hlutverki við að jafna skattbyrði einstakra gjaldenda með tilliti til aðstæðna hvers og eins.

”

Auk skattsins sjálfs, afsláttar, frádráttar og bóta þjóna ívilnanir einnig ákveðnu hlutverki við að jafna skattbyrði einstakra gjaldenda með tilliti til aðstæðna hvers og eins

Í skattalögum er að finna heimild til að lækka tekjuskattsstofn við tiltekna aðstæður sem valda því að gjaldandinn á erfiðara en ella með að reiða skattinn af hendi. Ef gjaldandinn býr við veikindi, ellihrórnun eða mannlát sem skerðir gjaldþol hans, veikindi eða fötlun barns, framfærslu vandamanna, t.d. unglinga og foreldra, eignatjón og tapaðar kröfur, s.s. ábyrgðir sem sem fallið hafa á framteljanda til greiðslu án möguleika til

endurkröfu getur ríkisskattstjóri ívilnað gjaldandanum með því að lækka skattstofninn áður en skattur er reiknaður.

Nú í álagningu ívilnaði ríkisskattstjóri 13.197 einstaklingum vegna sérstakra aðstæðna en 1.518 færri fengu ívilnun í ár en í fyrra sem er fækkun um 10,3%. Árið 2012 fengu 15.872 ívilnun vegna sérstakra aðstæðna eða 2.675 fleiri en í ár.

Á undanförunum árum hafa reglur um ívilnun verið skýrðar frekar, skattframkvæmd hefur verið samræmd og þá hafa batnandi árferði og hærri tekjur vafalaust haft nokkuð að segja og því eiga færri framteljendur rétt á ívilnun.

Skattstofninn var lækkaður um 2,2 milljarða eða 311 milljónum minna en í fyrra. Þetta er 12,6% minni lækkan heldur en þá. Ívilnanir hafa minnkað á hverju ári frá árinu 2012 en þá var stofninn lækkaður um tæpa 2,6 milljarða.

## Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskattur og útsvar eru reiknuð af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Stofninn samanstendur af öllum launum, lífeyri og ýmsum millifærslum, tryggingabótum og greiðslum sem eru greiddar í gegnum félagslega kerfið. Í reynd er hér um að ræða allar tekjur að fjármagnstekjum undanskildum en þó eru ákveðnar tekjur undanskildar, eins og kom fram hér að framan.

Flestir landsmenn selja atvinnurekendum vinnu sína fyrir laun. Laun og annað endurgjald fyrir vinnu vegur því þyngst í tekjuskattsstofni og í gegnum tíðina hafa laun verið um 80% tekjuskattsskyldra tekna. Það var mjög áhugavert að

sjá hvernig hlutur launa í stofninum lækkaði í kjölfar hruns bankanna sem aftur leiddi til hruns tekjuskattsstofnsins. Laun lækkuðu um tæp 19,8% á milli árunum 2007 og 2010 á sama tíma og stofninn lækkaði um 16,5%. Aðrar greiðslur en laun lækkuðu hins vegar ekki nema um 2% að raungildi á þessum tíma. Laun og atvinna taka hröðum breytingum eftir því hvernig árar í landinu. Útgjöld ríkisins eru hins vegar ákveðin með lögum og því erfitt að

## Skattskyldar tekjur einstaklinga

	Tekjur einstaklinga					Breytingar '14-'15		Fjöldi framteljenda					Breytingar '14-'15	
	2011	2012	2013	2014	2015	Milljarðar	%	2011	2012	2013	2014	2015	Fjöldi	%
<b>Laun, starfst.gr. o.fl.</b>	<b>757,2</b>	<b>781,1</b>	<b>805,6</b>	<b>854,8</b>	<b>922,8</b>	<b>68,0</b>	<b>8,0</b>	<b>174.256</b>	<b>176.941</b>	<b>179.320</b>	<b>182.828</b>	<b>185.325</b>	<b>2.497</b>	<b>1,4</b>
Bifreiðahlunnindi	4,0	4,0	4,0	4,1	4,0	-0,1	-1,5	4.230	4.095	4.144	4.194	4.277	83	2,0
Önnur hlunnindi	1,2	1,2	1,5	1,3	2,2	0,9	67,3	11.774	12.281	11.610	11.811	11.636	-175	-1,5
Ökutækjastyrkur	10,0	10,5	10,6	10,7	10,6	-0,1	-0,9	34.987	35.704	36.648	37.815	38.558	743	2,0
Dagpeningar	10,9	11,4	11,6	11,1	12,1	1,0	8,7	23.220	24.431	24.977	25.558	26.346	788	3,1
Reiknað endurgjald	17,8	18,9	19,2	20,3	21,2	0,9	4,4	16.268	16.938	16.911	17.200	16.988	-212	-1,2
Greiðslur frá Tryggingastofnun	63,7	64,6	68,0	75,2	77,2	2,0	2,7	46.052	47.889	52.112	53.619	54.965	1.346	2,5
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	102,0	97,7	96,4	107,6	103,3	-4,3	-4,0	43.721	45.617	47.157	49.153	51.115	1.962	4,0
Séreignarlífeyrissjóðum	7,3	7,7	8,2	7,7	7,7	-0,1	-0,7	6.359	7.849	8.964	6.601	6.788	187	2,8
Sérstök útborgun séreignarsparnaðar	25,3	14,6	8,4	12,9	1,8	-11,1	-86,4	24.602	16.996	12.087	15.222	1.467	-13.755	-90,4
Aðrar tekjur	8,1	8,7	8,5	9,3	10,1	0,8	8,8	48.602	53.743	55.543	59.361	62.671	3.310	5,6
Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir	3,1	3,3	3,7	3,8	3,4	-0,4	-9,6	5.495	5.436	5.742	5.518	4.862	-656	-11,9
Atvinnuleysisbætur	20,9	17,3	12,7	10,9	8,8	-2,2	-19,7	22.352	19.896	15.607	13.459	10.864	-2.595	-19,3
Styrkir vegna náms, vísindastarfa o.fl.	1,9	2,0	2,0	2,4	2,5	0,2	6,3	19.631	22.285	22.070	24.145	25.468	1.323	5,5
Tekjur erlendis frá	0,6	0,5	0,6	0,5	0,4	-0,1	-27,7	248	227	275	231	247	16	6,9
Tekjur látins maka	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-29,2	1	1	4	5	7	2	40,0
<b>Samtals:</b>	<b>996,9</b>	<b>1.016,9</b>	<b>1.040,0</b>	<b>1.107,6</b>	<b>1.173,6</b>	<b>66,0</b>	<b>6,0</b>	<b>225.933</b>	<b>229.351</b>	<b>232.115</b>	<b>236.197</b>	<b>238.845</b>	<b>2.648</b>	<b>1,1</b>
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	8,4	9,1	9,4	10,3	11,2	0,8	8,2	13.098	13.933	14.228	14.783	14.809	26	0,2
<b>Áætlun</b>														
Áætlaður tekjuskattsstofn viðbót	39,7	34,5	31,0	33,1	33,6	0,4	1,3	11.608	10.239	8.318	8.658	8.506	-152	-1,8
Áætlað álag á tekjuskattsstofn	2,9	2,6	2,3	2,4	2,5	0,0	1,8	11.611	9.341	7.890	8.035	8.051	16	0,2
<b>Samtals:</b>	<b>42,6</b>	<b>37,1</b>	<b>33,3</b>	<b>36,3</b>	<b>36,1</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>11.614</b>	<b>10.240</b>	<b>8.318</b>	<b>8.658</b>	<b>8.506</b>	<b>-152</b>	<b>-1,8</b>
<b>Frádráttur frá launum o.fl.</b>														
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	7,1	7,4	7,4	7,3	7,4	0,1	1,6	31.573	32.204	32.921	32.347	33.532	1.185	3,7
Frádráttur vegna dagpeninga	10,7	11,2	11,3	10,9	11,8	0,9	8,4	23.138	24.360	24.892	25.469	26.227	758	3,0
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	30,9	31,7	32,5	34,4	37,1	2,7	7,8	180.473	182.789	183.827	186.766	188.330	1.564	0,8
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	15,3	9,5	9,9	14,9	20,9	6,0	40,4	89.101	109.406	111.897	120.544	103.825	-16.719	-13,9
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	1,3	1,3	1,3	1,5	1,6	0,1	6,9	11.460	12.763	12.596	13.371	13.834	463	3,5
Frádráttur vegna annarra styrkja	1,0	1,5	1,6	1,8	2,0	0,2	14,2	11.722	24.806	30.379	34.727	37.272	2.545	7,3
Frádráttur vegna viðhalds fasteigna	1,6							18.737						
<b>Samtals:</b>	<b>67,9</b>	<b>62,6</b>	<b>64,0</b>	<b>72,1</b>	<b>80,8</b>	<b>8,6</b>	<b>12,0</b>	<b>187.022</b>	<b>184.127</b>	<b>185.285</b>	<b>188.436</b>	<b>189.928</b>	<b>1.492</b>	<b>0,8</b>
Lækkun skv. 66. gr.	2,2	2,6	2,5	2,5	2,2	-0,3	-12,6	12.455	15.872	15.385	14.715	13.197	-1.518	-10,3
<b>Tekjuskatts- og útsvarsstofn</b>	<b>977,8</b>	<b>998,0</b>	<b>1.016,1</b>	<b>1.080,4</b>	<b>1.137,9</b>	<b>57,6</b>	<b>5,3</b>	<b>237.586</b>	<b>239.631</b>	<b>240.439</b>	<b>244.869</b>	<b>247.374</b>	<b>2.505</b>	<b>1,0</b>
Neikvæður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-32,0	150	48	71	61	38	-23	-37,7
<b>Fjármagnstekjur</b>	<b>65,9</b>	<b>69,4</b>	<b>80,7</b>	<b>92,4</b>	<b>95,3</b>	<b>3,0</b>	<b>3,2</b>	<b>39.066</b>	<b>41.675</b>	<b>44.990</b>	<b>38.780</b>	<b>39.191</b>	<b>411</b>	<b>1,1</b>
<b>Skattskyldar tekjur samtals</b>	<b>1.043,7</b>	<b>1.067,5</b>	<b>1.096,8</b>	<b>1.172,7</b>	<b>1.233,3</b>	<b>60,5</b>	<b>5,2</b>							
<b>Fjöldi framteljenda á grunnskrá</b>								<b>261.764</b>	<b>264.193</b>	<b>268.451</b>	<b>271.806</b>	<b>277.606</b>	<b>5.800</b>	<b>2,1</b>

Skattar 22.388 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu árið 2016 og eru ekki meðtöldir. Upplýsingar byggja á skattframtölum eintaklinga og miðast þær við stöðu álagningar strax að loknum framtalsskilum í júlí, fyrir breytingar sem gerðar hafa verið vegna síðbúinna framtala og kærumeðferðar.

Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.

## Eignir og skuldir einstaklinga

	Tekjur einstaklinga					Breytingar '14-'15		Fjöldi framteljenda					Breytingar '14-'15	
	2011	2012	2013	2014	2015	Milljarðar	%	2011	2012	2013	2014	2015	Fjöldi	%
<b>Hrein eign skv. efnahagsreikningi</b>	<b>42,8</b>	<b>44,0</b>	<b>43,7</b>	<b>46,0</b>	<b>46,4</b>	<b>0,5</b>	<b>1,0%</b>	<b>7.119</b>	<b>7.086</b>	<b>6.984</b>	<b>6.944</b>	<b>6.930</b>	<b>-14</b>	<b>-0,2%</b>
Innlend og erlend verðbréf	311,1	306,8	291,4	296,9	318,3	21,4	7,2%	48.477	45.090	45.075	43.007	46.941	3.934	9,1%
Ökutækni	194,8	193,1	192,7	198,3	210,1	11,8	6,0%	104.518	105.972	108.413	109.015	110.306	1.291	1,2%
Hlutabréf	55,5	52,3	49,8	54,4	54,5	0,1	0,3%	39.996	48.795	50.054	50.159	50.496	337	0,7%
Hlutabréf í erlendum félögum	14,2	10,7	9,3	9,4	10,1	0,7	7,3%	4.370	4.239	4.112	4.028	3.933	-95	-2,4%
Innlendar innstæður. o.fl. skv. sérl.	542,8	495,6	480,6	492,8	509,9	17,1	3,5%	169.561	172.540	174.961	178.590	180.972	2.382	1,3%
Innstæður í erlendum bönkum	9,7	9,4	8,0	7,9	7,0	-0,9	-11,9%	586	579	588	645	711	66	10,2%
Aðrar eignir	32,7	31,7	25,9	25,8	31,7	5,9	22,9%	22.980	23.229	23.318	23.198	22.217	-981	-4,2%
Áætluð nettó eign viðbót	62,6	97,7	94,9	59,0	54,2	-4,9	-8,2%	4.769	7.329	6.552	3.415	2.724	-691	-20,2%
Áætluð viðbót við stofn	10,7	14,7	14,2	10,4	8,1	-2,3	-21,9%	4.769	7.328	6.552	3.415	2.723	-692	-20,3%
<b>Samtals</b>	<b>1.276,7</b>	<b>1.256,0</b>	<b>1.210,6</b>	<b>1.225,0</b>	<b>1.250,3</b>	<b>25,3</b>	<b>2,1%</b>							
Fasteignir	2.743,3	2.869,6	2.884,9	3.089,7	3.276,8	187,1	6,1%	94.320	94.454	94.179	94.724	95.544	820	0,9%
<b>Eignir alls</b>	<b>4.030,2</b>	<b>4.135,0</b>	<b>4.102,6</b>	<b>4.297,7</b>	<b>4.534,7</b>	<b>237,0</b>	<b>5,5%</b>	<b>174.787</b>	<b>180.247</b>	<b>181.862</b>	<b>182.367</b>	<b>184.056</b>	<b>1.689</b>	<b>0,9%</b>
Skuldir vegna íbúðarkaupa	1.254,6	1.241,8	1.207,4	1.205,3	1.145,7	-59,6	-4,9%	68.758	68.736	68.504	69.184	69.285	101	0,1%
<b>Skuldir</b>	<b>1.963,6</b>	<b>1.912,1</b>	<b>1.838,3</b>	<b>1.803,4</b>	<b>1.719,5</b>	<b>-83,9</b>	<b>-4,7%</b>	<b>141.400</b>	<b>145.337</b>	<b>146.039</b>	<b>148.636</b>	<b>148.853</b>	<b>217</b>	<b>0,1%</b>
Eignarskattstofn jákvæður	1.789,6	1.937,7	1.974,5	2.142,2	2.386,0	243,8	11,4%	90.842	97.981	100.408	102.513	107.905	5.392	5,3%
Eignarskattstofn, neikvæður	380,2	335,0	303,9	259,4	212,8	-46,6	-18,0%	54.499	53.186	51.913	47.626	42.069	-5.557	-11,7%


Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telur fram eignir en ekki einstaklinga.

## Opinber gjöld einstaklinga

	Tekjur einstaklinga					Breytingar '14-'15		Fjöldi framteljenda					Breytingar '14-'15	
	2011	2012	2013	2014	2015	Milljarðar	%	2011	2012	2013	2014	2015	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	108,7	111,7	115,9	119,9	134,3	14,5	12,1%	156.018	158.455	163.862	169.240	181.639	12.399	7,3%
Fjármagnstekjuskattur	11,5	12,5	14,9	17,2	17,9	0,8	4,5%	39.066	41.675	44.990	38.780	39.191	411	1,1%
<b>Teikjuskattar til ríkissjóðs alls</b>	<b>120,2</b>	<b>124,2</b>	<b>130,7</b>	<b>137,0</b>	<b>152,3</b>	<b>15,2</b>	<b>11,1%</b>							
Útsvar	145,7	149,1	152,2	162,3	172,2	9,9	6,1%	251.018	253.606	256.689	260.708	265.698	4.990	1,9%
<b>Teikjuskattar alls</b>	<b>265,9</b>	<b>273,4</b>	<b>282,9</b>	<b>299,3</b>	<b>324,4</b>	<b>25,2</b>	<b>8,4%</b>							
Auðlegðarskattur	6,2	6,0	6,3					5.212	5.980	6.534				
Viðbótarauðlegðarskattur	2,7	3,8	4,9					4.134	4.988	5.735				
<b>Eignarskattar alls</b>	<b>9,0</b>	<b>9,7</b>	<b>11,2</b>											
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	1,9	1,9	1,9	2,0	2,0	0,1	4,2%	180.979	182.993	185.522	189.387	195.492	6.105	3,2%
Útvarpsgjald	3,8	3,7	3,7	3,4	3,2	-0,2	-6,8%	180.976	182.858	185.394	189.237	195.316	6.079	3,2%
Önnur gjöld	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,0	3,2%							
Tryggingagjald	2,5	2,3	2,5	2,3	2,4	0,1	2,8%	19.230	19.225	21.489	19.477	19.393	-84	-0,4%
<b>Samtals gjöld á einstaklinga</b>	<b>283,4</b>	<b>291,4</b>	<b>302,6</b>	<b>307,4</b>	<b>332,5</b>	<b>25,1</b>	<b>8,2%</b>							
-bætur sbr. neðangreint	24,6	20,2	18,0	17,3	14,5	-2,8	-16,4%							
<b>Samtals gjöld - bætur</b>	<b>258,8</b>	<b>271,2</b>	<b>284,6</b>	<b>290,1</b>	<b>318,0</b>	<b>27,9</b>	<b>9,6%</b>							
<b>Bætur:</b>														
Barnabætur	8,3	10,8	9,8	10,2	9,3	-0,9	-8,8%	51.762	56.693	53.525	48.416	44.829	-3.587	-7,4%
Vaxtabætur	9,9	9,3	8,2	7,1	5,2	-1,9	-27,2%	46.415	44.876	41.933	37.754	29.710	-8.044	-21,3%
Sérstök niðurgreiðsla vaxta	6,4							97.301						
<b>Samtals bætur</b>	<b>24,6</b>	<b>20,2</b>	<b>18,0</b>	<b>17,3</b>	<b>14,5</b>	<b>-2,8</b>	<b>-16,4%</b>							
<b>Skattaávilnanir</b>														
Sjómannaafsláttur, dagar, þús	1.377	1.378	1.318											
Sjómannaafsláttur	1,1	0,7	0,3					5.889	5.811	5.580				
Frádráttur vegna viðhalds fasteigna														
<b>Fjöldi á grunnskrá</b>								<b>261.764</b>	<b>264.193</b>	<b>268.451</b>	<b>271.806</b>	<b>277.606</b>	<b>5.800</b>	<b>2,1%</b>

Önnur gjöld eru slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

## Tekjuskattar einstaklinga



Tekjuskattur og útsvar renna annars vegar til ríkis og hins vegar til sveitarfélaga. Tekjuskattur er stighækkandi skattur á meðan útsvarið er flatur skattur sem leggst jafnt á allar skattskyldar tekjur. Lengst af var fjármagnstekjuskattur lagður á allar fjármagnstekjur en nú er fjármagnstekjuskattur af leigu íbúðarhúsnæðis reiknaður af 70% leigunnar. Þá eru vaxtatekjur undir ákveðnu marki undanþegnar skattinum. Ríkið tryggir sveitarfélögum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum eða greiða það lágan skatt að hann dugar ekki fyrir útsvarinu.

Útsvar var nú 172 milljarðar, það hækkaði um 10 milljarða á milli ára. Það var nú um 16,3 milljörðum hærra en það var árið 2007. Tekjur af útsvari hafa aldrei verið hærrí. Tekjuskattur er hærrí en útsvarið en skattaafsláttur er veittur af skattinum þannig að ríkið hefur ekki tekjur af tekjuskatti fyrr en tekjur einstaklingsins ná ákveðnu marki. Tekjuskattur er því næmari fyrir tekjubreytingum en útsvar. Nú voru 144,3 milljarðar lagðir á landsmenn í tekjuskatt sem var 13,4 milljörðum meira en árið 2015. Ríkið greiddi sveitarfélögum útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum, samtals 10 milljarða. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru því 134,3 milljarðar, sem voru tæpum 14,5 milljörðum meiri en fyrir ári. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru nú tæpum 2,3 milljörðum hærrí en árið 2007.

Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust mikið á uppgangarárunum en þær snarminnkuðu eftir hrúnið. Fjármagnstekjuskattur var um 38,6 milljarðar árið 2007. Hann féll í hrúninu niður í rúma 11,5 milljarða árið 2011, tiltölulega minna en tekjurnar vegna þess að skatthlutföllum var breytt. Síðan hafa tekjur af fjármagnstekjuskatti hækkað um 6,5 milljarða. Fjármagnstekjuskattur er þó enn rúmum 20 milljörðum lægri en hann var árið 2007. Tekjur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, voru samtals 324,4 milljarðar, tæpum 25,2 milljörðum hærrí en í fyrra og að heita jafnháar og árið 2007.

haga útgjöldum eftir því sem best hentar á hverjum tíma. Þá vógu lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur upp stóran hluta lækkunar launa á þessum tíma.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn var 1.137,9 milljarðar árið 2015. Stofninn var 57,6 milljörðum eða 5,3% hærrí en árið áður. Sem fyrr segir jukust laun um 68 milljarða eða 8% en lífeyrir dróst saman um 4,3 milljarða, atvinnuleysisbætur um rúma tvo og frádráttur frá stofni jókst um 8,6 milljarða. Stofninn óx því minna en laun eða um 5,3%. Hækkun tekjuskattsstofns árið 2015 var fyrst og fremst vegna aukinna launagreiðslna í þjóðfélaginu sem hlýtur að teljast jákvætt.

Á undanförunum árum hefur tekjuskatts- og útsvarsstofn vaxið hratt. Það þarf að fara allt aftur í aðdraganda hrunsins til að sjá víðlíka hækkun. Stofninn óx um 58,2 milljarða árið 2005, 56,3 milljarða árið 2006 og 79,4 milljarða árið 2007. Reyndar lækkaði hann um 102,5% árið 2008. Árið 2015 óx stofninn um 57,6 milljarða eða 5,3% og 64,2 milljarða árið 2014 sem var 6,3% vöxtur frá árinu áður. Nú vantar aðeins 5,5 milljarða upp á að tekjuskatts- og útsvarsstofn sé aftur orðinn jafnhár og hann var árið 2007, þegar hann var hæstur. Þetta er óverulegt og það má því heita að stofninn sé þegar búinn að ná fyrri hæðum og að góðærið sé þegar gengið í garð.

Hér er mikilvægt að hafa í huga að skattur af tekjum handreiknaðra er yfirleitt reiknaður af tilbúnum skattstofni sem tekur mið af dvalartíma í landinu. Af þessum sökum er ekki til skattstofn fyrir handreiknaða og er þeim því sleppt í upplýsingunum um tekjur og skattstofna en þeir eru hins vegar taldir með í upplýsingum um álögð gjöld.

### Tekjuskattur og útsvar

Ríkisskattstjóri lagði 144,3 milljarða á landsmenn í tekjuskatt sem var 13,4 milljörðum meira en var lagt á fyrir ári. Álagður tekjuskattur hækkaði því um 10,2% á milli ára. Tekjur af tekjuskatti hækkuðu því meira en tekjuskattsstofninn sem skatturinn er reiknaður af, sem hlýtur að þýða að meðalskattbyrði hafi þyngst.

Það fer nokkuð eftir tekjudreifingunni í þjóðfélaginu hvernig tekjuskattur bregst við tekjubreytingum. Hver einstakur skattgreiðandi greiðir ákveðinn skatt af tekjum. Með ívilnunum og bótum, sem eru misháar eftir því hvort um einhleyping, einstæð foreldri eða hjón er að ræða tekur skattkerfið tillit til aðstæðna hvers og eins. Þegar allt kemur til alls greiða því fáir nákvæmlega jafnmikinn skatt af sömu tekjum. Ef tekjur þeirra sem eru undir skattleysismörkum hækka þá tekur ríkið engan skatt af viðbótartekjunum en ef tekjur þeirra sem greiða fullan skatt hækka aukast viðbótartekjur ríkisins um hátt í helming af tekjunum.

Tekjuskattur er þrepaskiptur skattur með persónuafslætti þannig að jaðarskattur eða skatturinn sem greiddur er af hverri viðbótarkrónu sem menn afla breytist eftir því sem tekjurnar verða hærrí og menn færast upp um skattþrep. Þetta kerfi var fyrst tekið upp í álagningu 2011 á tekjur ársins 2010 en fram að þeim tíma var aðeins eitt þrep í tekjuskatti. Nú var lagður 22,86% tekjuskattur á tekjur undir 3.709.680 kr. Af næstu 6.327.167 kr. var greiddur 25,30% skattur og af tekjum yfir 10.036.847 kr. var greiddur 31,80% tekjuskattur. Í reynd má segja að um tvö hátekjuskattsþrep sé að ræða. Greiddur er 2,44% hátekjuskattur af öllum tekjum yfir öðru þrepi og 6,50% hátekjuskattur af öllum tekjum sem er aflað í þriðja þrepi. Á móti skattgreiðslunni voru veittar 610.825 kr. í skattaafslátt.

Skatturinn ræðst af flóknu samspili tekna, tekjudreifingar og álagningarforsendna, skatthlutfalli, skattþrepum og persónuafslætti, og því er í reynd aldrei hægt að segja að skattkerfið sé óbreytt á milli ára á meðan einhverjir þessara þátta



breytast eða er breytt. Þótt skatthlutföll tekjuskatts hafi verið óbreytt í álagningu 2015 og 2016 var skattstiganum eða fjárhæðarmörkum skattþreppanna breytt. Þá hafa tekjur aukist og skattstofninn vaxið. Í fyrra lágu mörk neðra þrepsins í 3.480.000 kr. og efra þrepsins í 9.415.428 kr. en þessi mörk voru í 3.709.680 og 10.036.847 árið 2015. Skattstiginn færðist því upp á við um 6,6% á milli ára. Þá var persónuafsláttur einnig hækkaður úr 605.977 kr. í 610.825 kr. eða um 0,8%. Persónuafsláttur gengur upp á móti tekjuskatti þannig að enginn tekjuskattur var greiddur til ríkis af tekjum undir 2.672.025 kr. árið 2015 og 2.650.818 kr. árið 2014. Við þessi tekjumörk var reiknaður tekjuskattur jafnhár persónuafslætti. Eins og gefur að skilja liggja mörkin 2015 0,8% hærra en mörkin árið áður. Tekjuskattmörk lækkuðu hins vegar um 32.148 kr. að raungildi eða um 1,2%, sem aftur skýrir það af hverju tekjur af tekjuskatti aukast umtalsvert meira en tekjuskattsstofninn sem óx um 5,3%. Það er eðli tekjuskattsins að hækka meira og hraðar en tekjur þegar vel árar en hann dregst jafnframt hraðar saman en tekjur-  
nar þegar þær falla.

Útsvarið er flatur skattur sem leggst á tekjuskattsstofninn. Ríkið tryggir sveitarfélögunum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum og greiða því sjálfir engan skatt af tekjum, hvorki tekjuskatt né útsvar. Þetta er gert í gegnum skattaafsláttinn sem rennur jafnt upp í tekjuskatt og útsvar. Gjaldandinn greiðir því hvorki tekjuskatt né útsvar fyrir tekjur hans ná skattleysismörkum sem eru talsvert lægri en tekjuskattmörkin. Með öðrum orðum þá fer hluti þess tekjuskatts sem er lagður á þá sem eru yfir tekjuskattsmörkum í að greiða útsvar þeirra sem eru með það lágur tekjur að þeir greiða engan tekjuskatt. Skattleysismörk í staðgreiðslu voru 1.624.603 kr. árið 2015 en 1.637.600 kr. árið 2016. Þau lækkuðu um 19.703 kr. að raungildi á milli ára eða um 1,2%.

Tæpir 10 milljarðar álagðs tekjuskatts fóru í að greiða útsvar þeirra sem ekki greiddu tekjuskatt. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru því þeim mun minni eða 134,3 milljarðar. Hærrí tekjur þýða að fleiri fullnýttu persónuafsláttinn upp í tekjuskatt og áttu því ekkert eftir upp í útsvarið. Í fyrra nýttu skattgreiðendur 11,1 milljarð upp í útsvarið. Því voru 13,4 milljarðar hækkanar tekjuskatts vegna tekna og 1,1 milljarður vegna þess að minna af persónuafslættinum rann til sveitarfélaganna.

Útsvarið var líkt og tekjuskattshlutföllin óbreytt á milli ára eða 12,44 til 14,52%

eftir því í hvaða sveitarfélagi menn bjuggu. Þeir sem greiddu útsvar til sveitarfélags sem lagði á hámarksútsvar greiddu því 20.800 kr. meira af hverri milljón heldur en þeir sem bjuggu í sveitarfélagi sem lagði á lágmarksútsvar. Meðalútsvar var óbreytt á milli ára eða 14,44%.

Alls voru 172,2 milljarðar lagðir á landsmenn í útsvar sem var 9,9 milljörðum meira en í fyrra. Tekjur sveitarfélaganna af útsvari jukust því um 6,1%. Útsvar er lagt á handreiknaða og því má ætla að tekjuskatts- og útsvarsstofn hafi hækkað um 6,1% þegar þegar tekið hefur verið tillit til handreiknaðra en ekki 5,3% sem var hækkan stofnsins þegar handreiknuðum er sleppt.

Tekjuskattur var lagður á 181.639 manns en 265.698 voru með útsvarsskyldar tekjur. Framteljendur með útsvarsskyldar tekjur voru nú 4.990 fleiri en fyrir ári en 12.399 fleiri greiddu tekjuskatt sem er fjölgun um 7,3% á milli ára. Nú greiddu 84.059 framteljendur sem voru með útsvarsskyldar tekjur engan tekjuskatt, saman borið við 91.468 í fyrra. Um þriðjungur eða 31,6% framteljenda með tekjur greiddu engan tekjuskatt. Það er athyglisvert að árið 2012 var lagt útsvar á 96% framteljenda á skattgrunnskrá en tekjuskattur á 62,5%. Nú hefur hlutfall þeirra sem eru með tekjur lækkað aðeins, niður í 95,7%, en 68,4% greiða tekjuskatt. Þessi hlutföll segja ákveðna sögu um virkni skattkerfisins.

## Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Einstaklingar geta haft tekjur af eignum, vexti, arð, leigu og söluhagnað. Fjármagnstekjur eru afgjald fyrir afnot af eignum þess sem nýtur teknanna. Framan af voru fjármagnstekjur einstaklinga fremur litlar en eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997 tóku þær að aukast mjög hratt samfara vexti fjárfestingarstarfsemi í landinu. Árið 2007 var nær fjórðungur tekna einstaklinga fjármagnstekjur en eftir fall bankanna hrundu þessar tekjur. Á síðustu árum hafa þær þó aftur tekið að aukast þótt þær séu enn ekki nándar nærri jafn háar og þær voru þegar þær voru hæstar.

### Leigutekjur

Leigutekjur eru annars vegar endurgjald fyrir afnot af fasteign og hins vegar arður af fjárfestingu. Þeir sem eiga fasteignir

vilja fá endurgjald eða vexti af þeim fjárumum sem þeir hafa lagt í fasteignina sem er hið minnsta jafnhátt ávöxtun fjárfestingar í öðrum eignum, s.s. skuldabréfum og hlutabréfum, að teknu tilliti til áhættu, skatta og gjalda. Framteljendur sem hafa tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki falla undir atvinnurekstur, þurfti að telja fram leigu. Útleiga á húsnæði sem nýtt er til atvinnurekstrar telst til atvinnurekstrar en útleiga á íbúðarhúsnæði sem er metið á minna en en tæpar 30 milljónir hjá einstaklingi og tæpar 60 milljónir hjá hjónum telst ekki til atvinnurekstrar. Einstaklingar geta því ekki dregið kostnað vegna viðhalds eða rekstrar fasteignarinnar frá leigutekjum.


Einstaklingar voru með tæpa 9,8 milljarða í leigutekjur árið 2015 sem var 713 milljónum meira en árið áður. Leiga af atvinnuhúsnæði var 665 milljónir og hækkaði um 69 milljónir á milli ára. Alls töldu 7.134 einhleypingar og hjón fram leigutekjur af íbúðarhúsnæði. Eignir og tekjur af eignum eru sameiginlegar tekjur hjóna og því vísa tölur um fjölda þeirra sem telja fram eignir og tekjur af eignum til fjölda fjölskyldna, einhleypinga og hjóna og samskattaðs sambúðarfólks, en ekki til fjölda einstaklinga. Þeim sem leigja húsnæði til einstaklinga hefur fjölgað um 39 á milli ára. Einstaklingum sem telja fram leigutekjur af íbúðarhúsnæði hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum en árið 2011 töldu 7.889 einstaklingar fram leigu. Það eru engar augljósar skýringar á þessari fækkun, sem er vissulega umhugsunarverð.

Þá töldu 865 fjölskyldur fram leigutekjur af atvinnuhúsnæði, en það er fimm fjölskyldum færri en fyrir ári. Það er athyglisvert að allt frá árinu 2012 hefur þeim sem telja fram þessar tekjur fækkað ár frá ári.

### Vaxtatekjur


Það eru ekki margir sem komast hjá því að eiga í viðskiptum við lánastofnun. Laun eru greidd inn á bankareikninga og fæstir vilja liggja með mikið lausafé. Vextir eru greiddir af innstæðum og því eru nær allir landsmenn með vaxtatekjur. Innstæður á skattframtali eru allar innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og orlofsfjárreikningum og innstæður á gjaldeyrisreikningum sem eru færðar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Þá eru hlutabréf á vörslureikningum einnig færð sem innstæður.

## Innstæður í bönkum



Innstæður í íslenskum bönkum voru fyrst áritaðar á skattframtal 2009. Árið 2008 höfðu 72.396 fjölskyldur talið fram innstæður en ári síðar voru innstæður 168.693 fjölskyldna áritaðar á skattframtal. Innstæður voru þá helmingi hærrí en þær höfðu verið árið áður. Innstæður lækkuðu fram til ársins 2013 en hafa nú aftur tekið að hækka. Landsmenn áttu 821,8 milljarða á innlendum bankareikningum í árslok 2008, 416 milljörðum meira en árið áður. Í árslok 2013 höfðu innstæður fallið niður í 480,6 milljarða eða um 41,5%. Nú hækka þær aftur annað árið í röð en í árslok 2015 voru innstæður í innlendum bönkum 509,9 milljarðar, eða rúmum 17 milljörðum hærrí en á sama tíma árið áður.

## Vextir af innstæðum í bönkum



Vextir og verðbætur af innstæðum jukust mikið strax eftir að innstæður voru fyrst áritaðar en hafa síðan lækkað mjög hratt. Vextir og verðbætur af innstæðum hafa þróast með svipuðum hætti og innstæðurnar, vaxtastig, gengi og verðbólga. Þeir eru taldir til tekna þegar þeir eru greiddir út. Landsmenn höfðu 14,9 milljarða í vexti af innlendum innstæðum árið 2015 sem var 168 milljörðum meira en árið áður.

Innstæður voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009 og sýndu þá stöðu í árslok 2008. Það er mjög hvítleitt að ekki skyldi hafa verið farið að árita bankainnstæður fyrir framteljendur fyrr, en fyrir vikið er erfiðara að meta áhrif hrunsins á efnahag landsmanna. Innstæður á skattframtölum ríflega tvöfölduðust á milli framtala ársanna 2008 og 2009 en að öllum líkum hafa hátt í 100 þúsund fjölskyldur ekki gert grein fyrir bankainnstæðum fram að þeim tíma. Frá framtali 2009 og fram til ársins 2013 féllu innstæður ár frá ári. Í fyrra hækkuðu þær aftur í fyrsta skipti frá því að byrjað var að árita þær og nú hækkuðu þær aftur annað árið í röð.

Landsmenn áttu 405,6 milljarða á bankareikningum skv. skattframtali 2008. Ári síðar voru 821,8 milljarðar áritaðar á framtöl. Árið 2013 voru innstæður komnar niður í 480,9 milljarða sem var þá 341,2 milljörðum minna en hafði verið áritað árið 2009 og ekki nema 74,9 milljörðum eða 18,5% meira en hafði verið talið fram sex árum fyrr. Síðan hafa innstæður aukist um tæpa 29,3 milljarða en þar af var 17,1 milljarður hækkan á árinu 2015. Einstaklingar áttu tæpa 509,9 milljarða á bankareikningum í árslok árið 2015.

Auk innstæðna í innlendum bönkum áttu 711 fjölskyldur sem voru á skattgrunnskrá hér á landi tæpa sjö milljarða á erlendum bankareikningum. Þessar innstæður eru færðar á skattframtal á kaupgengi í árslok. Þeir sem töldu fram erlendar innstæður voru 66 fleiri en í fyrra. Innstæðurnar voru hins vegar 940 milljónum lægri en fyrir ári. Það kann að vera að gengisbreytingar hafi hér nokkuð að segja en gengi krónunnar hefur styrkst og erlendir gjaldmiðlar hafa tapað verðgildi sínu gagnvart íslensku krónunni. Það hefur orðið nokkur breyting á frá því sem var fyrir nokkrum árum en Íslendingar áttu nær helmingi minna á erlendum bankareikningum árið 2015 en árið 2007.

Vextir á innlánsreikningum eru taldir til tekna þegar þeir eru reiknaðir og greiddir. Vextir af verðtryggðum reikningum sem eru bundnir til þriggja ára eru hins vegar ekki taldir til tekna fyrr en þeir eru greiddir út. Landsmenn töldu fram 14,9 milljarða í vexti af innstæðum í bönkum sem var 168 milljörðum meira en árið áður. Þá áttu börn rúma 16,5 milljarða á bankareikningum og fengu þau tæpa 571 milljón í vexti af innstæðum. Vextir af innstæðum hafa minnkað eins og innstæðurnar. Árið 2008 fengu spari fjáreigendur rúma 96 milljarða í vexti af

innstæðum, 80,5 milljarða árið 2009 og rúma 32,7 milljarða árið 2010. Gengið hefur á sparifé á sama tíma og vextir hafa lækkað.


## Arður

Það eru ekki margir sem myndu slá hendinni á móti ókeypis peningum. Peningar eru eftirsóttir og mikið á sig leggjandi til að afla þeirra. Flestir vildu frekar en ekki fá greidda vexti á sparifé sitt og ef vextir eru í boði þá myndu sjálfsagt fáir slá hendinni á móti hærri vöxtum en lágum. Vextir verða hins vegar ekki til af sjálfu sér. Til að hægt sé að greiða vexti þarf að ávaxta féð sem er gert með því að skapa eitthvað með vinnu sinni sem er meira virði en það sem til var kostað. Í fyrirtækjunum í landinu vinnur fólk að því að skapa verðmæti eða umbreyta hráefnum í fullunna vöru sem er meira virði en það sem varið var til framleiðslunnar. Afrakstrinum er skipt á milli þeirra sem lagt hafa peninga eða starfskrafta í verkefnið: laun, leigu, vexti og arð. Afraksturinn er oftast en ekki látinn í skiptum fyrir vöru og þjónustu eða afrakstur annarra fyrirtækja. Þannig virkar gangverk efnahagslífsins.

Það er hins vegar ekki á vísan að róa og sjaldan er hægt að ganga að því sem vísu að brauðstritið beri einhvern ávöxt. Það er alltaf hætt við því að tap verði af rekstrinum. Flestir myndu frekar vilja háa og örugga ávöxtun en að hætta fé sínu í til þess að gera vonlaus verkefni sem útséð er um að muni ekki nokkurn tíma skila hagnaði. Þetta er hins vegar ekki einhlítt. Menn styrkja listsýningar og viðburði og rannsóknarverkefni á sviði tækni og vísinda án þess að ætlast til þess að fá fjárfestinguna nokkurn tímann til baka.


Hagnaður fyrirtækja er eign eigenda fyrirtækjanna. Hlutfélög eru sérstakar löggjafar og því geta eigendur ekki tekið fé eða aðrar eignir fyrirtækisins út úr rekstrinum nema með formlegum hætti í formi arðs. Einstaklingar áttu 54,5 milljarða í hlutabréfum í árslok árið 2015 en 50.496 fjölskyldur töldu fram hlutabréf. Hlutfé er talið fram á nafnverði og því gefur það mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti þess. Lágmarkshlutfé í einkahlutafélagi er 500 þúsund en mörg einkahlutafélög eru eignarhaldsfélög sem eru stofnuð um eignarhald í fjölda fyrirtækja sem hvert um sig getur verið mun meira virði en nafnverð sem er talið fram af eigandanum. Nafnverð hlutabréfa segir því harla lítið um raunverulegt virði, hvorki um eigið fé né rekstur, fyrirtækjanna sem að baki nafnverðinu standa.

## Innlend og erlend verðbréf




Verðbréf eru færð á nafnverði að viðbættum vöxtum og verðbótum í árslok. Verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru hins vegar færð á markaðsverði. Verðbréfaeign einstaklinga jókst mikið á uppgangsránum fyrir hrun eða um 390 milljarða á árunum 2002 til 2007. Þetta var hækkun um 218% á þessum tíma. Frá árslokum 2007 til ársloka 2008 féll verðgildi verðbréfa um 297 milljarða eða 52,1%. Verðbréf hækkuðu nú annað árið í röð um 21,4 milljarða eða 7,2%. Þetta er þó ekki mikil breyting frá hruni.

## Vextir af verðbréfum




Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vaxtatekjur gefa því frekar vísbendingu um verslun með verðbréf en nafnvexti. Vaxtatekjur af verðbréfum hafa þróast eins og aðrar fjármagnstekjur. Þær jukust mikið á uppgangsránum fyrir hrun en hrundu árið 2008. Vaxtatekjur voru 42,7 milljarðar árið 2008 en ári síðar voru þær 12 milljarðar. Þær féllu um 71,8%. Líkt og verðbréfaeignin þá hafa vaxtatekjur af verðbréfum lítið hækkad. Nú voru þær 12 milljarðar, 862 milljónum eða 7,7% hærri en framtalsárið 2015.

## Innlend og erlend hlutabréf



Innlend hlutabréf eru talin fram til skatts á nafnverði. Hlutabréf í erlendum félögum eru hins vegar færð á kaupverði ef nafnverð er ekki þekkt. Hlutabréfaeign jókst talsvert þegar veittur var afsláttur af sköttum vegna fjárfestingar í atvinnulífinu. Eftir að afslátturinn var lagður af minnkaði áhugi manna hins vegar á hlutabréfum. Á uppgangstímanum hækkuðu hlutabréf í verði og fleiri fóru að sýna hlutabréfum áhuga. Þá var fjöldi fyrirtækja stofnaður og því áttu margir eignarhlut í einkahlutafélögum. Í árslok 2007 áttu landsmenn innlend og erlend hlutabréf sem voru metin á 161,6 milljarða. Hlutabréfaeign féll fram til ársins 2013 en þá var hún komin niður í 59,1 milljarð, rúmum 102,4 milljörðum minni en árið 2007. Landsmenn áttu 64,5 milljarða í innlendum og erlendum hlutabréfum í árslok 2015 sem var 823 milljónum meira en árið áður.

## Arður af hlutabréfum



Á uppgangsárunum varð mikill hagnaður af starfsemi margra félaga. Þá stofnuðu margir einstaklingar einkahlutafélög um starfsemi eða eignarhald sem annars hefði verið á nafni eiganda. Arðgreiðslur jukust því mikið. Jafnvel þó að blikur væru farnar að sjást á lofti í íslensku efnahagslífi árið 2008 var mikill hagnaður greiddur út úr félögum. Íslensk fyrirtæki greiddu einstaklingum tæpa 64 milljarða í arð árið 2007 en aðeins tæpa 13,8 milljarða árið 2011. Með auknum efnahags- og fjármálaumsvifum í landinu hafa arðgreiðslur aukist. Fyrirtæki greiddu einstaklingum 33,3 milljarða í arð árið 2015 sem var 4,5 milljörðum meira en árið áður.

Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu tæpa 33,3 milljarða í arð af hagnaði. Þá áttu landsmenn tæpan 10,1 milljarð í erlendum hlutabréfum. Erlend hlutabréf eru talin fram á nafnverði en ef nafnverð er ekki þekkt eru bréfin talin fram á kaupverði í krónum þegar bréfin voru keypt. Gengishagnaður er því leystur út þegar bréfin eru seld.

Eftir að landið varð fyrir efnahagslegu áfalli í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu árið 2008 varð rekstur fyrirtækjanna erfiðari og hagnaður minnkaði. Mörg félög lögðu upp laupana eða fóru í þrot. Verslun með hlutabréf var ekki svipur hjá sjónmiðað við það sem hafði verið nokkrum misserum áður. Lengi vel fengu menn sérstakan afslátt af tekjuskattsstofni fyrir að fjárfesta í hlutabréfum. Þessi afsláttur var síðast veittur þegar skattar voru lagðir á árið 2003. Þá töldu 52.420 fjölskyldur fram hlutabréf. Eftir að afslátturinn var aflagður fækkaði þeim nokkuð sem áttu hlutabréf. Árið 2005 töldu 46.878 einhleypingar og hjón fram hlutabréf.

Þegar sögur fóru að berast af velgengni fyrirtækja og hækkandi verði á hlutabréfum urðu fleiri til að freista gæfunnar og kaupa hlutabréf. Ári áður en hlutabréfamarkaðurinn hrundi, í árslok 2007, áttu 56.288 fjölskyldur íslensk hlutabréf en nafnverð bréfanna var 125,8 milljarðar. Þá greiddu fyrirtækin einstaklingum 63,9 milljarða í arð.

Nafnverð hlutabréfa í íslenskum félögum lækkaði ár frá ári fram til ársins 2013 en þá var það komið niður í tæpa 498 milljarða. Árið 2011 var arður af hlutabréfum aðeins 138 milljarðar. Þá er athyglisvert að fjórum árum eftir að markaðurinn féll í árslok 2011 áttu tæplega 40 þúsund fjölskyldur hlutabréf eða um 16.300 færri en í árslok 2007. Sömu sögu er að segja af erlendum hlutabréfum sem voru talin fram á 35,8 milljarða árið 2008 en voru 9,3 milljarða á framtali 2014. Þrátt fyrir óvissu í heimsmálum virðist sem bjartsýni og tiltrú á efnahagslíf landsins sé að aukast og markaður með hlutabréf sé farinn að glæðast.

## Söluhagnaður


Hagnaður sem er ekki greiddur út í arð til eigenda er endurfjárfestur í fyrirtækinu eða í arðbærum verkefnum innan fyrirtækis þar sem hann leggur til aukins vaxtar og verðmætasköpunar innan fyrirtækisins. Af þessum sökum greiða fyrirtæki í örum vexti yfirleitt ekki mikinn arð til eigenda. Þá safna mörg fyrirtæki í sjóð eða byggja upp eigið fé til að styrkja

fjárhag og undirstöður rekstrarins. Þegar umsvif og eignir fyrirtækisins aukast og framtíðarhorfur verða bjartari eykst virði fyrirtækisins. Verðmæti hlutabréfa á hverjum tíma endurspeglar ekki aðeins bókfært verð eigna fyrirtækisins heldur einnig tekjurnar sem þessar eignir munu skapa í framtíðinni. Söluhagnaður er þannig innlausn á hagnaði sem hefur verið haldið eftir í fyrirtækinu og hagnaði í framtíðinni.

Söluhagnaður er mismunur á kaupverði og söluverði. Leyfilegt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði á sama ári. Landsmenn voru nú með tæpa 20,8 milljarða í söluhagnað af hlutabréfum og tæpa 2,5 milljarða í annan söluhagnað. Söluhagnaður minnkaði um 3,6 milljarða en hann var 13,4% minni en árið 2014. Það er athyglisvert að söluhagnaður af hlutabréfum skuli nú minnka um 4,3 milljarða eða 17,1% á milli ára á sama tíma og annar söluhagnaður eykst um 676 milljónir eða um 37,4%.

Almennt er söluhagnaður annarra eigna en hlutabréfa skattskyldur án tillits til þess hversu lengi menn hafa átt eignina. Hagnaður af sölu lausamuna er hins vegar skattfrjál svo framarlega sem ekki er um atvinnurekstur að ræða eða eignin keypt í þeim tilgangi að selja hana með hagnaði. Þá er hagnaður einhleypings af sölu íbúðarhúsnæðis sem er minna en 600 m<sup>3</sup> og hjóna sem er minna en 1200 m<sup>3</sup> skattfrjál ef búið hefur verið í húsnæðinu lengur en tvö ár. Ef íbúðarhúsnæðið er yfir þessum mörkum er söluhagnaður skattskyldur á sama hátt og söluhagnaður af sumarbústöðum, hesthúsum, bátaskýlum, landi eða lóðum, náttúruauðæfum og réttindum tengdum þessum eignum. Framreiknað kaupverð er þá yfirleitt dregið frá söluverði að frádregnum beinum sölukostnaði. Þá er einnig heimilt að telja til tekna helming söluverðs þegar frá heildarsöluverði hefur verið dreginn beinn sölukostnaður. Árið 2015 högnuðust 642 einhleypingar og hjón á sölu annarra eigna en hlutabréfa en það er 105, eða nær fimmtungi, fleiri en árið áður. Þá voru líka fleiri sem högnuðust á sölu hlutabréfa árið 2015 þótt samanlagður hagnaður hafi minnkað talsvert en 3.551 fjölskylda taldi fram söluhagnað af hlutabréfum, 494 færri en árið áður.

Sem fyrr segir hafa tekjur aukist mikið á undanförunum árum og má heita að þær séu búnar að ná þeim hæðum sem þær voru í fyrir hrúnið 2008. Sá munur er þó á að í aðdraganda hrunsins var gríðarlegur uppgangur í fjármálalífi landsins.



Ýmis fjármálaumsýsla og kaupumsýsla með hlutabréf var mjög einkennandi fyrir uppganginn á þessum árum. Hlutabréf voru keypt fyrir lánsfé, hagnaðurinn innleystur og lánin greidd þegar verðið hafði hækkað. Söluhagnaður jókst um tugi prósentu á milli ára en árið 2007 var söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum 217,8 milljarðar og hafði þá rúmlega fimmfaldast á fimm árum. Fjármagnstekjur voru þá tæpur fjórðungur skattskyldra tekna einstaklinga. Á þessu tímabili jukust skuldir einstaklinga og lögaðila hinsvegar gríðarlega mikið og áhættan jókst, sem átti síðar eftir að koma mörgum í koll. Nú hafa skuldir minnkað á sama tíma og framleiðsla og tekjur hafa aukist. Fyrir vikið stendur efnahagur fyrirtækja og heimila traustari fótum. Fjármagnstekjur voru nú um 7,7% tekna einstaklinga svo enn virðist nokkuð í land að Íslendingar þurfi ekki lengur að vinna og hafi viðurværi sitt af vöxtum og arði af erlendum verðbréfum.


### Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997 og var hann lengst af flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur. Tekjur af skattinum jukust eins og fjármagnstekjur

fram til ársins 2009. Í kjölfar hrunsins eða á árunum 2009 til 2011 var skattinum breytt í áföngum, fyrst í 15% árið 2009 þá í 18% af tekjum ársins 2010 og loks í 20% árið 2011. Skattur á söluhagnað og arð var því hækkaður um 100% á þremur árum en á móti þessum hækkunum vó að frítekjumark var sett á vexti og 30% leigutekna voru undanþegin skatti. Skatturinn hefur verið að mestu óbreyttur frá álagningu árið 2012 á tekjur ársins 2011. Tekjumörk vaxta voru reyndar hækkuð um fjórðung í álagningu árið 2015 á tekjur 2014, úr 100 þús. kr. í 125 þús. hjá einhleypingum og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum.


Nú voru lagðir 17,9 milljarðar á í skatt af fjármagnstekjum. Skatturinn var lagður á 39.191 einhleyping og hjón. Skatturinn hækkaði um 777 milljónir á milli ára og 411 fleiri greiða hann. Að sjálfsögðu ræðst skatturinn að mestu leyti af fjármagnstekjum landsmanna. Það er athyglisvert að fjármagnstekjuskattur var lagður á 98.738 fjölskyldur árið 2008 en 184.626 árið 2009. Ástæðan fyrir þessari miklu fjölgun er sú að innstæður og vextir af innstæðum voru árituð á skattframtöl einstaklinga árið 2009. Þá er athyglisvert að fjármagnstekjuskattur var lagður

## Eignir og skuldir



Um miðjan 10. áratuginn tóku eignir landsmanna að aukast. Skuldir jukust hraðar en eignir en þar sem eignir voru meiri en skuldir jókst eigið fé. Á 10 ára tímabili frá árinu 1992 til 2002 jukust eignir um rúma 979 milljarða eða 51,5%. Á þessum tíma jukust skuldir hins vegar um rúma 545 milljarða eða um 93,6%. Eignir umfram skuldir jukust um tæpa 434 milljarða eða um 32,9%. Fram til ársins 2007 jukust eignir aftur um 2.288 milljarða eða 79,5% og skuldarnar um 932 eða 82,6%. Eigið fé hafði vaxið aftur um 1.355 milljarða eða 77,4% á fimm árum. Fram til ársins 2010 minnkuðu eignir hins vegar um 1.095 milljarða eða 21,2%, skuldarnar minnkuðu hins vegar ekki um nema 145 milljarða eða 7,1% eftir að hafa aukist um 217 milljarða fram til ársins 2009. Eigið fé hafði rýrnað um 1.241 milljarð eða 39,9% á þremur árum. Síðan hafa eignir aukist um 463 milljarða á sama tíma og skuldarnar hafa minnkað um 487 milljarða. Eigið fé hefur aukist um tæpa 950 milljarða frá árinu 2010 eða 50,9%. Það vantaði ekki nema 291 milljarð eða rúm 10% upp á að hafa verið jafnhátt í árslok árið 2015 og á sama tíma árið 2007.

## Hrein eign í íbúðarhúsnæði



Bróðurpartur eigna landsmanna er bundinn í fasteignum. Þegar fasteignaverð tók að hækka um miðjan 10. áratuginn jókst eigið fé landsmanna í íbúðarhúsnæði. Eftir að fjármálastofnanir tóku að bjóða hagstæð lán til íbúðarkaupa hækkaði verð á fasteignum mjög skart. Frá árinu 2002 fram til ársins 2007 jókst eigið fé einstaklinga í íbúðarhúsnæði um 1.131 milljarð eða um 46,4%. Eigið fé einstaklinga í íbúðarhúsnæði minnkaði svo um 1.061 milljarð eða 45,2% fram til ársins 2010 en hefur síðan aukist aftur um 843 milljarða eða 65,4%. Skuldlaus eign einstaklinga í íbúðarhúsnæði var 2.131 milljarður í árslok árið 2015 sem var 218 milljörðum eða 9,3% minna en árið 2007.

á 135.931 færri árið 2011 en árið áður. Þarna komu tekjumörkin til sögunnar. Á hverju ári hafa fáir miklar tekjur af eignum eða sölu eigna. Langflestir þeirra sem greiddu fjármagnstekjuskatt af vöxtum þegar innstæður voru áritaðar af ríkisskattstjóra voru með tekjur undir frítekjumörkum og sluppu því við skattinn þegar mörkin voru sett. Það er áhugavert að sjá að frá árinu 2007 hafa fjármagnstekjur rýrnað um 74,5%, farið úr 373,4 milljörðum niður í 95,3 milljarða en á sama tíma hafa skatttekjur af fjármagnstekjum aðeins rýrnað um 53,5%. Fjármagnstekjur voru tæpum þremur milljörðum eða 3,2% hærri árið 2015 en árið 2014. Skattur af tekjunum jókst hins vegar um 4,5%. Hækkun fjármagnstekna var fyrst og fremst vegna arðs og þá kann að vera að handreiknaðir hafi haft talsverðar fjármagnstekjur en þær koma ekki fram í þessum tölum um tekjur þó að þær geri það í niðurstöðum álagningar.

## Eignir og skuldir í árslok

Það er iðulega sterkt samband á milli tekna, eigna og skulda einstaklinga. Eignir eru greiddar með tekjum. Eignir skapa tekjur og veðhæfi og lán eru yfirleitt tekin til kaupa á eignum. Þá eru tekjur oft skilyrði fyrir því að menn geti tekið lán fyrir eignum. Það skapa þó ekki allar eignir tekjur og lán eru stundum tekin fyrir neyslu eða til kaupa á lausamunum sem eru ekki taldir fram til eigna á skattframtali. Þá er ekki alltaf auðvelt að greina á milli neyslu og fjárfestingar þó að fjárfestingar séu sumar taldar fram á skattframtali en neyslan ekki. Fjárfesting í menntun, utanlandsferðum og upplifunum sem verða að ómetanlegum minningum er ekki talin fram til eigna á skattframtali. Kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota eru hins vegar fasteign sem talin er fram. Í staðinn fyrir að greiða leigu greiða menn vexti fyrir afnot af fasteign sem er að mestu fjármögnuð með lánsfé.

Yfirleitt fórna menn einu fyrir annað. Svokallaður fórnarkostnaður eru þær tekjur sem menn verða af ef þeir velja eitt fram yfir annað. Ef fasteignin er skuldlaus má ætla að menn verði af leigutekjum ef þeir ákveða að búa í húsinu sínu frekar en að flytja í eitt herbergi í kjallaranum með fjölskylduna. Þegar tekið er tillit til leigu annars vegar og tekna sem menn verða af ef þeir leigja ekki, hins vegar, þá getur verið dýrt að búa í stóru húsnæði, eða ódýrt eftir föngum. Það er þannig

dýrara fyrir hátekjufólk að taka sér frí heldur en þá sem hafa lítil tók á að auka tekjur sínar. Hver vinnustund sem er ekki unnin er mun dýrari fyrir vikið. Fólk velur og hafnar og hver og einn ákveður hvað hann telur henta sér hverju sinni. Það er þó ekki þar með sagt að allar ákvarðanir um fjárfestingu og neyslu séu jafnskynsamlegar þegar til lengri tíma er litið, eins og dæmin sanna.

## Fasteignir


Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Hér er um að ræða húsnæði, hús og íbúðir, lóðir, jarðir og jarðarparta, útihús og sumarbústaði í eigu einstaklinga. Fasteignir sem hafa verið færðar inn í eignarhaldsfélög koma ekki fram á skattframtali einstaklinga að öðru leyti en því að nafnverð hlutabréfa í félaginu sem stofnað var um eignirnar er talið fram.

Fasteignir í eigu einstaklinga eru áritaðar á skattframtal þeirra. Fasteignir eru skráðar á fasteignamat sem á að gefa raunsanna mynd af raunverulegu markaðsverði þeirra og byggja upplýsingarnar á fasteignamati sem er ákveðið af Fasteignamati ríkisins og fengið úr Þjóðskrá í árslok ár hvert.

Fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 3.276,8 milljarða í árslok 2015. Fasteignamat hækkaði um tæpan 187,1 milljarð, eða 6,1% að raungildi á milli ára. Matsverð fasteigna hefur aukist um 635,5 milljarða frá árinu 2010. Það vantar þó enn 357,4 milljarða eða tæp 11% upp á að það nái árinu 2007 en þá hafði matsverð fasteigna u.þ.b. tvöfaldast frá aldamótum. Matsverð fasteigna féll um hátt í þriðjung eða 27,3% fram til ársins 2010 en á þessu tímabili féll raunvirði fasteigna í eigu landsmanna um 992,8 milljarða. Síðan hefur það hækkað aftur um tæpt 24,1% en enn vantar nokkuð upp á að fasteignir í eigu einstaklinga séu metnar jafn hátt og árið 2007. Það er vert að hafa í huga að fjárfestingafélög hafa verið umsvifamikil á undanförunum árum sem hefur leitt til þess að fasteignir sem áður voru í eigu einstaklinga og taldar fram sem slíkar eru nú í eigu fasteignafélaga.


Það er athyglisvert að í kjölfar kreppunnar fækkaði fjölskyldum sem töldu fram fasteignir umtalsvert. Í árslok 2008 áttu 97.188 fjölskyldur fasteignir samkvæmt skattskýrslu. Þeim sem áttu fasteignir fækkaði um 2.868 fram til ársins 2011 en síðan hefur aftur fjölgað um 1.224 fjölskyldur. Í árslok 2015 áttu 820 fleiri fjölskyldur fasteignir en ári fyrr.

## Skuldir sem hlutfall af eignum




Á árabílinu 1992 til 2002 voru um 36,3% eigna einstaklinga í skuld. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist mikið í aðdraganda hrunsins jukust eignir landsmanna og því breyttist hlutfall skulda af eignum ekki mikið. Árið 2007 voru 39,9% eigna í skuld. Eftir hrunið jukust skuldir mikið á sama tíma og eignir féllu í verði. Árið 2010 voru 54,2% eigna einstaklinga í skuld en síðan hefur virði eigna aukist á sama tíma og skuldarnar hafa lækkað. Í árslok 2015 var skuldahlutfallið komið niður í 37,9%.

## Skuldir sem hlutfall af tekjum




Á árabílinu 1992 til 2002 skulduðu landsmenn að jafnaði um 6,2% meira en nam árs-tekjum. Árið 1992 var þetta hlutfall 94,5%. Það þokadist síðan upp á 10. áratugnum en árið 2002 voru skuldir orðnar 12,9% hærrí en árstekjur. Fram til ársins 2007 jukust skuldir hraðar en tekjur og árið 2007 voru þær orðnar um 50,4% hærrí en tekjurnar. Í kreppunni hækkuðu verð- og gengistryggðar skuldir landsmanna á sama tíma og laun lækkuðu og atvinnu þvarr. Árið 2010 voru skuldarnar riflega tvöfalt hærrí en tekjurnar en síðan hafa tekjur aukist á sama tíma og skuldir hafa minnkað. Þær eru nú um 32,5% hærrí en tekjur. Ef litið er til 10. áratugarins er þetta hlutfall því enn fremur hátt.

## Vaxtagjöld sem hlutfall af tekjum



Á árunum 1992 til 2002 vorðu einstaklingar um 5,7% tekna til að greiða vexti af lánum. Upp úr aldamótum lækkuðu vextir af lánum en skuldir jukust þó ívið meira en tekjur og því hækkuðu vextir sem hlutfall af tekjum. Árið 2002 var um 6,7% tekna einstaklinga varið til að greiða vexti af lánum. Þá voru vextir að jafnaði 5,9% af skuldum. Tekjur og skuldir jukust mjög hratt fram til ársins 2007. Þá var 7,4% tekna varið í vexti. Á þessum tíma höfðu vextir sem hlutfall af skuldum hins vegar lækkað niður í 4,9%. Skuldaaukningin hafði meira en vegið upp vaxtalækkun og tekjuauka. Árið 2010 fóru um 10,8% tekna í að greiða vexti sem voru þá 5,4% af skuldum. Þá voru um 42,4% vaxta vextir af öðru en fasteignum. Síðan þá hafa tekjur aukist og skuldir lækkað. Um 7,2% tekna einstaklinga fór í að greiða vexti árið 2015 en vextir voru þá samtals um 5,4% af heildarskuldum.

## Önnur vaxtagjöld sem hlutfall af vaxtagjöldum



Þrátt fyrir að húsnæðisverð og skuldir af íbúðarhúsnæði til eigin nota hækkuðu mikið upp úr aldamótum jukust aðrar skuldir en skuldir vegna fasteignakaupa þó enn hraðar. Önnur vaxtagjöld voru að jafnaði um 20,1% á árabilinu 1992 til 2002. Undir lok 10. áratugarins voru önnur vaxtagjöld um 20% af skuldum en árið 2002 voru þau komin í 24,3%. Þegar einstaklingar fóru að taka lán fyrir verðbréfum, bifreiðum, sumarhúsum og öðru jukust þessar vaxtagreiðslur umtalsvert. Önnur vaxtagjöld voru orðin rúmur þriðjungur, eða 35,8% vaxtagjalda einstaklinga árið 2007 og árið 2009 voru vaxtagjöld af öðrum lánum en íbúðarlánum orðin tæpur helmingur eða 46,9% vaxtagjalda einstaklinga. Síðan hafa vaxtagjöld af öðrum lánum minnkað hraðar en vextir af fasteignalánum. Þau voru um 31,1% árið 2015, lítið eitt lægri en árið áður.

## Bifreiðir

Ólíkt húsnunum og heimilistækjum eru bifreiðir taldar til eigna á skattskýrslunni. Það er ekki gott að segja hvort að kaup á bifreið teljist til fjárfestingar eða neyslu en rekstur bifreiða vegur yfirleitt þungt í heimilisbókhaldi margra fjölskyldna. Það má heita ómögulegt að eiga langt að sækja vinnu og vera bíllaus. Stórar fjölskyldur þurfa því oft að veða og meta kostnað við íbúðarhúsnæði sem er iðulega ódýrara í úthverfum og kostnað við ferðir sem eykst eftir því sem lengra er að sækja vinnu.

Vélar og tæki slitna og eyðast þegar þau eru notuð. Þessar eignir verða því verðminni eftir því sem þær eru notaðar meira og að lokum þarf að endurnýja þær sem kallar á fjárútlát. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í afskriftum eigna og er honum oft deilt niður á einhverja einingu, tíma, ekna kílómetra, eða framleiðslueiningu sem þykir gefa góða mynd af því hversu mikið tækið hefur verið notað og hversu mikið er eftir af tækinu. Bifreiðir eru almennt færðar á skattframtal á kaupverði og síðan afskrifaðar um 10% á hverju ári og miðast afskriftirnar við verðmæti árið áður. Ólíkt íbúðarhúsnæði sem hækkar yfirleitt í verði falla bifreiðirnar í verði ár frá ári.

Á árunum fyrir hrun var auðvelt að fá lán fyrir bifreiðum og ökutækjum og margir notuðu því tækifærið til að endurnýja fjölskyldubílinn. Árið 2002 voru bifreiðir í eigu einstaklinga metnar á tæpa 197,6 milljarða en fimm árum síðar voru þær metnar á 282,5 milljarða. Hrein fjárfesting í bifreiðum á þessum tíma var því 84,9 milljarðar sem var aukning um 43% á fimm árum. Sex árum síðar voru bifreiðir og ökutæki í eigu einstaklinga metin á 192,7 milljarða. Eign í bifreiðum hafði því rýrnað um 89,8 milljarða og var þá 5,3 milljörðum lægri en hún hafði verið í árslok árið 1998.

Á síðustu tveimur árum hafa landsmenn endurnýjað bifreiðaflotann. Bifreiðaeign landsmanna jókst í fyrsta skipti frá hruni árið 2014 um 5,6 milljarða sem var 2,9% aukning og 11,8 milljarða eða um 6% árið 2015. Verðmæti bifreiða í eigu einstaklinga er nú svipað því sem var árið 2004 eða 210,1 milljarður. Nú töldu 110.306 fjölskyldur fram bifreiðaeign á skattframtali en það er 1.291 fjölskyldu fleira en árið 2015.

## Aðrar eignir

Mönnum ber að telja fram aðrar eignir, s.s. hjólhýsi, tjaldvagna, báta, vélsleða, vélhjóll o.fl. Þá eru hestar og lausafé, málverk,



seðlar, frímerki og mynt einnig framtals-skyld. Landsmenn áttu 5,9 milljörðum meira í öðrum eignum í árslok 2015 en 2014 og var verðmæti þessara eigna 31,7 milljarðar. Þróun annarra eigna hefur verið á sömu lund og þróun fasteigna. Þær jukust mikið í aðdraganda hrunsins en féllu síðan í verði þar til nú að þær aukast um 22,9% á milli ára. Það er athyglisvert að þeim sem telja fram aðrar eignir fækkar nú um 981 eða 4,2%.

## Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Á móti fasteignum sem metnar voru á tæpa 3.276,8 milljarða stóðu eftirstöðvar skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði upp á 1.145,7 milljarða. Landsmenn áttu því tæpan 2.131,1 milljarð íbúðarhúsnæði sem var 246,6 milljörðum meira en árið áður. Eigið fé í íbúðarhúsnæði jókst um 13,1% á milli ára og hefur aukist mikið á undanförunum árum. Það jókst um 15,5% árið 2011, 9,3% árið 2012, 3,1% árið 2013 og 12,3% árið 2014. Á fimm árum, frá árslokum 2010 til ársloka 2015 jókst eigið fé í íbúðarhúsnæði um tæpa 842,7 milljarða eða 65,4%. Árin 2014 og 2015 jókst eigið fé samanlagt um tæpa 453,6 milljarða. Eigið fé í íbúðarhúsnæði er nú tæpum 10 milljörðum hærra en það var í árslok 2005 og það vantar ekki nema 218,2 milljarða eða rúm 10,2% upp á að það sé jafnhátt og það var þegar það var mest árið 2007.

Frá 2010 hefur matsverð fasteigna aukist um 635,5 milljarða eða 24,1% og þá hafa skuldir vegna íbúðarkaupa lækkað um 207,2 milljarða. Um fjórðung aukningar eigin fjár í húsnæði má því rekja til lækkunar skulda en þrjá fjórðu til matsverðs fasteigna.

Skuldir vegna íbúðarkaupa jukust mjög hratt í aðdraganda hrunsins og fram yfir hrun. Frá árslokum 2003 fram að árslokum 2007 jukust skuldir einstaklinga vegna íbúðarkaupa um 439,3 milljarða sem var ríflega helmingi aukning á fjórum árum eða 51,9%. Þegar haft er í huga að laun, hlunnindi og aðrar starfstengdar greiðslur voru um 1000 milljarðar árið 2007 þá verður þessi skuldaaukning að teljast nokkuð rífleg. Hins vegar jókst raunvirði fasteigna um 1.438,9 milljarða eða 65,6% þannig að eigið fé í íbúðarhúsnæði jókst um tæpa 999,7 milljarða eða 74,1%.

Eigið fé í íbúðarhúsnæði brann síðan upp þegar fasteignamat hrundi á sama tíma og skuldir héldu áfram að hækka. Fasteignamat lækkaði um 992,8 milljarða frá árslokum 2007 til ársloka 2010. Á sama

tíma hækkuðu skuldir vegna fasteignakaupa um 68 milljarða. Þá áttu landsmenn tæpa 1.288,4 milljarða í skuldlausum fasteignum. Eigið fé í íbúðarhúsnæði hafði lækkað um 1.060,9 milljarða eða 45,2% á þremur árum. Síðan þá hafa eignir hækkað í verði og skuldir lækkað.

Í árslok töldu 95.544 fjölskyldur fram fasteignir á skattskýrslu. 69.285 fjölskyldur skulduðu lán vegna íbúðarkaupa og því má ætla að um 26.259 fjölskyldur eða 27,5% fjölskyldna hafa átt skuldlaust íbúðarhúsnæði. Þetta hlutfall hefur ekki breyst mikið á undanförunum árum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að jafnvel þó að menn telji fram fasteignir á skattframtali þá er ekki alltaf um heila fasteign að ræða. Margir eiga hluta úr íbúð, jarðarpart eða annað þessháttar á móti öðrum. Það er því ekki ávallt um íbúðarhúsnæði til eigin nota að ræða. Hins vegar eru lán vegna fasteignakaupa ávallt vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Það er þó ekki óþekkt að menn skuldi fasteignalán en eigi enga fasteign.

Vaxtabætur eru reiknaðar af vöxtum af lánnum sem hafa verið tekin vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Hér er um að ræða heildargreiðslu og kostnað af lánnum

kaupa ýmsa lausamuni: húsbúnað, bifreiðir, báta, vélsleða, mótórhjól og þess háttar sem og skyndilán, yfirdrátt og krítarkortaskuldir að ógleymdum lánnum sem hafa verið tekin til að kaupa verðbréf en slík lán vögu þungt í heimilisbókhalda margra fyrir hrun. Þá hafa einhverjir vafalaust tekið lán til að mæta ófyrirséðum áföllum í lífinu, atvinnumissi, tannviðgerðum eða málaferlum o.s.frv. Skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna eru einnig taldar til annarra skulda. Eins og gefur að skilja er undir hælinn lagt hvort lánunum var varið í kaup á eignum sem taldar eru fram á skattframtali eða í neyslu sem kemur hvergi fram. Þá er matsverð eignanna sem standa að baki skuldunum oftast en ekki allt annað en lánin sem voru tekin til að kaupa eignirnar.

Menntun á Íslandi er landsmönnum að mestu að kostnaðarlausu. Hún er þó ekki ókeypis heldur kostuð af almannafé, líkt og heilbrigðis- og félagsþjónusta, landvarnir og réttarvarsla og þannig hluti af innviðum samfélagsins. Þeir sem njóta menntunar telja sér hana sjaldnast til tekna. Fórarkostnaðurinn, eða tekjutapið, er yfirleitt ekki gjaldfært. Víða þurfa foreldrar eða velgjörðarmenn

”

Bifreiðaeign landsmanna jókst í fyrsta skipti frá hruni árið 2014 um 5,6 milljarða sem var 2,9% aukning og 11,8 milljarða eða um 6% árið 2015

vegna íbúðarkaupa að frádregnu því sem fór til að lækka höfuðstólinn. Vextir sem mynda stofn til vaxtabóta, vextir, verðbætur, afföll vegna sölu á skuldabréfum, lántökukostnaður, stimpilgjöld, þóknarir og þinglýsingarkostnaður sem og uppgreiðslugjald teljast því til vaxtakostnaðar. Landsmenn greiddu tæpa 63,4 milljarðar árið 2015 í vexti af íbúðarlánnum sem var tæpum 2,5 milljörðum minna en þeir greiddu í vexti árið 2014. Vaxtagreiðslur hafa minnka um 3,7% á sama tíma og skuldirnar minnkuðu um 4,9%.


## Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Aðrar skuldir eru skuldir vegna lána sem hafa verið tekin til að kaupa eitthvað annað en fasteignir. Hér er því helst um að ræða lán sem hafa verið tekin til að greiða fyrir lífsstíl eða neyslu eða til að

hins vegar að kosta börn til náms sem er mjög dýrt og ekki á færi nema efnafólks. Menntun, ekki frekar en utanlandsferðir eða önnur neysla, er alltjamt hvorki talin fram sem eign í þjóðhagsreikningum né á skattframtali einstaklinga, þó að námslánin séu það.


Aðrar skuldir einstaklinga voru tæpir 559,5 milljarðar í árslok 2015. Þær höfðu þá lækkað um tæpa 21,5 milljarða frá árinu áður. Þá skulduðu 146.754 hjón og einhleypingar lán sem höfðu verið tekin fyrir einhverju öðru en íbúðarhúsnæði til eigin nota. Fyrir kreppuna jukust aðrar skuldir landsmanna 210,2 milljarðar. Árið 2004 voru þær orðnar 433,1 milljarðar. Þær jukust svo aftur um 97,8% fram til ársloka 2009 og voru þá orðnar tæpir 856,8 milljarðar. Síðan þá hafa aðrar skuldir

## Barnabætur



Barnabótum er ætlað að létta skattbyrði þeirra sem eru með börn á framfæri sínu. Þær eru hins vegar ekki afsláttur af sköttum heldur eru þær greiddar óháð því hvort gjaldandinn greiðir skatt. Barna- og vaxtabætur eru því ekki óskyldar félagslegum greiðslum sem greiddar eru í gegnum almannatryggingar. Fram að álagningu árið 1998 var barnabótakerfið tvískipt. Greiddar voru barnabætur og svo barnabótaauki sem var skertur með hliðsjón af tekjum og eignum. Barnabótaauki var ekki reiknaður árið 1998 heldur voru allar barnabætur skertar eins og hafði verið með barnabótaaukann. Árið 2001 voru greiddar ótekjutengdar barnabætur með börnum undir sjö ára aldri en þá var jafnframt hætt að skerða bæturnar með hliðsjón af eignum. Þá voru greiddar barnabætur með 18 ára gömlum ungmennum árið 2007. Árið 2011 var svo farið að skerða uppþótina sem hafði verið greidd með yngstu börnunum. Árið 1995 voru 11,8 milljarðar greiddir í barnabætur og barnabótaauka. Barnabætur lækkuðu svo að raungildi fram til ársins 2004 en hækkuðu svo aftur fram til ársins 2007. Þá voru barnabætur 12,8 milljarðar. Nú voru foreldrum reiknaðir 9,3 milljarðar í barnabætur sem var 899 milljónum minna en í fyrra.

## Vaxtabætur



Vaxtabætur eru, líkt og barnabætur, greiddar út óháð því hvort að gjaldandinn greiði skatt. Vaxtabætur eru greiddar fyrir vexti, verðbætur og lántökukostnað vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og eru þær skertar með tilliti til tekna og eigna gjaldandans. Vægi vaxtabóta minnkaði nokkuð á 10. áratugnum og í byrjun fyrsta áratugarins. Þær hækkuðu þó um miðjan fyrsta áratuginn og náðu hámarki í álagningu árin 2011 og 2012 en þá voru vaxtabætur hækkaðar umtalsvert á sama tíma og eignaskerðingin var aukin. Færri fengu greiddar bætur eftir þessa breytingu. Þá voru vextir einnig sérstaklega niðurgreiddir til að létta undir með skuldugum heimilum í kjölfar hrunsins. Síðan hafa vaxtabætur verið að mestu óbreyttar og því lækkað að raunvirði á sama tíma og tekjur og eignir hafa hækkað. Eigið fé sem hefur myndast í íbúðarhúsnæði þegar fasteignamat hefur hækkað hefur því skert bæturnar. Nú voru tæpir 5,2 milljarðar greiddir í vaxtabætur sem var 1.937 milljónum eða 27,2% minna en fyrir ári. Þá fengu 29.710 einstaklingar greiddar vaxtabætur, 8.044 færri en fyrir ári. Vaxtabætur hafa aldrei verið lægri.

minnkað um tæpa 297,3 milljarða eða 34,7%. Á sama tíma lækkuðu skuldir vegna íbúðarkaupna um 239,6 milljarða eða um 17,3%.

## Bætur

Bótum í skattkerfinu er, líkt og frádrætti, ívilnunum og skattafslætti, ætlað að milda skattbyrði þeirra sem hafa, vegna sérstakra aðstæðna, skert gjaldþol og eiga því erfiðara en ella með að standa skil á sköttum. Í stjórnmalunum er ýmist byggt á almennum aðgerðum sem hafa almenn áhrif, almennum aðgerðum sem hafa sér-tæk áhrif, sértækum aðgerðum sem hafa almenn áhrif eða sértækum aðgerðum sem hafa sértæk áhrif. Mörkin á milli þess almenna og sértæka geta verið óljós. Þetta á jafnt við um skattkerfið sem annað.

Skattar eru lagðir á samkvæmt lögum og er þá jafnan gætt jafnræðis á meðal borgaranna. Bætur sem greiddar eru til að létta undir með barnafólki eða þeim sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið eru almennar aðgerðir sem koma ákveðnum hópum til góða. Aðrir sem ekki uppfylla skilyrðin fyrir bótum fá ekki bætur. Vægi bóta í skattkerfinu minnkaði nokkuð á 10. áratugnum en það jókst aftur með breyttum áheyrslum í kjölfar ríkisstjórnarskipta árið 2007. Þegar afsláttur og bætur eru annars vegar getur verið erfitt að segja til um það hvar skattkerfið endar og félagslega kerfið byrjar.

## Barnabætur

Barnabótum er ætlað að létta skattbyrði þeirra sem hafa fyrir börnum að sjá. Bæturnar voru greiddar með börnum sem voru fædd árin 1998 til 2015 og er þá miðað við fjölskyldustöðu eins og hún var um áramótin.

Barnabætur voru hækkaðar um 3% frá álagningu 2015. Hjón fengu nú greiddar 199.839 kr. með einu barni og 237.949 kr. með hverju barni umfram það. Þessar bætur voru 194.081 kr. og 231.019 kr. að nafngildi í fyrra. Einstæðir foreldrar fengu hins vegar 332.950 kr. ef þeir áttu eitt barn og 341.541 kr. með öðrum börnum. Þar að auki voru greiddar 119.300 kr. með börnum undir sjö ára aldri.

Tekjur skerða barnabætur og hafa skerðingarmörkin verið óbreytt frá árinu 2013. Ef hjón voru með meira en 4.800.000 kr. í tekjur og einhleypingur með meira en 2.400.000 kr. í tekjur voru bæturnar skertar um 4% af tekjum ef um eitt barn var að ræða. Bæturnar voru skertar um 6% af tekjum ef tvö börn voru í fjölskyldunni og ef börnin voru fleiri

voru þær skertar um 8% af tekjum yfir mörkum. Barnabætur með börnum sem eru yngri en sjö ára voru skertar um 4% af tekjum. Barnabætur eru skattfrjálssar og greiddar út, ólíkt afslætti sem gengur upp í skattgreiðsluna og fellur niður ef hann er ekki nýttur. Bæturnar geta því verið ígildi mun hærra tekna en upphæð þeirra segir til um þegar tekið er tillit til skatta.

Nú voru rúmlega 9,3 milljarðar greiddar í barnabætur sem var 899 milljónum eða 8,8% minna að raungildi en var greitt í álagningu í fyrra. Alls fengu 44.829 manns greiddar bætur sem var 3.587 færri en fyrir ári. Þeim sem fá barnabætur hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Árið 2010 voru 69.827 foreldrum reiknaðar bætur eða 24.998 færri en fyrir ári. Þarna hefur fækkað um 35,8% á sex árum.

## Vaxtabætur

Auk fæðis og klæðis þurfa allir húsaskjól. Vaxtabætur eiga að létta undir með þeim sem eru að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Bæturnar eru greiddar út og eru þær því í reynd ríkisstyrkur til þeirra sem greiða vexti af fasteignalánunum. Sá hængur er hins vegar á að eftir því sem fleiri eru um hituna og eftirspurn eykst hækkar verðið. Menn geta ímyndað sér hvaða afleiðingar það hefði ef ríkið tæki að sér að greiða hluta íbúðarverðs við undirritun kaupsamnings. Það er því óhjákvæmlega að niðurgreiðslur á íbúðarhúsnæði renni að einhverju leyti til eignamanna, byggingaverktaka og lánastofnana. Bæturnar eru þó ólíkar almennum skattalækkunum að því leyti að þær koma fyrst og fremst þeim sem skulda mikið í íbúðarhúsnæði til góða.

Engar breytingar voru gerðar á vaxtabótakerfinu í álagningu 2016 en forsendur vaxtabóta hafa verið óbreyttar frá álagningu 2011. Þetta er er því sjötta árið í röð sem lagt er á með þessum hætti. Vaxtabætur voru veittar fyrir vexti sem voru allt að 800.000 kr. þegar um einstaklinga var að ræða, 1.000.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki, svo fremi að vextirnir væru ekki meira en 7% af skuldum.

Þá voru bæturnar skertar um 8,5% af tekjuskattsstofni. Bætur voru síðan skertar hlutfallslega miðað við eignir ef einhleypingar áttu meira en 4.000.000 kr. í skuldlausum eignum og féllu niður þegar þeir áttu orðið meira en 6.400.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki var miðað við 6.500.000 kr. sem skerðingarmörk og bæturnar féllu niður við 10.400.000 kr. Tiltölulega lítil hækking á fasteignamati

getur þannig hæglega leitt til þess að vaxtabætur falla niður þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks sé að öðru leyti óbreytt. Kaup eða sala á fáum eignum getur þannig haft mikil áhrif á matsverð fasteigna og að þjóðarinnar á sama tíma og hækking fasteignamats hefur áhrif á vaxtabætur landsmanna.

Einhleypingar fengu 400.000 kr. í fullar vaxtabætur. Einstæðir foreldrar fengu fjórðungi meira eða 500.000 kr. og hjón aftur um 20% meira en það, eða 600.000 kr. Eins og gefur að skilja eru þessar skattfrjálssu bætur ígildi mun hærra tekna ef þær væru skattlagðar eins og laun.

Vaxtabætur geta skipt fjárhag einstakra heimila talsverðu máli. Hjón sem keyptu fasteign fyrir 25 milljónir árið 2000 og hafa fengið fullar vaxtabætur á hverju ári síðan hafa samtals fengið 8.828 þús. kr. í styrk frá ríkinu á þessum tíma. Ef þeim hefði tekist að ávaxta þessa peninga og ekki fengið nema 2% umfram verðlag í vexti þá hefði þessi styrkur numið 9,603 þús. kr. á þessum 15 árum. Sé miðað við 5% raunávöxtun væru þetta 12,208 milljónir. Hér er ekki tekið tillit til sérstöku vaxtaniðurgreiðslunnar sem var 300 þús. kr. greiðsla árin 2010 og 2011 sem hefði aftur verið um 856.788 kr. virði í árslok 2015 sé miðað við 5% vexti.

Ríkisskattstjóri reiknaði skuldugum landsmönnum nú 5,2 milljarða í vaxtabætur. Þetta er 1,9 milljörðum eða 27,2% minna en í fyrra. Vaxtabætur voru um 7,9% af vaxtakostnaði vegna húsnæðisakaupa. Þetta er talsvert minna en undanfarin ár. Árið 2015 endurgreiddi ríkið um 10,5% af vaxtakostnaði vegna íbúðarakaupa, sem var þá helmingi minna en árið 2011 en ríkið greiddi um 20,3% vaxta sem voru greiddar árið 2013. Lækkun vaxtabóta verður að skoða í ljósi þess að fasteignaskuldir landsmanna voru leiðréttar með hliðsjón af verðlagi árið 2015.

Mun færri fengu vaxtabætur í álagningu 2016 eða 29.710 sem var 8.044 færri en fyrir ári. Eftir hrún var vaxtabótakerfinu í reynd breytt þannig að áhrif þess urðu mun sértækari en verið hafði. Bæturnar voru hækkaðar mikið en eignamörk skerðingarinnar voru hins vegar lækkuð. Færri fengu því greiddar bætur en fyrr. Árið 2010 fengu t.d. 69.582 einstaklingar greiddar vaxtabætur eða 39.872 fleiri en í ár.

## Og að lokum þetta

Ekkert ríki liggur jafn norðarlega á jarðkringlunni og Ísland. Nágrannalöndin teygja sig öll langt suður fyrir syðsta odda landsins. Um áramótin síðustu

þjuggu 332.529 manns í landinu sem er álíka fjöldi og fæðist á hverjum degi í heiminum. Íbúum Nígeríu fjölgaði til að mynda um hátt í fimm milljónir árið 2015 en það árið er talið að jarðarbúum hafi fjölgað um sem nemur íbúafjölda Þýskalands, sem verður þó ekki talið til Örríkja. Tæplega fimm af hverjum 10 þúsund jarðarbúum eru Íslendingar. Það eru helmingi færri sem afa tekna á Íslandi en vinna fyrir IBM. Það starfa hátt í tíu sinnum fleiri fyrir Walmart heldur en greiða útsvar á Íslandi. Talið er að Bill Gates sem er ríkasti maður í heimi eigi skuldlausar eignir sem eru metnar á 75 milljarða bandaríkjadala. Það eru ríflega þrefaldar framtaldar eignir einstaklinga í landinu. Þá er talið að það séu fleiri en 30 milljarðamæringar í heiminum sem eiga meira en 23,2 milljarða bandaríkjadala í skuldlausum eignum en skuldlausar eignir einstaklinga á Íslandi eru metnar á 23,2 milljarða. Í íslenskum krónum talið eru þetta billjónamæringar sem gætu hæglega keypt Ísland með manni og mús. Eða hvað? Fyrir margra hluta sakir er þetta er merkilegur samanburður. Hvar liggja áhrif og völd í heiminum og hver er auður, áhrif og völd Íslands í alþjóðlegum samanburði?

Af skattframtölum ársins 2016 að dæma má ætla að hagur landsmanna hafi vænkast árið 2015. Eignir jukust og skuldir minnkuðu. Atvinnuástand fór batnandi, fleiri öfluðu tekna og fleiri greiddu skatta. Tekjur og eignir hafa aftur náð hæstu hæðum og því má ætla að hagur landsmanna sé að vænkast. Enn er þess þó að bíða að lágt launað verkafólk haldi sig ríkmannlega. Engu að síður eiga margir meiri eignir en forfeður þeirra gerðu allir saman og þarf ekki mikið til. Íbúar landsins háir jafnt sem lágir njóta margs sem ekki er talið fram á skattframtalinu. Þeir njóta menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu, öryggis og friðar að ógleymdri náttúru landsins, sem er einstök. Þetta er ekki sjálfsagt og ekki sjálfsgefið heldur mjög óvenjulegt. Íslendingar hafa lagt mikið á sig og fært fórnir í gegnum tíðina til að lyfta landinu upp á meðal fremstu þjóða. Það er hins vegar allur gangur á því hvað fólk finnst skipta máli í lífinu. Alltjént segja tekjurnar sem eru taldar fram á skattskýrslunni ekki alla söguna um framvindu og þróun lífsgæða frá ári til árs eða hvort að landið sé að þökast í rétta átt. ■

Elín Alma Arthursdóttir

# Hugsað upphátt um skattamál

á göngunni heim til Ísafjarðar



Þegar ég var að alast upp á Ísafirði stuttu eftir miðja síðustu öld hefði aldrei hvarflað að mér að ég myndi taka mér það fyrir hendur að fara fótgangandi frá Kópavogi „heim á Hlíðarveginn“. Hvort sem það eru elliglöp eða ekki er það þó reyndin – og hvílik upplifun! Þetta land, þetta land. Á sama hátt hefði ég talið það vera fjarstæðukennt að á göngunni reikaði hugurinn oft að skattamálum. Þá hefði ég talið mig orðna „ansi klikkaða“. Hvað veit maður svosem í bernsku um hvert lífið leiðir mann? Tæpast hefði ég haldið að starfsævi mín yrði að mestu í kringum skattamál. Árlegt ergelsið í honum pabba þegar hann sat við eldhúsborðið og klóraði sig í gegnum skattframtalsgerðina með sínum vélstjórahöndum var nú ekki beinlínis til þess fallið að velja sér þennan starfsvettvang. Strax þá fannst mér samt ýmislegt umhugsunarvert í þessum efnum...og þótt margt hafi breyst til batnaðar þá er enn að mörgu að hyggja.

## Skattlagning hjóna og sambýlisfólks

Áður fyrr á árunum var helmingur tekna eiginkvenna frádráttarbær frá skatti. Það átti sér örugglega sínar skýringar. Konur

voru almennt ekki á vinnumarkaði eftir að þær giftust en oft vantaði vinnukraft, m.a. í síldarsöltun og fiskvinnslu. Þá brugðu konurnar sér á vertíð og helmingur tekna var skattfrjáls. Sjálfsagt var fjárhag

fjölskyldnanna oft bjargað með þessu eða keyptar innréttingar, húsgögn eða eitthvað sem vantaði í heimilisreksturinn.

Svo leið tíminn og allt breyttist. Þessi helmingsregla datt út – enda hefði hún nú tæpast staðist gleraugu breyttra tíma. Í núgildandi tekjuskattslögum, sem að stofni til eru frá árinu 1978, er ákvæði um að hjón séu sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og þeim skuli ákvarðaður tekjuskattur hvoru í sínu lagi. Samt sem áður hafa verið og eru ýmsar skattareglur sem líta í raun ekki á hjón sem sitt hvorn einstaklinginn. Eignir og skuldir eru t.d. taldar sameiginlegar frá skattsjónarhorninu. Barna- og vaxtabótum er skipt á milli hjóna og reiknaðar út frá sameiginlegum tekjum og eignum. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á greiðslu á þeim sköttum sem á þau eru lagðir.

Eins og alkunnugt er hefur skilnaðartíðni vaxið á undanförunum áratugum. Um miðja síðustu öld var tíðni skilnaða undir einum á hverja þúsund íbúa en var ríflega tveir í kringum 1990. Þessi tala er nú rétt undir tveimur á hverja þúsund íbúa. Á sama tíma hefur hjónavígslum fækkað umtalsvert, eða úr því að vera tæplega níu á hverja þúsund íbúa í tæplega fimm. Það segir sig sjálft að margir eru í þeim sporum að hefja sambúð númer eitt, tvö eða þrjú – og jafnvel fleiri – en gangi samt ekki í hjúskap. Við þær aðstæður eru töluverðar líkur á því að fólk rugli fjárhagslegum reitum sínum ekki saman á sama hátt og þegar það er að hefja fyrstu sambúð. Ég hef það sterklega á tilfinningunni – og einnig staðfest dæmi – að fólk blandar ekki að öllu leyti saman fjármálum sínum þegar svona háttar. Hvers vegna ætti það að vera að því? Fólk er með sínar eignir og skuldbindingar og vill halda þessu aðskildu frá „hinu nýja lífi“ og jafnvel hafa vaðið fyrir neðan sig ef illa skyldi fara. Hvers vegna eiga þá eignir, skuldir og tekjur beggja að stýra því hver er niðurstaða álagningar og bótaútreiknings? Hvers vegna á fólk sem hefur sjálfstæðan fjárhag að bera ábyrgð á skuldum annars aðilans – jafnvel þótt

Þessir tveir deili rúmi? Af hverju eru hús-næðisbætur, í hvaða formi sem þær eru, ekki greiddar bara til þeirra sem eiga (eða leigja) og bera ábyrgð á viðkomandi eign og skuldum vegna hennar. Af hverju eru barnabætur ekki miðaðar við fjölda barna óháð því hvort foreldrarnir búi saman?

Þótt vissulega geti verið fleiri hliðar sem líta þurfi til þá finnst mér kominn tími til að huga alvarlega að því að hver einstaklingur sé skattlagður út frá eigin forsendum og regluverkið allt sniðið að því. Annað er tímasekkja. Hagkvæmisrök eiga einfaldlega ekki lengur við. Hver og einn á að bera ábyrgð á því fyrir sitt leyti að „gjalda keisaranum það sem keisarans er“, og fá greiddar þær bætur sem aðstæður hvers og eins leiða til.

## Að telja fram – eða ekki

Með breytingum undanfarinna ára og áratuga hefur ferðum manna inn í banka fækkað umtalsvert. Nú er það frekar hending en regla að maður eigi erindi í bankann sinn. Samt er maður í samskiptum við bankann jafnvel mörgum sinnum í hverjum mánuði. Fæstir sakna þess að standa í biðröð eftir að fá að greiða reikningana um mánaðamótin – heldur ganga frá því þegar þeim hentar heima, nú eða „í eitt skipti fyrir öll“ með sjálfvirkum greiðslum. Maður er hættur að safna greiddum reikningum og öðrum gögnum saman í möppu og vita síðan ekkert hvað á að gera við þau þegar árin líða. Nú geymir maður þetta bara á sínum stað í heimabankanum eða finnur söguna á viðkomandi þjónustusiðum.

Það sama á einnig við um skattframtölin. Þau eru aðgengileg í gegnum „mína síðu“ hjá RSK. Þar er alltaf hægt að sjá meira og meira af því sem skiptir máli í samskiptum við skattyfirvöld. Gagnaöflun og skil á upplýsingum eru einnig orðin miklu betri en áður var. Er þá bara ekki kominn tími til að launamenn geti hætt að gera skattframtöl? Fyrir langflesta er það orðinn raunhæfur möguleiki. Þetta gæti t.d. farið þannig fram að maður fengi tilkynningu frá RSK um að skattframtalið væri tilbúið. Ef einhverju þyrfti að breyta eða bæta við þyrfti maður að gera það innan tiltekins tíma – ef á hinn bóginn allar upplýsingar væru réttar og engu við að bæta þyrfti ekkert að gera. Með því að haga málum með slíkum hætti þyrftu mjög margir ekki að vera í neinum samskiptum við skattyfirvöld nema í gegnum sína eigin þjónustusiðu. Alveg eins og gerist í samskiptum við banka, orkuveitur, símafyrirtæki o.s.frv. Umstang í kringum

áætlanir á þá einstaklinga sem ekki skila skattframtali, kær- og erindaafgreiðslu í kjölfarið, yrði að mestu úr sögunni og rétt niðurstaða fengin mun fyrir en ella fyrir allan þorra fólks.

Nú kann einhver að hugsa að það hafi ekki allir aðgang að tölvum og geti þess vegna ekki notfært sér sjálfsafgreiðslu í bönkum og t.d. að skoða framtal sitt í gegnum þjónustusiður. Með tímanum fækkar þeim verulega sem svo er ástatt um. Gagnvart skattframtalinu er þetta ekki vandamál heldur verkefni til að leysa – það er alltaf hægt að finna leiðir til að þjónusta.

Sumum finnst að allir hafi gott af því að skila skattframtali einu sinni á ári. Í rauninni yrði engin sú breyting með nýju fyrirkomulagi á framtalgerð að sá ávinningur yrði fyrir bí. Alltaf væri til efni til að yfirfara þær upplýsingar sem áritaðar eru í skattframtalið – og þar með að fá tilfinningu fyrir hvernig árið kom út í heimilislóðhaldinu og stöðu mála um áramótin. Síðan væri því bara lokið alveg á sama hátt og maður skoðar bankayfirlit á sínum skjá en gerir síðan ekkert meira en að dæsa yfir því hve launin eru fljót að hverfa ...

## Eftirstöðvar og greiðslutilhögun

Með því að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda á tekjuárinu 1988 var stigið stórt skref í þá átt að launafólk væri almennt sem næst því að vera skuldlaus/inneignarlaus við álagningu árið eftir. Mikið lifandis ósköp fannst sumum stéttum, eins og t.d. sjómönnum, þetta vera mikil framför. Síðan hafa bæst við gjöld sem eru lögð á einu sinni á ári, auk þess sem útsvarsprósenta er töluvert misjöfn á milli sveitarfélaga. Við álagninguna eru jafnframt ákvarðaðar bætur og lagt á tekjur sem eru utan staðgreiðslu. Allt getur þetta leitt til þess að annað hvort þurfi fólk að greiða töluvert til viðbótar við áður greidda staðgreiðslu eða það á inni. Inneign og skuld er á hinn bóginn ekki jafnað saman þegar álagningin er birt og

útborgun og innheimta hefst. Þessu væri auðvelt að breyta og vafalítið að margur myndu fagna því að gera frekar upp strax. Enn eru líka margir sem taka að sér ýms aukaverkefni utan föstu vinnu sinnar. Eðlilegt er að vilja halda aukavinnunni „fyrir sig“. Nú er það hins vegar svo að aðallaunagreiðandi fær senda kröfu um innheimtu á eftirstöðvum álagningar og fær þannig beint og óbeint upplýsingar um fjármál starfsmanna sinna. Það er ekki öllum sem líkar það. Þessu væri einnig auðvelt að breyta, t.d. með því að leyfa fólki að velja hvort það vill gera upp í einu lagi við álagninguna og sjá þá um það sjálf.

## Að lokum

Þegar þetta er skrifað er ég stödd uppi á Dynjandisheiði við gatnamótin yfir á Bíldudal. Eftir eru rúmir 100 km til Ísafjarðar – sem er lokatakmarkið – en tæpir 380 km eru búnir. Við tekur öðruvísi landslag en hingað til. Stór-

brotin náttúra með „fjöllunum mínum“. Ég taldi mig vita nokkuð vel hve landið okkar er fallett og ólíkt eftir landshlutum. Þegar maður fer svona hægt yfir sér maður þetta þó enn betur. Þvílíkt land – sem við verðum að hugsa vel um. Svo hafa vegirnir í Barðastrandarsýslu komið á óvart! Fyrir utan samfelldan um 30 km malarkafli og erfiða hálsa eru víða komnir svo góðir vegir að helst er hægt að líkja þeim við þýskar hraðbrautir. Það er mikill munur frá því að maður var að fara þarna um í æsku. Einhver kann að hugsa að það sé nú svo langt síðan – vissulega er það rétt – árin hafa flogið – en það er alltaf gott að sjá að hlutir breytist til batnaðar.

Margt hefur farið um hugann á langri göngu. Hluta þess hef ég reifað að framan. Vinnan er stór hluti af lífi manns á starfsævinni. Það er því ekki ónýtt að starfa að sibreytilegum verkefnum þar sem alltaf er pláss fyrir framfarir og með frábæru samstarfsfólki. Fyrir það má þakka. Efst er þó í huga þakklæti fyrir að geta a.m.k. látið sumt rætast af því sem manni dettur í hug. Það er ekki sjálfsgagt. ■



# Staðgreiðsla



## Fyrsti ársfjórðungur 2016

Atvinnurekendur og aðrir launagreiðendur eiga að skila tekjuskatti af öllum staðgreiðsluskyldum greiðslum. Staðgreiðsluskyldar greiðslur eru laun og hlunnindi, reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, lífeyrir, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og atvinnuleysisbætur.

Árið 2015 voru staðgreiðsluskyldar greiðslur samtals 1.232 milljarðar sem var 79 milljörðum eða 6,9% meira að raunvirði en var greitt árið 2014.

Staðgreiðsluskyldar greiðslur hafa ekki hækkað þetta mikið síðan árið 2007 en enn vantar 18 milljarða upp á að staðgreiðslan sé jafn há og hún var þá. Launagreiðslur í desember sl. voru 13,6% hærri en í desember árið 2014.

Nú er búið að skila staðgreiðslu af fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Launagreiðslur á fyrsta ársfjórðungi voru rúmir 316 milljarðar eða rúmum 43 milljörðum hærri en fyrir ári. Þetta er 10% hækkun að raunvirði.



# Sóknarfæri í skattfrákvæmd

Á síðustu árum hefur lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgað gríðarlega og eru þeir nú um 55.955, þar af 39.189 tekjuskattsskyld félög en þau voru 9.568 á árinu 1992. Hefur tekjuskattsskyldum félögum því fjölgað um tæplega 30.000.



**Sigurður Jensson**  
sviðsstjóri eftirlitssviðs

Við fyrstu sýn má túlka þessa aukningu sem dugnað íslensks athafnafólks og tákni um vilja þeirra til að ýta úr vör starfsemi í hagnaðarskyni fyrir sig og sína. En eðli rekstrar er ekki bara að skila ábata til eigenda og starfsmanna því skoða þarf hverju reksturinn skilar til samfélagsins og hve margir standa undir því.

Skoðum aðeins raunveruleikann eins og hann blasir við í álagningu lögaðila fyrir rekstarárið 2014.

- **Um 27,1% skattskyldra félaga eða 10.628 félög skila ekki skattframtali innan lögbundins skilafrests og hljóta áætlun skattstofna**
- **Tekjuskattur er lagður á 9.072 félög eða 23,1% félaga skv. skattframtali sem skilað hefur verið innan skilafrests**
- **Um 73,3% félaga greiða engan tekjuskatt, þ.e. 28.708 félög**
- **Um 59,2% félaga greiða engin laun í starfsemi sinni og þar af leiðandi ekkert tryggingagjald**
- **Um 7% lögaðila skila ekki virðisaukaskattsskýrslum**

”

Skattkerfið hefur verið í sama taktinum í áratugi og til að vinda ofan af því þarf nýja hugsun og nýja nálgun gagnvart þeim aðilum sem eru í skattskyldri starfsemi

Fyrir hinn venjulega Íslending sem greiðir skatta og skyldur af launatekjum sínum vakna upp ýmsar spurningar. Erú íslenskir athafnamenn svo miklir rekstrarskussar að lunganum af þeim sé fyrirmanað að reka félög sín þannig að endar nái saman? Þeir

eiga einnig erfitt með að skila skattframtölum á réttum tíma og geta ekki greitt laun í starfsemi sinni. Fyrir samfélagið hefur utanumhald um tugi þúsunda einkahlutafélaga mikinn kostnað í för með sér. Þessi kostnaður er ekki greiddur af þeim sem eiga félögin því meirihluti þeirra skilar ekki neinu til samfélagsins.


Það má líka draga af þessu þá ályktun að hin gríðarlega einkahlutafélagavæðing á síðustu áratugum hafi orðið til þess að skattkerfið hafi í raun verið kaffært og getu þess til að taka heildstætt á hlutum sett mikil takmörk. Lagaramminn sem snýr að skattfrákvæmd og eftirliti með henni byggir á frekar gömlum grunni og var mótaður í efnahagslegu umhverfi sem er gjörbreytt frá því sem var. Hann hefur ekkert breyst hvað málsmeðferð varðar en félögunum sem sinna þarf hefur fjölgað um tugi þúsunda.

Í fullkomnum heimi er jákvætt ef hægt er að láta fara saman skattfrákvæmd sem byggir á jafnræði, sem felst í réttum sköttum á alla, samhliða því að hægt sé að fækka starfsfólki er að því vinnur. Hins vegar ef raunveruleikinn er sá að þessi þróun hafi leitt til þess að skattyfirvöld nái ekki utan um allan fjöldann og í gegnum kerfið komast aðilar sem skattyfirvöld ná ekki að leiðrétta og tryggja að greiði rétta skatta, þá þarf að staldra við.

Ef hugtök í framleiðslu eru færð yfir í skattfrákvæmdina þá er á grundvelli tæknibreytinga hægt að auka afgreiðsluna í skattkerfinu t.d. með rafrænum skattskilum og fækka fólki í framhaldinu, láta „vélarnar“ fara yfir skattframtölin. Hins vegar ef leiðrétta þarf misfellar í skattframtölum og í grunninn breyta atriðum í skattskilum rekstraraðila þá þarf oft á tíðum langvinnan málarekstur sem mannhönd og hugur þurfa að koma að.

Af tölunum hér að framan er ljóst að þúsundir lögaðila kalla á frekari skoðun og málarekstur bæði til að sannreyna þann veruleika sem býr til tap hjá öllum þessum fjölda fyrirtækja sem og að skoða ofan í

## Athyglisverðar tölur úr álagningu lögaðila rekstrarárið 2014



kjöllinn þann gríðarlega fjölda félaga sem engin laun eru ákvörðuð í.

Þrátt fyrir að þúsundir aðila fái bréf og endurákvæðanir þá benda framangreindar tölur til þess að enn fleiri þyrftu að fá heimsókn eða bréf þar sem farið væri ofan í skattskil viðkomandi. Á þeim grunni má álykta að með núverandi lagaumhverfi og vinnulagi náist ekki að tryggja að allir greiði rétta skatta og þannig renni í gegnum kerfið skattframtöl sem í fullkomnum heimi þyrftu frekari skoðun.

### En hvað á að gera?

Auðvelt væri að komast að þeirri niðurstöðu að fjölga þyrfti fólki umtalsvert þannig að hægt væri að leiðrétta skattskil fleiri lögaðila. Auðvitað myndi það leiða til að fleiri fengju endurákvörðun og því jákvætt í sjálfu sér. Hins vegar er það ekki í takt við tíðarandann og þann veruleika sem við búum við, en allt hefur sinn tíma og þarfnast endurskoðunar. Skattkerfið hefur verið í sama taktinum í áratugi og til að vinda ofan af því þarf nýja hugsun og nýja nálgun gagnvart þeim aðilum sem eru í skattskyldri starfsemi.

Ef við tökum dæmi um bílstjóra og þær reglur sem á bíleigendum hvíla almennt þá mætti í nýrri nálgun á skattframtökum horfa til þeirra. Það hafa margir lent í því að leggja ólöglega, vera of lengi í stæði eða aka of hratt. Afleiðingin af því er rúkkun í heimabanka og í versta falli ökuleyfisvæðing á staðnum. Búið er að koma hraðahindrunum fyrir í mörgum götum, einnig myndavélum. Þar er engin formleg málsmeðferð eða langvinnar bréfaskriftir. Ef ekki er farið með

”

## Skoða þarf vandlega tap þessara fjölmörgu fyrirtækja sem og þann fjölda félaga þar sem engin laun eru greidd

bifreið í skoðun þá fær bíleigandi sekt og hægt er að klippa númer bifreiðarinnar og stöðva akstur hennar þannig. Það sama á við greiði menn ekki lögbundnar tryggingar af bifreiðum sínum. Þessi nálgun gagnvart bíleigendum hefur virkað vel og er skilvirkt utanumhald í kringum þá ábyrgð sem fylgir því að eiga og reka bifreið.

Ef við skoðum hvernig þetta er gagnvart „bílstjóranum“ sem situr í öku-mannssæti einkahlutafélags kemur margt athyglisvert í ljós.

Þó að allt sé í grundvallaratriðum í ólagi hjá einkahlutafögum hvað varðar skuldbindingar gagnvart skattfyrvöldum þá leggjast engar sektir sjálfkrafa á forsvarsmenn rekstrar.

Menn geta, fyrir hönd lögaðila sem þeir stýra, sleppt því að skila inn skattskýrslum, virðisaukaskattskýrslum og flestum öðrum lögbundnum skattskilagögnum án þess að nokkuð bítu þá persónulega fyrir þessa vanrækslu. Þótt engin sé sjöðvélin eða tekjuskráningin ekki í lagi, bókhaldi ábótavant eða það ranglega fært hefur það engar fjárhagslegar afleiðingar fyrir þann sem valdið hefur þessu ástandi með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

Við vitum hvernig ástandið væri hjá bíleigendum ef engar refsingar væru vegna vanrækslu á þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hér myndu menn storma yfir á rauðu ljósi, leggja út og suður og ekkert spá í að tryggja eða láta skoða bifreiðar sínar. Við vitum að ástandið er ekki þannig en af hverju er þetta öðruvísi?

Getur verið að hið innbyggða umburðarlyndi sem er í gangi gagnvart „bílstjórum“ einkahlutafélaga hafi búið þetta ótæka ástand til? Getur verið að þarna leynist færi til að sækja fram með skilvirkum hætti og bæta þannig skattskil lögaðila í landinu? Refsa skussunum fjárhagslega þannig að virðing vaxi fyrir þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hraðahindranir hægja á ökuönnum en eru íslenskir rekstraraðilar að fara of hratt?

Það má líka velta því fyrir sér hvort leggja eigi umsýslugjald á þá lögaðila sem engu skila til samfélagsins sem eigandinn væri samábyrgur fyrir, sem félli niður ef tekjuskattur eða tryggingagjald færi yfir þá fjárhæð. Í framhaldi af þessu má líka velta fyrir sér hver sé samfélagslegur tilgangur þess að heimila rekstur allra þessara lögaðila ef meira en helmingur þeirra greiðir ekkert til samfélagsins,



”

## Menn geta sleppt því að skila inn skattskýrslum, virðisaukaskattskýrslum og flestum öðrum lögbundum skattskilagögnum án þess að nokkuð bíti þá persónulega fyrir þessa vanrækslu

hvorki í formi tekjuskatts, tryggingagjalds eða annarra skatta. Eigum við að grisja aðila betur úr?

Þótt hér sé kallað eftir nýrri hugsun og nýju lagaverki til að taka skref áfram í þessum efnum þá hefur ríkisskattstjóri líka horft inn á við og stigið skref í að

breyta skipulagi til að geta tekist á hendur breyttan veruleika. Míðar það að því að hægt verði að ná til fleiri lögaðila með breyttum vinnubrögðum.

Þótt einhverjir telji að þetta sé óviðráðanlegt ástand þá er það ekki þannig. Í raun er ástandið bara risavaxið sóknarfæri til að

gera betur á grundvelli nýrrar hugsunar og betra samspils núverandi reglna.

Vangaveltunum hér að framan er varpað fram til umræðu um þessi mál því ljóst er að bregðast þarf sem fyrst við þessu ástandi. Hvort sem þær hugmyndir sem hér hafa verið reifaðar eru þær réttu eða ekki þá eru þær innlegg í umræðuna því gagnvart þeim samviskusömu þegnum landsins sem standa skil á sköttum sínum og skyldum þá verður að taka þessi mál föstum tókum.

Ljóst er að ef ný hugsun og samstilltar aðgerðir leiða til þess að fleiri lögaðilar greiða til samfélagsins en nú er, þannig að meira verði til skiptanna, þá skapar það ýmis sóknarfæri til framtíðar, samfélaginu til hagsbóta. ■

## Umhugsunarverð skattskil


Í álagningu 2015 voru 39.189 skattskyld félög á skattgrunnskrá og bar þeim öllum að skila skattframtali vegna rekstrar ársins 2014 fyrir lok skilafrests sem rann út í maí 2015. Á hverju ári er fjöldi fyrirtækja stofnaður og fjöldi fyrirtækja er slitið. Ekki er því hægt að reikna með að öll skráð félög séu í fullum rekstri. Af þeim 39.189 félögum sem voru á skattgrunnskrá höfðu 30.154 félög verið á skránni sl. fimm ár og hefðu því með réttu átt að skila skattframtali fyrir rekstur árunna 2010 - 2014.

Athyglisvert er að skil þessara fyrirtækja hafa farið versnandi með hverju árinu sem líður. Í byrjun mars sl. höfðu ekki enn borist framtöl fyrir 5.047 félög, eða 16,7%, vegna ársins 2014 og enn hafa 1.986 félög, eða 6,6%, ekki skilað skattframtali vegna ársins 2010, 8,3% vegna ársins 2011, 10,7% vegna ársins 2012 og 13,3% höfðu ekki skilað framtali vegna ársins 2013. Þá höfðu 1.854 félög, eða 6,1%, sem voru á skrá ekki skilað skattframtali fyrir neitt sl. fimm ára, 620 félög höfðu skilað einu framtali á tímabilinu og 749 höfðu skilað tveimur.


Þá voru 9.025 félaganna með neikvætt eigið fé í árslok 2014 og þar af höfðu 5.955 félög aldrei á síðustu fimm árum átt eignir fyrir skuldum. 2.080 félög höfðu verið með neikvætt eigið fé í fjögur ár og 2.102 höfðu verið með neikvætt eigið fé í þrjú ár af síðustu fimm og þar af 608 samfelld sl. þrjú ár.

Þá voru 5.739 félög á skattgrunnskrá með neikvætt eigið fé, greiddu engin laun, voru ekki með neinar rekstrartekjur og tap af rekstri. Svona hafði verið ástatt um 2.334 þessara félaga sl. fimm ár og 570 sl. fjögur ár.

Fjöldi fyrirtækja sem skiluðu ýmist engu, einu, tveimur, þremur eða fjórum framtölum á árunum 2010 - 2014



Fjöldi fyrirtækja með neikvætt eigið fé, tap af rekstri, engar rekstrartekjur og engar launagreiðslur



# Áætlanir einstaklinga



**Karl Óskar Magnússon**  
tæknisvið

”

Fjárhæð áætlunar er þannig í langflestum tilfellum mjög nálægt raunverulegum tekjum viðkomandi á árinu, en til öryggis er ákveðnu álagi bætt við áætlunarfjárhæðina til að tryggja að áætlunin sé ekki of lág

Við hin árlegu skil einstaklinga á skattframtölum gerist það alltaf að einhverjir skila ekki inn skattframtali í tæka tíð fyrir álagningu. Í slíkum tilvikum þarf ríkisskattstjóri að útbúa áætlun á viðkomandi framteljanda og áætla honum þar með skattstofna til álagningar.

Á hverju ári er gerð svokölluð skattgrunnskrá yfir alla þá framteljendur sem taldir eru framtalsskyldir vegna næstliðins tekjuárs vegna tekna og/eða eigna þeirra. Að stofni til eru allir Íslendingar 16 ára og eldri sem búsettir eru á landinu í árslok í skránni, auk útlendinga sem haft hafa tekjur á landinu á árinu. Skattgrunnskráin tekur sífældum breytingum, þar sem verið er að bæta einstaklingum á skrána ef í ljós kemur að þeir hafa haft tekjur hér á landi, eða taka aðila af skránni sem ekki eiga þar heima. Við álagningu 2016 voru 277.606 einstaklingar á skattgrunnskránni en voru 271.858 við álagningu 2015. Við


fá allir á skattgrunnskránni álagningu, annað hvort skv. innsendu framtali eða áætlun ef framtal hefur ekki borist. Á álagningarseðli viðkomandi er tekið fram ef álagningin er byggð á áætlun. Auk áætlunar tekna og fjármagnstekna er eftir atvikum áætlaður stofn til tryggingagjalds á þá einstaklinga sem eru í rekstri og stofn til búnaðargjalds á bændur.

Við lok álagningarvinnslunnar hjá RSK eru skattstofnar áætlaðir á þá framteljendur sem ekki hafa skilað skattframtali. Við vinnslu þeirra eru notaðar ýmsar fyrirliggjandi upplýsingar sem til eru um viðkomandi framteljendur í kerfum RSK, t.d. um laun og aðrar tekjur skv. innkomnum launamiðum. Fjárhæð áætlunar er þannig í langflestum tilfellum mjög nálægt raunverulegum tekjum viðkomandi á árinu, en til öryggis er ákveðnu álagi bætt við áætlunarfjárhæðina til að tryggja að áætlunin sé ekki of lág. Flestir þeir sem fá áætlun skila skattframtalinu sínu svo inn þegar þeir uppgötva að áætlað hefur verið á þá. Þá er einfaldlega litið á innkomna skattframtalið sem kæru á álagninguna og skattbreyting framkvæmd þar sem lagt er á skv. innkomna framtalinu.

lok álagningarvinnslu einstaklinga, sem var í lok maí í ár, þurfa allir framteljendur á skattgrunnskrá annað hvort að hafa skilað inn skattframtali sem hægt er að leggja á eða að eiga áætlun. Þannig

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að framteljandi fær áætlun. Algengast er að skattframtal berist einfaldlega ekki frá viðkomandi, þá helst vegna gleymsku eða kæruleysis. Einnig getur verið að skatt-

## Hlutfall áætlana af skattgrunnskrá



framtali hafi verið skilað svo seint inn að ekki næst að fara yfir framtalið fyrir lok álagningarvinnslunnar hjá RSK og því er framtalið lagt til hliðar í bili og áætlað á viðkomandi. Einnig er til í dæminu að innkomið framtal sé háð einhverjum annmörkum, eða að fyrirspurn frá RSK um efnisatriði framtalsins hafi ekki verið svarað, og þá er áætlað á viðkomandi ef framtal hans er ekki talið tækt til álagningar.

Sú ánægjulega þróun hefur orðið undanfarin ár að fjöldi áætlana sem hlutfall af skattgrunnskrá hefur farið minnkandi, eins og sést á meðfylgjandi línuriti. Ástæðan er einkum sú að RSK hefur gripið til ýmissa ráðstafana til að auka framtalsskil og fækka þar með áætlunum. Má þar nefna að auglýsingar um að framtalsskil ársins standi yfir hafa verið auknar og eru slíkar auglýsingar áberandi í dagblöðum í marsmánuði. Jafnframt hefur verið minnt á framtalsskilin í útvarpsauglýsingum, skjáauglýsingum í sjónvarpi og í auglýsingaborðum á net síðum. Önnur leið sem farin hefur verið til að minna framteljendur á að skila skattframtali sínu í tæka tíð er að senda þeim tölvupóst. Í því skyni hefur verið lögð áhersla á að safna réttum tölvupóstföngum framteljenda í gegnum árin þegar þeir fara inn á rafrænt skattframtal sitt á síðunni skattur.is. Sendir eru allt að

þrjú tölvupóstar á viðkomandi ef framtal hans skilar sér ekki inn eftir því sem líður á álagningarvinnsluna. Að lokum má nefna að frá árinu 2009 hafa skattyfirvöld í einhverjum tilfellum skilað inn svokölluðu skattstjóraframtali fyrir valda framteljendur sem ekki hafa skilað sjálfir inn framtali sínu. Þar er um að ræða ákveðna hópa framteljenda, einkum aldraða, ungmenni og útlendinga sem starfað hafa tímabundið á landinu. Þetta eru þeir framteljendur sem líklegastir eru til að gleyma að skila inn framtali og þau framtöl þar sem talið er víst að engu þurfi frekar að bæta við þegar áritaðar upplýsingar og ekki þurfi því annað að gera en að fara inn á framtal viðkomandi og skila því inn. Framtal sem skilað er inn með þessum hætti hefur þó lagalega stöðu áætlunar og fram kemur í texta á álagningarseðli að framtalinu hafi í raun verið skilað inn af RSK. ■

# Bindandi álit

## Álit 01/16

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki sem hyggst gefa út hlutabréf í nýjum hlutaflokki, svonefndum B-flokki. Hluthafar í þeim flokki hafi eingöngu rétt til arðgreiðslna sem nema tilteknum hluta af hagnaði af starfsemi bankans. Álitsbeiðandi upplýsti að núverandi hlutafé verði í almennum A-flokki hlutabréfa sem hafi öll þau réttindi og skyldur sem almennt fylgi hlutareign í félagi.

Álitsbeiðandi upplýsti jafnframt að hlutabréfaútgáfan sé fyrirhuguð í þeim tilgangi að mæta væntanlegri sölu á hlutabréfum í hinum nýja hlutaflokki til núverandi og nýrra hluthafa í bankanum, þ.m.t. til starfsmanna hans.

Hin nýju hlutabréf myndu ekki njóta réttar til að greiða atkvæði á hluthafafundum í álitsbeiðanda, réttar til áskriftar að nýjum hlutum, forkaupsréttar, réttar til arðgreiðslna sem til kæmu vegna uppsafnaðs hagnaðar eldri ára eða ráðstöfunar frjálsra sjóða, réttar til úthlutunar við félagsslit umfram nafnverð eða lækun hlutafjár í A-flokki og að auki yrðu þeir að hlíta innlausnarrétti álitsbeiðanda á hlutum í B-flokki á nafnverði samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Allt þetta mun hafa áhrif á verðmæti hluta í B-flokki og af þeim sökum er ráðgert að selja B-hlutina á nafnverði.

Í tengslum við framangreinda fyrirhugun óskaði álitsbeiðandi eftir því að ríkisskattstjóri staðfesti:

- að álitsbeiðanda beri ekki að halda eftir skatti í staðgreiðslu og standa skil á í ríkissjóð vegna sölu á eignarhlutum í B-flokki á nafnverði til starfsmanna enda verði slík sala ekki talin til tekna í hendi starfsmanna samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt;

- að fara beri með arðgreiðslur af hlutafé í B-flokki til þeirra hluthafa í flokknum sem jafnframt kunna að vera starfsmenn sem hverjar aðrar tekjur af hlutareign samkvæmt 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 11. gr. sömu laga og beri því að halda eftir staðgreiðslu af þeim greiðslum í samræmi við ákvæði laga nr. 94/1996.

Í bindandi álitu ríkisskattstjóra er bent á að ekki væri gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri verðmeti eignir og veiti bindandi álit á grundvelli slíks verðmats og tók ríkisskattstjóri því ekki afstöðu til þess hvort raunvirði umræddra hlutabréfa gæti jafngilt nafnverði þeirra.

Ríkisskattstjóri vísaði til 9. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur ákveðin vísiregla um hvernig verðmeta skuli hlutabréf sem skipta um hendur þó svo að ekki sé um að ræða kaupréttarsamninga. Með vísan til ákvæðisins taldi ríkisskattstjóri ekki unnt að horfa framhjá því að við kaup starfsmanna álitsbeiðanda á hlutabréfum bæri að telja til tekna þann mismun sem reiknast á nafnverði og raunvirði þeirra B-hlutabréfa sem fyrirhugað væri að gefa út. Af tekjunum bæri svo að halda eftir staðgreiðslu í samræmi við lög nr. 45/1987.

Í álitinu kemur einnig fram að sé almennt regla að hluthafi teljist sá sem á hlut í hlutafélagi og að hluthafar njóti þeirrar verðhækkunar sem verði á eignarhlutum á eignarhaldstímanum. Ríkisskattstjóri komst að þeirri niðurstöðu að þegar horft væri til aðstæðna allra í málinu að útgáfa B-hlutabréfa og sala þeirra til tiltekinnar stafsmanna á nafnverði fæli í raun og veru í sér aðferð til að afhenda þeim árangurstengdar greiðslur.

Hvað síðara álitafnið varðar vísaði ríkisskattstjóri til þess að ekki væri hafið

yfir allan vafa í skattalegu tilliti að bréf í B-flokki þeim sem álitsbeiðandi hyggst koma á fót teljist til hlutabréfa eða hlutareignar í félagi. Af þeim sökum munu þeir fjármunir sem greiðast á grundvelli handhafa slíkra bréfa skattleggjast sem starfstengdar greiðslur sbr. 1. tölul A-lið 7. gr. tekjuskattslaga og sæta því staðgreiðslu skv. lögum nr. 45/1987.

## Álit 04/16

Álitsbeiðendur hyggjast stofna Evrópufélag (Societas Europaea eða SE) á grundvelli ákvæða reglugerðar Evrópuráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög. Fram kemur í álitsbeiðninni að reglugerðin hafi lagagildi hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 26/2004, um Evrópufélög. Í álitsbeiðni er svo fjallað um nefnda reglugerð og fram kemur að samkvæmt reglugerðinni sé unnt að setja Evrópufélag á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga. Álitsbeiðendur hafi í hyggju að fara þá leið, þ.e. breyta félagi sem stofnað hefur verið hér á landi í Evrópufélag og sé sú fyrirætlan byggð á 37. gr. reglugerðarinnar.

Vísað er til þess að samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar megi flytja skráða skrifstofu Evrópufélags til annars aðildarríkis. Slíkur flutningur skuli ekki hafa í för með sér slit Evrópufélags eða tilurð nýs lögaðila. Í kjölfar breytingar hlutafélagsins í Evrópufélag sé fyrirhugað að sækja um leyfi til flutnings á Evrópufélaginu til annars ríkis á EES-svæðinu. Upplýst er að gætt verði að öllum efnis- og formreglum tilvitnaðrar reglugerðar og laga nr. 26/2004, sem og annarra laga eftir því sem við á.

Í álitsbeiðni kemur fram að fyrirætlanir álitsbeiðenda séu gerðar í þeim tilgangi að auðvelda aðgang félagsins að hæfu starfs-

fólki og tryggja samkeppnisstöðu þess við ráðningar. Hlutfélagið standi ekki nægjanlega vel að vígi í alþjóðlegum samanburði og samkeppni um hylli öflugs starfsfólks. Torvelt hafi reynst að laða framúrskarandi starfsfólk til Íslands til að starfa fyrir félagið. Þá hafi gjaldeyrishöft haft áhrif á áform um flutning enda torveldi þau alla fjármögnun. Staðsetning í nálægð við viðskiptavini, samstarfsaðila og fleiri aðila sem máli skipta í daglegum rekstri fyrirtækisins skipti einnig máli í þessu sambandi.

Í tengslum við framangreinda fyrirhugun óskaði álitsbeiðandi eftir því að ríkisskattstjóri veiti bindandi álit á því;

- hvort breyting á starfandi hlutfélagi á Íslandi í Evrópufélag í samræmi við lög nr. 26/2004 hafi skattalegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið eða hluthafa þess,
- hvort flutningur á skráðri skrifstofu Evrópufélags hér á landi til annars aðildarríkis í samræmi við ákvæði laga nr. 26/2004 hafi í för með sér skattalegar afleiðingar fyrir félagið eða hluthafa þess.

Komist ríkisskattstjóri að því að fyrirætlanirnar hafi í för með sér skattalegar afleiðingar er óskað eftir bindandi áliti á því:

- hvort það muni hafa einhver áhrif á útreikning skattskyldra tekna ef eignir álitsbeiðanda verða eftir hér á landi sem hluti fastrar starfsstöðvar Evrópufélagsins hér á landi.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra er komist að þeirri niðurstöðu að umbreyting í Evrópufélag muni ekki hafa í för með sér skattalegar afleiðingar, hvorki fyrir félagið sjálft né hluthafa þess. Umbreyting í Evrópufélag sé sambærilegt því þegar hlutfélagi er breytt í einkahlutfélag eða öfugt.

Vegna flutnings á Evrópufélagi frá Íslandi kemst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að ákvæði 56. gr. a og 3.-9. gr. 51. gr. tekjuskattslaga myndu gilda um slíkan flutning bæði hvað varðar félagið og hluthafa. Samkvæmt íslenskum tekjuskattslögum eru Evrópufélög jafnsett hlutfélögum. Ákvæði tekjuskattslaga um flutning á hlutfélögum gilda því um Evrópufélög.

### Álit 05/16

Álitsbeiðandi er einkahlutfélag sem ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi sbr.

ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga. Álitsbeiðandi varð til á árinu 2012 við skiptingu A í tvö félög, annars vegar A hf. og hins vegar álitsbeiðanda. Skiptingin var liður í endurskipulagningu A hf. með það að markmiði að ná fram meiri skilvirkni og hagkvæmni í rekstri félagsins. Fram kemur í álitsbeiðni að eina eign álitsbeiðanda sé 100% hlutur í hollenska félaginu C B.V.

Þá er því lýst í álitsbeiðni að C B.V. hafi verið stofnað á árinu 2012 samhliða þeirri skiptingu sem áður var lýst. B.V. sé skammstöfun á heiti hollensks félagaforms sem svari til einkahlutfélagaformsins samkvæmt íslenskum lögum. Félagið hafi sætt skattlagningu í Hollandi samkvæmt almennum skattareglum þar í landi.

Álitsbeiðandi upplýsir að fyrirhugað sé að slíta nefndu hollensku dótturfélagi álitsbeiðanda og úthluta fjármunum til álitsbeiðanda eftir þeim reglum og lögum sem gilda í Hollandi. Af þeim sökum sé óskað eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra á því hvort:

- álitsbeiðanda sé heimilt á grundvelli 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga að færa til frádráttar í skattskilum sínum þá fjárhæð sem greidd verður vegna slita á erlendu dótturfélagi.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga taki til arðs sem úthlutað er samkvæmt XII. kafla laga um hlutfélög. Sú fjárhæð sem álitsbeiðandi móttækur vegna slita á dótturfélagi falli aftur á móti undir ákvæði XIII. kafla nefndra laga. Samkvæmt orðanna hljóðan nái frádráttarrétturinn ekki til greiðslunnar.

### Álit 06/16

Álitsbeiðendur eru samlagshlutfélag sem er ósjálfstæður skattaðili, dótturfélag samlagshlutfélagsins og tveir hluthafar samlagshlutfélagsins sem reknir eru í hlutfélagiformi, en meðal annarra hluthafa eru lífeyrissjóðir. Álitsbeiðendur upplýstu að fyrirhugað væri að lækka hlutfé í dótturfélagi samlagshlutfélagsins með greiðslu til hluthafa. Óskað var eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra á því hvort:

- dótturfélaginu væri heimilt að líta framhjá samlagshlutfélaginu í ljósi þess að það sé ósjálfstæður skattaðili og horfa beint á hluthafa þess félags vegna skyldu dótturfélagsins til að

halda eftir staðgreiðslu af arði sem myndast vegna lækkunar hlutfjár, • hluthafar samlagshlutfélagsins sem reknir eru sem hlutfélög geti fært til frádráttar á grundvelli 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga fjárhæð er nemur þeim hluta skattskylds arðs sem myndast við lækkun hlutfjár í dótturfélaginu.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að af umfjöllun í álitsbeiðni megi ráða að fyrra álitafnið lúti í raun og veru að því hvort dótturfélaginu sé heimilt að greiða út arð án þess að halda eftir staðgreiðslu í samræmi við lög nr. 94/1996 að því er varðar þann arð sem telja ber til tekna hjá þeim hluthöfum félagsins sem eru lífeyrissjóðir. Ríkisskattstjóri vísar í áliti sínu til 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996 þar sem fram kemur að ekki beri að halda eftir staðgreiðslu af vöxtum og arði sem lífeyrissjóðir eru móttakendur að. Í áliti ríkisskattstjóra kemur ennfremur fram að ákvæði laganna taki til allra þeirra sem fái vaxta- eða arðstekjur og að óumdeilt sé að samlagshlutfélagið sé réttur móttakandi þess arðs sem um ræðir þó svo að félagið sé ósjálfstæður skattaðili. Samlagshlutfélagið sé lögformlega stofnað og sé sjálfstæður lögaðili í skilningi félagaréttar og ber því skyldur og réttindi samkvæmt því. Þegar litið er til þess að staðgreiðslan beinist að móttakanda umræddra tekna þá gildi undanþágur frá afdrætti eingöngu um þá aðila sem beinlínis séu tilgreindir í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1996. Áréttað var í álitinu að staðgreiðsla sé bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu og endurgreiðd staðgreiðsla myndi falla til samlagshlutfélagsins sem rétthafa greiðslunnar og yrði á þann hátt til ráðstöfunar til hluthafa.

Hvað síðara álitafnið varðar þá vísaði ríkisskattstjóri til þess að frádráttur skv. 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga eigi eingöngu við um arð skv. XXII. kafla laga um hlutfélög og laga um einkahlutfélög. Ákvæði um lækkun hlutfjár eru í VII. kafla framangreindra laga. Þar sem ákvæði 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga hafi að geyma undantekningu frá meginreglunni um að greiða eigi skatt af öllum tekjum beri að líta til orðanna hljóðan við túlkun á ákvæðinu. Samkvæmt skýru orðalagi tekur ákvæðið til úthlutunar til hluthafa sem fram fer á grundvelli XII. kafla laga um hlutfélög og laga um einkahlutfélög en ekki til úthlutunar sem fram fer á grundvelli VII. kafla laganna.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 627/2015

## Ráðstöfun eigna - gagngjaldsskilyrði - tekjufærsla

Hæstiréttur Íslands sneri við dómi héraðsdóms frá 20. apríl 2015 og féllst þar með á kröfur áfrýjanda þess efnis að ógiltur yrði úrskurður ríkisskattstjóra frá 13. desember 2013 um endurákvörðun opinberra gjalda árið 2008.

Áfrýjendur kröfðust þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá 13. desember 2013 um endurákvörðun opinberra gjalda þeirra gjaldárið 2008 yrði felldur úr gildi og að stefnda yrði gert að greiða áfrýjandanum H 14.141.479 krónur og áfrýjandanum H 6.619.506 krónur með nánar tilgreindum vöxtum í báðum tilvikum.

eigu hluthafa L ehf. Samningurinn kvað á um að skipta félaginu út úr L ehf. og að inn í það myndu renna nánar tilgreindar fasteignir L ehf. Þann 30. júní 2007 var S ehf. stofnað og kom fram í stofnsamningi félagsins að hluthafar í L ehf. fengju við skiptingu þess hlutafé í S ehf. í samræmi við hlutafjäreign þeirra í hinu skipta félagi. Sama dag var haldinn hluthafafundur í L ehf. þar sem samþykkt var að skipta félaginu. Í kjölfarið framseldu hluthafar í S ehf. alla hluti félagsins til LV ehf. í samræmi við kaupsamninginn. Greiddu áfrýjendur Á og H fjármagnstekjuskatt af

svöruðu til greiðslna sem þau höfðu innt af hendi í samræmi við hann.

Í dómi Hæstaréttar var vikið að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og að því hefði ekki verið fullnægt, þar sem áfrýjendurnir Á og H hefðu þegar ráðstafað hlut sínum í S ehf. með kaupsamningi þann 28. apríl 2007 þegar skipting L ehf. átti sér stað. Sagði Hæstiréttur að slíkir samningar hefðu verið taldir fela í sér ráðstöfun eigna og réttinda frá því félagi sem skipt væri til kaupanda hins óstofnaða félags og skattyfirvöldum hefði því verið talið rétt að ákveða að kaupverðið skyldi fært til tekna félagsins sem skipt væri, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003. Í þessu máli reyndi hins vegar á skattalegu áhrifin gagnvart hluthöfum sem ráðstafað hefðu hlutum sínum í óstofnuðu félagi fyrir hlutinn í félaginu sem skipt væri. Við skiptingu L ehf. hefði hlutafé félagsins lækkað og það verið fært yfir í annað félag. Komst Hæstiréttur því að þeirri niðurstöðu að þótt Á og H hefðu ráðstafað hlutum sínum í S ehf. áður en skipting L ehf. fór formlega fram yrði greiðsla sem innt var af hendi vegna lækkunar hlutafjár við skiptinguna talinn arður, sbr. 2. málslíð 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, enda hefði hún farið fram lögum samkvæmt. Var talið að Á og H hefðu hagað skattskilum sínum í samræmi við það og krafa þeirra því tekin til greina.

”

Þótt Á og H hefðu ráðstafað hlutum sínum í S ehf. áður en skipting L ehf. fór formlega fram yrði greiðsla sem innt var af hendi vegna lækkunar hlutafjár við skiptinguna talinn arður

Í málinu var um það deilt hvort samningur sem áfrýjendur sem þá voru hluthafar í L ehf. gerðu ásamt föður H, sem er einn áfrýjanda, þann 28. apríl 2007 við LV ehf. um kaup síðarnefnda félagsins á öllum hlutum í óstofnuðu einkahlutafélagi í

söluhagnaði hlutabréfanna en með úrskurði ríkisskattstjóra voru skattstofnar þeirra endurákvörðaðir vegna gjaldársins 2008. Kröfðust Á og H þess að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi ásamt því að þeim yrðu endurgreiddar þær fjárhæðir sem

# HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 531/2015

## Samsköttun - slitameðferð

Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna hans um að fella úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra 24. maí 2011 um að synja stefnda og dótturfélögum hans um heimild til samsköttunar vegna gjaldársins 2011.

Í málinu var um það deilt hvort stefndi sem er félag í slitameðferð samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, uppfyllti skilyrði til samsköttunar skv. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með 8. gr. laga nr. 165/2010, sem tóku gildi 31. desember 2010, var nýjum málslið bætt við 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felldi niður samsköttun með félögum í slitameðferð. Með ákvörðun RSK 24. maí 2011 var umsókn stefnda um samsköttun með dótturfélögum hans hafnað með vísan til þess að fyrirtæki í slitameðferð gætu ekki notið samsköttunar sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003. Þannig var um það deilt hvort að lagabreytingin hefði falið í sér afturvirka skattlagningu fyrir gjaldárið 2011 sem bryti í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi byggði aðalkröfu sína á því að ákvörðun ríkisskattstjóra hafi verið byggð á rangri túlkun á 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og taldi hann að breytingin sem kveðið var á um í lögum nr. 165/2010 kæmi ekki í veg fyrir samsköttun stefnda með dótturfélögum sínum. Ágreiningur aðila lyti að þeim málslið sem skeytt hafði verið aftan við ákvæði 1. mgr. 55. gr. tsl. með fyrrgreindum lögum, þess efnis að samsköttun skuli falla niður með félagi sé það tekið til gjaldþrotameðferðar eða sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002.

Í niðurstöðu héraðsdóms sem síðar var staðfest í Hæstarétti kom fram að fjármálafyrirtæki í slitameðferð eigi svo margt sammerkt með þrotabúi sem væri undir gjaldþrotaskiptum að málefnalegt væri að láta sömu reglur gilda um þau sem girða fyrir möguleika þeirra til sam-

verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem réðu skattskyldu. Færi það eftir eðli skatts við hvaða tímamark skyldi miða þegar metið væri hvort skattalöggjöf væri í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 55. gr. tsl., en í því tilliti myndist stofn til tekjuskatts lögaðila eða manns,

”

Færi það eftir eðli skatts við hvaða tímamark skyldi miða þegar metið væri hvort skattalöggjöf væri í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 55. gr. tsl.

sköttunar með dótturfélögum. Þannig taldi héraðsdómur einsýnt að fjármálafyrirtæki sem sætti slitameðferð væri í mjög hliðstæðri aðstöðu og þrotabúi í skilningi laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Hvað varðaði þá málsástæðu stefnda að um afturvirka skattlagningu væri að ræða sagði Hæstiréttur jafnframt að í 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar væri kveðið á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Áskilnaðurinn fæli í sér að slík lög skyldu sett eftir almennum efnislegum mælikvarða og yrði þá ekki horft í því tilliti sérstaklega til einstaklingsbundinna aðstæðna tiltekins gjaldanda eða væntinga hans um réttarstöðu sína á grundvelli laganna. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar yrði enginn skattur lagður á nema heimild hafi

sem hafi á höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, samfellt frá upphafi árs til loka þess meðal annars með öflun tekna og tilurð frádráttarbærra gjalda. Breyting sú, sem hafi orðið á 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003 með lögum nr. 165/2010, hafi ekki tekið gildi fyrr en lokið var meginhluta þess tímabils sem stofn til tekjuskatts stefnda vegna ársins 2010 myndaðist og þar með meginhluta þeirra atvika sem réðu í þessu efni skattskyldu stefnda í skilningi 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár.

Með vísan til framangreindra athugasemda og forsendna héraðsdóms var héraðsdómur því staðfestur um að fella bæri úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra frá 24. maí 2011 um að synja stefnda og dótturfélögum hans um heimild til samsköttunar vegna gjaldársins 2011.

# Upplýsingatafla RSK 2016

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2016

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 336.032 kr. .... 37,13%
- Af næstu 500.955 kr. .... 38,35%
- Af fjárhæð umfram 836.990 kr. .... 46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 51.920 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 77.123\* kr. .... 37,13%
- Af næstu 114.973 kr. .... 38,35%
- Af launum umfram 192.096\*\* kr. .... 46,25%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $4.032.420/366 \times 7 = 77.123$  \*\*  $10.043.880/366 \times 7 = 192.096$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2016 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2016 ..... 1.678.001 kr.

## Persónuafsláttur 2016

- Einn mánuður ..... 51.920 kr.
- Hálfur mánuður ..... 25.960 kr.
- 14 dagar ..... 23.832 kr.
- Ein vika ..... 11.916 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 6,85%  
Frá 1. júlí 2016.
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Frádráttur vegna almenns aksturs

- 1.000 km, pr. km: ..... 110 kr.
- 1.001 - 2.000 km: ..... 108 kr.
- 2.001 - 3.000 km: ..... 106 kr.
- 3.001 - 4.000 km: ..... 93 kr.
- 4.001 - 5.000 km: ..... 91 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

## Virðisaukaskattur

- Almennt skattþrep ..... 24%
- Sérstakt skattþrep ..... 11%

## Barnabætur 2016

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júlí og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 199.839 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 237.949 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 332.950 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 341.541 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

## Vaxtabætur 2016

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánnum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2016

Gildir frá 1. 6. 2016

- Gisting og fæði í einn sólarhring ..... 36.400 kr.
- Gisting í einn sólarhring ..... 25.200 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 11.200 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.600 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54